

VALDI HESTAMENNSKU FRAM YFIR ÓPERUFERIL ▶ 12



SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

FÆÐA YFIR HUNDRAÐ MANNS Á DAG ▶ 22


568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

13. júlí 2013

163. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Jóhann Traustason** og **Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir** bjuggu um áraraðir á götunni og urðu þjóðþekkt í kjölfar mikillar fjölmiðlaumfjöllunar. Þau hafa loks náð tökum á lífinu en segja það ekki sjálfgefið og að mikil vinna sé fram undan. ▶ 16

## KRAFTAVERKAPARIÐ JÓI OG GUGGA

# EDRÚ Í 26 MÁNUÐI



## SYSTURNAR Í LANDSLIÐINU

Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur eru saman á EM í Svíþjóð. ▶ 24



## HÚKKARABALLIÐ

### UNDIR STJÓRN EGILS GILLZ

Egill Einarsson, Gillzenegger, verður með stuðlagaball á Þjóðhátíð í Eyjum. ▶ 6



**ÞINGKONA GÆSUÐ** Björt Ólafsdóttir var plötuð í útvarpsviðtal af vinkonum sem gæsuðu hana síðustu helgi. ▶ 42






LAGER-HREINSUN

Á SUMARVÖRUM

ALLT Á AÐ SELJAST

LAGERHREINSUN

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

STÓRÚTSALAN

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

NÝJAR VÖRUR • RÝMINGARSALA

byggtogbúið | Kringlunni



Útsölu brjálæði

Opið til kl. 18

Smáralind

**GRUNAÐIR UM ÞRJÁR ÁRÁSIR 4**
Stefán Sívarsson og fjórir aðrir menn sem nú sæta gæsluvarðhaldi eru grunaðir um þrjár hrottafengnar líkamsárásir á síðustu dögum og vikum. Stefáns er enn leitað.



**MALALA LÉT EKKI ÞAGGA NIÐUR Í SÉR 6**
„Þeir héldu að byssukúlan myndi þagga niður í okkur. En þeim tókst það ekki,“ sagði Malala Júsafsaí, sem ávarpaði æskulýðsþing Sameinuðu þjóðanna á sextán ára afmælisdegi sínum.

**ÁHEYRENDAHÓPURINN TVÖFALDAÐIST 8**
Eftir að Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti í Hörpu hefur áhorfendafjöldi hljómsveitarinnar tvöfaldast.

**YFIRGEFA SKATTASKJÓLIN 8**
Íslendingum sem yfirgefa erlend skattaskjól og gera hreint fyrir sínum dyrum hjá Ríkisskattstjóra fer fjölgandi. Sífellt erfiðara er að geyma fé erlendis.

## SKOÐUN 10



**LOTNINGIN FYRIR VÉFRÉTTINNI 10**
Þorsteinn Pálsson um forsetann og staðfestingu laga.

**ENGAR AFSAKANIR 10**
Það er skrítið að forsætisráðherra sé vandræðalegur yfir því að viðurkenna að fækka þurfi starfsfólki hjá ríkinu til að ná fram markmiðum um sparnað, segir í leiðara Ólafs Stephensen.

## HELGIN 12➔28

**HESTHÚS FREKAR EN ÓPERUHÚS 12**
Hlín Pétursdóttir Behrens yfirgaf óperuhúsin í Þýskalandi fyrir hesthúsin á Íslandi. Eiginmann hennar dreymir þó um að gera hana að fluguveiðimanni.

**NÝTT OG BETRA LÍF 16**
Jóhann Traustason og Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir hafa verið edrú í rúm tvö ár og líf þeirra tekið algjörum stakkaskiptum.

**ALLIR JAFNIR 22**
Kaffistofa Samhjálpar gerir ekki mannamun. Þar eru allir velkomnir enda koma þangað rúmlega hundrað manns á hverjum degi.



**PARADÍS Í SKÁLANESI 20-21**
Ólafur Pétursson hefur komið á fót fjölhliða ferða- og rannsóknarmiðstöð í Skálanesi við Seyðisfjörð.

**SAMRÝMDAR SYSTUR 44**
Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur leika báðar með íslenska kvennalandsliðinu á EM í Svíþjóð.

## MENNING 32➔44

**VERTU SÆLL OG BLESSAÐUR 34**
Hildur Sverrisdóttir veltir fyrir sér íslenskum kveðjum í bakþönkum dagsins og segir það sniðugt að fámenn þjóðin hafi búið til kerfi fyrir kveðjurnar.



**ALÞINGISKONA GÆSUÐ 42**
Þingkonan Björt Ólafsdóttir var gæsuð af vinkonum sínum um síðustu helgi. Björt segir daginn hafa verið yndislegan í faðmi bestu vinkvennanna.

## SPORT 36➔37

**ÁTJÁN ÁRA ALDURSMUNUR 36**
Katrín Jónsdóttir og Glódís Perla Viggósdóttir spiluðu saman í hjarta íslensku varnarinnar gegn Noregi á EM í Svíþjóð á fimmtudagskvöldið.



**SPILAÐ NÁNAST ALLAR STÖÐUR 37**
Dóra María Lárusdóttir á bara eftir að spila í stöðu miðvarðar og markvarðar í íslenska landsliðinu.




## FIMM Í FRÉTTUM BARÁTTUKONUR, FORSETI OG HANDTAKA



**Ingunn Wernersdóttir** rataði í fjölmiðla í vikunni þar sem bræður hennar voru ákærðir vegna 4,8 milljarða greiðslna til hennar úr fjárfestingarfélaginu Milestone.



**Þorvaldur Davíð Kristjánsson** gladdi landsmenn í vikunni þegar fréttir bárust þess efnis að hann hefði tryggt sér hlutverk í Hollywood-kvikmyndinni Dracula.



Mikið hefur mætt á **Snorra Magnússyni**, formanni Landssambands lögreglumanna, eftir að umdeild handtaka á Laugaveginum fór vítt og hratt um netheima. Ver hann sinn lögreglumann, sem frétti af brottvikningu sinni á fésbókinni.



**Þorleifur Gunnlaugsson**, varaborgarráðsfulltrúi Vinstri grænna, lét í sér heyra þegar sala á skuldabréfum Magma í Orkuveitu Reykjavíkur fór fram. Sagði hann óeðlilega mikla leynd yfir söluferlinu.



➔ **Katrín Ómarsdóttir**, leikmaður Liverpool og íslenska landsliðsins, hefur smitað landann af tilhlökkun sinni fyrir EM í Svíþjóð sem nú er hafið. Kvennalandsliðið hefur fyrir löngu hreiðrað um sig við hjartarætur landsmanna með góðum árangri og vaskri framgöngu.

# Björgun branduglu varð bjarnargreiði

**Krakkar í Vinnuskólanum rákust á brandugluunga sem virtist hafa týnt foreldrum sínum á Hólmsheiði í vikunni. Þau afhentu Húsdýragarðinum ungann. Dýrahirðir segir það oftast ekki æskilegt að taka unga frá foreldrum sínum í náttúrunni.**

**NÁTTÚRA** „Við fáum mörg símtöl á dag frá fólki sem hefur fundið unga eða treystir sér ekki til að taka ábyrgð á ungum. Ef við tækjum við þeim öllum, þá gerðum við ekki annað,“ segir Stella Kristjánsdóttir, dýrahirðir í Húsdýragarðinum.

„Þegar fólk hringir og segir okkur að það hafi fundið unga segjum við því oftast að láta þá bara í friði, vegna þess að oftast kemur móðirin að leita að unganum sínum þegar fólkið fer,“ útskýrir Stella.

„Dýrin verða hrædd við fólk og láta sig hverfa. Svo fara þau kannski aftur að leita að ungunum sínum þegar mannfólkið er farið. Það er þá leiðinlegt að búið sé að hirða ungann,“ bætir Stella við. „Náttúran sér alveg um sína,“ útskýrir hún.

Nokkrir krakkar úr Vinnuskólanum lögðu leið sína á Hólmsheiði þar sem þau höfðu verið við vinnu um nokkurt skeið. Þar rákust þau á brandugluhreiður. Krakkarnir höfðu séð uglupar með unga í hreiðri – en í fyrradag höfðu allir farið úr hreiðrinu nema þessi eini ófleygi ungi, sem virtist einn og yfirgefinn í hreiðrinu.

„Í dýraríkinu er það þannig að foreldrar yfirgefa oft afkvæmi sín ef eitthvað er að. Þegar dýrin eru að koma til okkar kemur oft í ljós hvað er að þeim,“ segir Stella jafnframt. „Yfirleitt er best að láta dýr vera í svona aðstæðum, leyfa náttúrunni að sjá um þau, nema unginn sé vængbrotinn eða eitthvað álíka. Þá þarf auðvitað að koma honum til aðstoðar,“ útskýrir Stella.

„Við munum að sjálfsögðu koma þessari uglu á legg, en hún þarf að læra að afla sér matar. Við getum ekki kennt henni það,“ bætir Stella við.

„En ég sagði þeim bara að koma með ungann og hann tekur allavega vel við mat hjá okkur og er alveg afskaplega hress,“ segir Stella.

Aðspurð segist Stella ekki sjá neitt að brandugluunganum enn sem komið er. „En við eigum eftir að sjá það betur,“ útskýrir Stella.
**- ósk**



**EINN OG YFIRGEFINN** Ef eitthvað er að ungum eru þeir oft skildir eftir af foreldrum sínum í náttúrunni og þurfa að gera tilraun til að bjarga sér sjálfir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Yfirleitt er best að láta dýr vera í svona aðstæðum. Leyfa náttúrunni að sjá um þau.**
> *Stella Kristjánsdóttir, dýrahirðir í Húsdýragarðinum.*

Snowden hefur óskað eftir hæli í Rússlandi þar til hann getur ferðast annað:

# Bar skylda til að brjóta landslög

**RÚSSLAND** „Siðleysi verður ekki siðlegt fyrir tilstilli leynilegra laga,“ sagði bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden í gær og vísaði í Nürnberg-yfirlýsinguna frá 1945: „Einstaklingum ber skylda til að brjóta landslög til að koma í veg fyrir að glæpir gegn friði og mannkyni séu framdir.“

Þetta sagði Snowden í yfirlýsingu á blaðamannafundi á flugvellinum í Moskvu, þar sem hann hitti fulltrúa mannréttindasamtaka. Þar sagðist hann hafa óskað eftir því við rússnesk stjórnvöld að þau veittu honum hæli í Rússlandi tímabundið þangað til hann gæti fengið hæli annars staðar og ferðast löglega á milli landa.

Hann sagðist ekki sjá eftir því að hafa ljóstrað upp um víðtækar njósnir Bandaríkjamanna, þótt það hefði orðið sér dýrkeypt: „Fyrir rétt rúmum mánuði átti ég fjölskyldu og heimili í paradís og bjó við mikil þægindi. Ég gat líka án dómsúrskurðar leitað að, lagt hald á og lesið samskipti ykkar.“ Hann situr nú fastur á flugvellinum í Moskvu, vegabréfalaus.

Sarah Harrison frá Wikileaks tók þátt í fundinum í Moskvu í gær og segir hún að sendiherra Bandaríkjanna í Rússlandi hafi haft samband við sig til að ítreka að Bandaríkin líti ekki á Snowden sem uppljóstrara, heldur lögbrjót.
**- gb**



**SNOWDEN Í MOSKVU** Sarah Harrison frá Wikileaks, Edward Snowden og ónefndur þýðandi. NORDICPHOTOS/AFP



# SUMAR ÚTSALA

## ALLT FYRIR PALLINN OG GARÐINN

GARÐHÚSGÖGN 30-40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRJÁPLÖNTUR 50%
MATJURTIR 50%
GARÐLEIKFÖNG 30%
GARÐVERKFÆRI 20-30%
REIÐHJÓL 30%
GARÐSTYTTUR 30-50%
GOSBRUNNAR 30-50%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70%
GRILL 10-25%
VIÐARVÖRN 20%
ÚTIMÁLNING 25% *
BÚSÁHÖLD 30-70%
SKJÓLVEGGIR 20%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

**20-70% AFSLÁTTUR**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## 07.07.2013 → 13.07.2013

**11,4°C** var meðalhitinn á Akureyri í júní, og hefur hann ekki verið svo hár í 60 ár.

**5 af 56** verslunum merktu allar efnavörur rétt þegar Umhverfisstofnun kannaði merkingarnar.

**2 ár** hefur fiskeldisfyrirtæki á Vestfjörðum þurft að bíða eftir svörum frá stjórnvöldum um 7 þúsund tonna stækkun.

**GUNNLAUGUR A. JÚLÍUSSON** hljóp 400 kílómetra án þess að sofa.



**476 þúsund** sauðkindur voru skráðar á Íslandi í fyrra.

**6.600** farþegar komu með skemmtiferðaskipum til höfuðborgarsvæðisins á þriðjudag.

**3 ár** er meðalmunur á aldri karla og kvenna við fyrsta barn.

**139** leiguíbúðir rísa nú á Hampiðjureitnum.

Gagnrýna lög um Hagstofu:

## Óþörf afskipti af friðhelgi

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd gagnrýnir breytingar á lögum um Hagstofu Íslands þar sem fyrirhuguð er víðtæk vinnsla persónuupplýsinga.

Stendur til að stofna opinberan gagnagrunn til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvandna fjölskyldna og einstaklinga.

Þykir stofnuninni þetta viðurhlutamikil afskipti af friðhelgi einkalífs sem séu órökstudd í frumvarpinu, sérstaklega þar sem ekki þykir vera nauðsyn til þess að grípa til aðgerðanna. Persónuvernd tekur fram að ef nauðsyn teljist til staðar sé þörf á endurbótum á frumvarpinu. - nej

Björgunarsveitir kallaðar út:

## Sokkin trilla reyndist bauja

**FÓLK** Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru kallaðar út í hádeginu í gær þar sem borist hafði tilkynning um að trilla maraði í hálfu kafi. Vegfarandi sem átti leið um Skötufjörðm hringdi í Neyðarlínuna. Sást aðeins í stefni og mastur bátsins samkvæmt hringjanda.

Björgunarbátar og skip voru strax send á staðinn ásamt nokkrum björgunarmönnum á landi. Engin trilla reyndist vera í firðinum en talið er líklegt að um kræklingabauju hafi verið að ræða. Vegfarandinn er þó sagður hafa brugðist hárrétt við. - nej

### LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar í blaðinu í gær er tekið fram að hjúkrunarheimilið Eir hefur fengið greiðslustöðvun en er ekki komið í þrot.



**HÚSIÐ Á STOKKSEYRI** Manninum var haldið í þessu húsi á Stokkseyri og hann pyntaður þar.





**ÚRSKURÐAÐIR Í VARÐHALD** Mennirnir tveir sem voru handteknir við Laugarvatn í fyrrakvöld voru úrskurðaðir í tólf daga gæsluvarðhald í gær.

# Grunaðir um minnst þrjár hrottafengnar líkamsárásir

Lögregla leitaði enn í gær að Stefáni Loga Sívarssyni, meintum höfuðpaur í hrottafengnu líkamsárásarmáli á Stokkseyri. Fjórir sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Hópurinn er grunaður um tvær árásir til viðbótar.

**LÖGREGLUMÁL** Stefán Logi Sívarsson og fjórir menn til viðbótar eru grunaðir um aðild að minnst þremur alvarlegum líkamsárásarmálum undanfarna daga og vikur. Fjórir sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins en Stefáns Loga var enn leitað í gær.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að lögregla hefði Stefán Loga grunaðan um að hafa, í félagi við aðra, svipt mann frelsi sínu í höfuðborginni fyrir nokkrum dögum og pyntað hann í borginni áður en ekið var með hann á Stokkseyri og honum misþyrmt í íbúðarhúsi þar.

Tveir menn voru handteknir fyrr í vikunni og úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna þess máls á miðvikudag; húsráðandinn á Stokkseyri og 21 árs margdæmdur ofbeldismaður.

Á fimmtudag gerði lögregla mikla leit á öllu Suðurlandi vegna málsins, setti upp vegartálma, leitaði í bílum og fékk aðstoð frá þyrlu Landhelgisgæslunnar. Sú leit leiddi til þess að tveir menn voru handteknir við Laugarvatn um kvöldið.

Tvímenningarnir eru 21 og 22 ára og hafa báðir hlotið refsidóma. Þeir voru leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjaness í gær, þar sem þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 24. júlí.

Meintur höfuðpaur í málinu, Stefán Logi Sívarsson, gekk hins vegar enn laus í gærkvöldi. Hann er margdæmdur ofbeldismaður og var nýverið sýknaður í Hæstarétti af ákæru um nauðgun.

Heimildir Fréttablaðsins herma að árásin á Stokkseyri sé ekki eina ofbeldisverkið sem mennirnir eru grunaðir um undanfarið, heldur séu minnst tvö önnur sambærileg mál, sem varða frelsissviptingu og líkamsárás, til rannsóknar. Stokkseyrarárásin hafi þó verið sérstaklega hrottafengin, þar hafi vopnum verið beitt og þolandinn verið mjög illa leikinn á eftir.

stigur@frettabladid.is



**STEFÁN LOGI SÍVARSSON**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Strekkingur með SA-ströndinni en annars hægari.




**Mánudagur**
Strekkingur með NA-ströndinni en annars hægari.

**KÓLNANDI** um norðanvert landið næstu daga og dregur úr sólskini þar á morgun en suðaustanlands verður hins vegar bjart með köflum. Ef norðanátt mánudagsins nær suður yfir heiðar gæti orðið bjart eða bjart með köflum sunnanlands þann dag.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Berlín | 24° | Friedrichshafen | 25° | Las Palmas | 28° | New York | 27° | París | 25° |
| Aþena | 33° | Billund | 25° | Gautaborg | 22° | London | 30° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 25° | Kaupmannahöfn | 22° | Mallorca | 32° | Ósló | 24° | Stokkhólmur | 23° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Til hamingju Hlemmur Square

Landsbankinn óskar Hostel LV 105 ehf. til hamingju með opnun á Hlemmi Square, nýju hóteli og hosteli við Hlemmtorg í Reykjavík. Hlemmur Square er vel útbúið hostel á tveimur hæðum, auk hótelhæðar, og var framkvæmdin fjármögnuð af bankanum. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**2645** fermetrar

**17** hótelherbergi

**20** starfsmenn

**264** rúm




**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Almannatryggingafrumvarp:

## Talið fela í sér brot á réttindum

**PERSÓNUVERND** Af hálfu Persónuverndar er lagst gegn ákveðnum ákvæðum frumvarps til breytinga á lögum um almannatryggingar. Í frumvarpinu er heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að afla upplýsinga bótaumsækjendur víkkuð út þannig að það verði ekki lengur háð samþykki þeirra. Persónuvernd segir þetta skerða sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga. Í þessari þróun geti falist alvarleg ógn við grunnréttinn til friðhelgi einkalífs. **- nej**

Malala Júsafsaí staðráðin í að láta hryðjuverkamenn ekki þagga niður í sér:

# Berst áfram fyrir menntun

**NEW YORK** „Þeir héldu að byssukúlan myndi þagga niður í okkur. En þeim tókst það ekki,“ sagði pakistanska stúlkan Malala Júsafsaí þegar hún ávarpaði æskulýðsþing Sameinuðu þjóðanna í gær, á sextán ára afmælisdegi sínum.

„Hryðjuverkamennirnir héldu að þeir myndu breyta markmiðum mínum og stöðva metnað minn. En ekkert breyttist í lífi mínu nema þetta: Veikleikinn, óttinn og bjargarleysið hvarf. Styrkur, hugrekki og kraftur fæddust.“

Malala var á leið heim úr skólanum í þorpi sínu í Swat-dalnum í Pakistan þann 9. október síðastliðinn þegar maður réðst inn í skólabílinn og skaut á hana og vinkonu hennar. Hún var nokkru síðar flutt á sjúkrahús í Bretlandi, þar sem hún býr enn ásamt fjölskyldu sinni og hefur náð heilsu.

Hún hafði vakið athygli heimsins á unga aldri fyrir dagbók sína á netinu og ötula baráttu gegn hryðjuverkamönnum talibanahreyfingarinnar, sem gert höfðu líf hennar og nágranna hennar óbærilegt.

Hún ætlar að berjast áfram fyrir menntun barna, einkum stúlkna, og hvetur þjóðir heims til að tryggja öllum börnum ókeypis skólagöngu.

Afmælisdagur hennar, 12. júlí, hefur verið lýstur alþjóðlegur Malöludagur. **- gb**



**ÁVARPAR ÆSKULÝÐSÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Malala Júsafsaí segist tala fyrir alla sem ekki geta látið rödd sína heyrast. NORDICPHOTOS/AFP



**LESTARSLYS Í FRAKKLANDI** Slysið varð í Bretigny-sur-Orge, skammt frá París. NORDICPHOTOS/AFP

Járnbrautarlest fór út af sporinu skammt frá París:

## Sex létu lífið og tugir eru særðir

**FRAKKLAND, AP Troðfull farþegalest fór út af sporinu og rakst á stöðvarbyggingu í Bretigny-sur-Orge, skammt frá París, í gær. Að minnsta kosti sex manns létu lífið og tugir særðust, þar af níu lífshættulega.**

**Þetta er mannskæðasta lestarslys sem orðið hefur í Frakklandi um árabil. Orsök slyssins er óljós. Tveir vagnanna, sá þriðji og sá fjórði í lestinni, fóru fyrst út af sporinu og drógu næstu vagna með sér út af teinunum.** **- gb**







**FENDT DIAMANT VIP 700 LUXUS** hjólhýsi árg. 2007, með fortjaldi og sólpalli, staðsett að Hellishólum í Fljótshlíð

- **HJÓLHÝSIÐ** er hlaðið aukabúnaði: 2 sjónvörp, 2 DVD, sér sturta 120X120, 2 vatnshitarar 2X14L, arinn leður og fl. –Hellulögn ca 30m2 er undir húsinu.

- **FORTJALDIÐ** er 3X7,5m og fylgir því nett polyrattan sófasett, 2 sófaborð, 2 gasofnar, 4 skápar undir allt sem þarf að nota og fl.

- **SÓLPALLURINN** er ca 100fm2 og fylgir útivaskur með vatnshitara þannig að það er bæði heitt og kalt vatn. Vatnshitarinn skilar 60L af 70 stiga heitu vatni per mín. sem nægir í heitan pott. Einnig fylgir geymsla fyrir verkfæri, geymsla fyrir útihúsgögn og fl.

Drauma aðstaða fyrir fólk sem vill njóta þess besta, þarna er einn vinsælasti og flottasti golfvöllur landsins, veitingahús með allri þjónustu og stutt í fallegustu perlur landsins.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 895-0967**




# Húkkaraballi breytt í Stuðlagaball Gillz

Egill Einarsson mun stýra árlegu Húkkaraballi fyrir Þjóðhátíð í Eyjum. Agli líst vel á að ballið verði haldið utandyra. Tímabært er talið að brjóta upp gamlar hefðir.

**VESTMANNEYJAR** Húkkaraballið svokallaða verður haldið með breyttu sniði í ár. Ballið verður í fyrsta skipti utandyra og þá sem Stuðlagaball Gillz.

Þetta staðfestir Egill Einarsson sjálfur í samtali við Fréttablaðið.

Egill hefur haldið álíka kvöld undanfarið á landsbyggðinni og fullt hefur verið út úr dyrum. Hann kallar sig MuscleBoy á sviði.

„MuscleBoy hefur einungis spilað á tveimur böllum. Að fá svona risaball eftir einungis tvö gigg er frábært enda er strax farið að tala um mann sem einn virtasta DJ landsins,“ segir Egill.

Einnig hefur verið tilkynnt að Húkkaraballið verði í fyrsta sinn haldið utandyra í ár. Ástæða þess að bregða á út af vananum og halda ballið úti er einföld segir Hörður Orri Grettisson. Tími sé kominn til þess að brjóta upp gamlar hefðir og óviðeigandi hafi þótt að hafa ballið á íþróttasvæðinu.

„Þetta hefur verið með sama sniði í mörg ár og okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Við ætlum því að reyna að vera úti ef veður leyfir,“ segir Hörður.

Sjálfur segist Egill spenntur að fá að spila utandyra. „Mér líst líka mjög vel á það hjá Þjóðhátíðarnefndinni að halda ballið úti núna. Það væri rosalegt að sjá „glowstickin“ í smá rigningu í takt við alvöru tónlist,“ segir Egill og tekur fram að það sé mikill heiður fyrir sig að fá að taka þátt í hátíðinni með þessum hætti.



MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**EGILL EINARSSON** Hlakkar til að spila sem MuscleBoy á Húkkaraballinu í Eyjum um verslunarmannahelgina.

„Ég fór á mínu fyrstu Þjóðhátíð tveggja ára og á mikið af frændfólki í Eyjum. Ég sagði við Tinnu Tomm frænku mína þegar ég var sex ára að ég myndi einhvern tíma spila á Þjóðhátíð. Hún grét úr hlátri, en hver hlær í dag?“ spyr Egill kíminn.

maria@frettabladid.is

> **Þetta hefur verið með sama sniði í mörg ár og okkur langaði að prófa eitthvað nýtt.**
>
> *Hörður Orri Grettisson í Þjóðhátíðarnefnd.*

Allir greiddu atkvæði með nýju deiliskipulagi nema fulltrúi Vinstri grænna:

# Sátt náðist um Landsímareitinn

**SKIPULAGSMÁL** Deiliskipulag á Landsímareitnum við Austurvöll var samþykkt í Skipulagsráði í gær. Allir greiddu atkvæði með því nema fulltrúi Vinstri grænna. Í meginatriðum felur breytingartillagan í sér að öll eldri húsin á reitnum fái að standa. Nýbyggingar eru byggðar í bilin á milli húsanna. Aðrar breytingar núverandi húsa miða að því að gera á þeim lítilsháttar breytingar.

Undanfarin ár hefur deiliskipulag Landsímareitsins, eða Kvosar, verið til endurskoðunar. Árin 2008 og 2009 voru auglýstar breytingar á deiliskipulagi reitsins vegna óska lóðarhafa um að nýta uppbyggingarheimildir samkvæmt gildandi deiliskipulagi og byggja hótel við Vallarstræti. Vegna fjölda athugasemda sem bárust, meðal annars vegna tónleikastaðarins Nasa, ákvað Skipulagsráð að efna til opinnar samkeppni um framtíðarsýn svæðisins. Deiliskipulagstillaga var unnin í framhaldi af niðurstöðu keppninnar, sem ASK arkítektar unnu.

Meðal þeirra sem hafa andmælt skipulaginu er Alþingi. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis, lýsti yfir harðri andstöðu við byggingu nýs hótels á reitnum. **- ósk**

**MÖGULEGT ÚTLIT** Fallið var frá því að rífa Vallarstræti 4 og er viðbótarbyggingarmagn á lóðinni minnkað í nýja deiliskipulaginu fyrir Landsímareitinn. MYND/REYKJAVÍKURBORG





# Framúrskarandi bankaþjónusta

EUROMONEY
2013
Awards for excellence

**Íslandsbanki valinn besti íslenski bankinn af hinu virta tímariti Euromoney.**

Hið virta fjármálatímarit Euromoney hefur valið Íslandsbanka besta bankann á Íslandi. Euromoney útnefnir árlega bestu bankana víða um heim og veitir þeim viðurkenninguna Awards for Excellence.

Við val sitt leit Euromoney til ýmissa þátta í rekstri íslensku bankanna, meðal annars arðsemi eigin fjár, vaxtar efnahagsreiknings, eiginfjárhlutfalla og frumkvæði í að auka fjölbreytni og dreifingu í fjármögnun.

**Íslandsbanki þakkar þennan frábæra árangur viðskiptavinum og starfsfólki sínu.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM58549

Veiði hafði verið heldur treg:

# Vertíðin glæðist fyrir austan

**SJÁVARÚTVEGUR Börkur NK kom til löndunar í Neskaupstað í gær með 680 tonn af makríl og síld. Veiði hafði verið heldur treg frá því að skipin sem landa í fiskiðjuver Síldarvinnslunnar hófu vertíðina en hefur verið að glæðast verulega síðustu daga.**

**Nú hefur rúmlega þrjú þúsund tonnum af makríl og síld verið landað til vinnslu í fiskiðjuverinu og mun framleiðslustarfsemin hafa gengið vel.** - ósk

Miklar breytingar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir flutningana í nýja tónlistarhúsið:

# Áheyrendahópurinn tvöfaldaðist í Hörpu

**MENNING** „Viðtökur og stuðningur áheyrenda hefur verið slíkur að hópurinn hefur nær tvöfaldast síðan við fluttum í Hörpu,“ segir Arna Kristín Einarsdóttir, nýráðin framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Nú fyrir skemmstu var dagskrá nýs starfsárs Sinfóníunnar kynnt.

„Ég hef afar sterka sýn á það hvernig hljómsveitir eigi að nota krafta sína til að gera sig gildandi og láta til sín taka í samfélaginu, eins og til dæmis með auknu vægi fræðsluverkefna af ýmsum toga. Tónlistin er svo sterkt afl. Hún setur fólk í samband við tilfinningar sínar,“ bætir Arna Kristín við. „Slíkt afl er hægt að nota mjög víða í samfélaginu til góðs. Mitt markmið er að hljómsveitin snerti strengi í hjörtum sem flestra,“ útskýrir Arna Kristín.

Ljóst er að Sinfóníuhljómsveitin byggir á breiðum grunni. Á næsta starfsári munu rússneskir meistarar á borð við Dimitri Kitajenko og Vladimir Ashkenazy stjórna hljómsveitinni auk þess sem hún tekur þátt í Airwaves-hátíðinni í annað sinn, svo eitthvað sé nefnt, þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. - ósk



**VILL SNERTA STRENGI Í HJÖRTUM SEM FLESTRA** Arna Kristín Einarsdóttir er nýráðinn framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Grænlenskur ráðherra:

# Danir ákveði ekki mataræði Grænlendinga

**GRÆNLAND** Danir eiga ekki að ákveða hvernig Grænlendingar lifa og borða, segir Karl Lyberth, sjávarútvegsráðherra Grænlands, í aðsendri grein í Politiken.

Lyberth segir að danska utanríkisráðuneytið hafi krafist þess að Grænlendingar leggi fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið nýja tillögu um hvalveiðikvóta sem sé undir ráðgjöf sjávarlíffræðinga um hversu mörg dýr megi veiða.

Ráðherrann bendir á að margir Evrópubúar lifi í samfélögum þar sem menn fari í stórmarkað og kaupi innpakkað kjöt af ræktuðum dýrum. Grænlendingar veiði sér hins vegar til matar. - ibs



**LÁGGJALDAFLUGFÉLAG** Stækkun Norwegian verður á kostnað annarra.

Norwegian stækkar áfram:

# Flugfélögum er spáð gjaldþroti

**NOREGUR** Framkvæmdastjóri lággjaldaflugfélagsins Norwegian, Bjørn Kos, trúir á áframhaldandi vöxt fyrirtækisins, sem er að verða tíunda stærsta flugfélagið í Evrópu. Stækkun fyrirtækisins verður hins vegar á kostnað annarra, að hans mati.

Hann telur að allir muni keppa við alla. Litlu flugfélögin muni hverfa. Í viðtali á fréttavef Dagens Næringsliv spáir Kos því að mörg flugfélög muni verða gjaldþrota finni þau ekki nýjar leiðir við reksturinn.

Að mati framkvæmdastjórans mun jafnvægi ekki nást fyrr en eftir tvö til þrjú ár. - ibs



**SKATTASKJÓL** Íslendingar hafa átt mikla fjármuni í Lúxemborg. Margir eigendur aflandsreikninga reyna nú að koma sínum málum á hreint gagnvart Ríkisskattstjóra. Eftir eðli mála fer hvort refsingum er beitt.

# Fleiri úr felum skattaskjóla

Erfiðara er að geyma eignir erlendis segir skrifstofustjóri hjá Ríkisskattstjóra. Upphæðir eru oft mjög háar. Fólk reynir að koma peningum í umferð án þess að bíða tjón af. Alþjóðleg samvinna í skattamálum fer vaxandi.

**SKATTUR** Íslendingum sem yfirgefa skattaskjólin og gera sjálfviljugir grein fyrir eignum sínum og fjármunum í útlöndum hefur fjölgað, að sögn Steinþórs Haraldssonar, skrifstofustjóra hjá Ríkisskattstjóra.

„Það er orðið erfiðara að geyma eignirnar erlendis þótt það opnist að vísu alltaf nýjar gáttir. Ég veit til þess að „sómakærir“ framteljendur, sem eru hreinlega í vandræðum með eignir sem hafa „lent“ á aflandsreikningum, hafi leitað til sérfræðinga um hvernig eigi að koma þessum peningum aftur í umferð án þess að bíða tjón af. Okkar hlutverk er að fylgjast með þessu og einnig þeim sem sjá að sér,“ greinir Steinþór frá.

Að sögn Steinþórs er ekki hægt að segja til um hversu margir hafi sjálfviljugir ákveðið að telja allt fram. „Við höfum ekki haldið kerfisbundið utan um fjöldann. Þessi mál geta auk þess verið mjög flókin,“ segir hann.

Ríkisskattstjóra er heimilt að bæta 25 prósenta álagi við endurútreikninga á vantöldum skattstofnum þegar menn koma úr felum. Upphæðirnar sem um er að ræða eru í mörgum tilvikum verulega háar, að því er Steinþór segir.

Steinþór getur þess að auðvitað sé það oftast að frumkvæði skattayfirvalda sem menn opna sínar bækur. „Þá er þetta meira á skattrannsóknarstigi og athugað hvernig menn hafa eignast fjármunina. Við tökum auðvitað skýringar gildar ef menn hafa greitt tekjuskatt annars staðar og ef inneign hefur myndast með eðlilegum hætti. Það fer eftir eðli máls hvort skattsektum eða almennum refsiúrræðum er beitt.“

Alþjóðleg samvinna í skattamálum til þess að koma í veg fyrir undanskot frá skatti fer vaxandi, að því er Steinþór bendir á: „Alþjóðlega samfélagið er farið að horfa öðruvísi á þetta en áður. Sú tilhneiging nær hingað til lands með einhverjum hætti.“

ibs@frettabladid.is



**Það er orðið erfiðara að geyma eignirnar erlendis þótt það opnist að vísu alltaf nýjar gáttir.**

*Steinþór Haraldsson skrifstofustjóri hjá Ríkisskattstjóra.*

RAFHJÓL.IS



Sumartilboð

Allur rafbúnaði á tilboð

Hjól með rafbúnaði

Verð frá kr. 184.990

www.rafhjol.is Sími: 588 4567

Hjól á myndinni kr. 214.990.

Ofurhlauparinn Anna fékk tvær vinkonur sínar með sér í styrktarför:

# Hlaupa til styrktar MS-félaginu

**LÍKNARMÁL** Ofurhlaupararnir Anna Sigríður Sigurjónsdóttir og vinkonur hennar, þær Christine Bucholz og María Jóhannesdóttir, hlaupa nú norður Kjöl og suður Sprengisand til styrktar MS félaginu.

Anna hefur verið með hugmyndina í kollinum síðastliðin tvö ár, þar sem sjúkdómurinn tengist henni persónulega. Greindist systir hennar með hann fyrir átján árum. Þetta segir Sólveig M. Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi hópsins, en hún fylgir þeim stöllum eftir á ferð þeirra. „Veðrið hefur ekki leikið við þær og því hefur ekki verið skemmtilegt að tjalda. En það hefur alls staðar verið tekið svakalega vel á móti okkur og við höfum fengið fría gistingu,“ segir hún glöð í bragði.

„Anna Sigríður vill að það náist inn fimm milljónir,“ segir Sólveig en segist ekki gera sér neina grein fyrir því hvað safnast hafi nú þegar.

„MS félagið hefur þá ósk að eyrnamerkja þennan sjóð sem safnast í að gefa fólki tækifæri til að ferðast.“

Stöllurnar hlaupa um fimm klukkustundir á dag án þess að nema staðar. „Þær rétt stoppa til að drekka vatn, varla hægt að kalla það stopp,“ segir Sólveig.





**HLAUPIÐ FYRIR MS** Anna Sigríður, Christine og María hlaupa í fimm klukkustundir á dag án þess að stoppa.

Söfnunarhlaupinu lýkur 15. júlí þegar þær hlaupa inn í hálendismiðstöðina Hrauneyjar. Verða þær þar um fjögurleytið. - nej

HERBALIFE

HÁLFUR JÁRNMAÐUR 2013



# VELKOMIN TIL LEIKS

HERBALIFE á Íslandi býður keppendur í HERBALIFE hálfum járnmanni velkomna til leiks á morgun, sunnudaginn 14. júlí. Með stuðningi sínum við keppnina undirstrikar HERBALIFE þátt sinn í uppbyggjandi næringu íþróttafólks. Hálfur járnmaður er mikil þolraun og HERBALIFE leggur sitt af mörkum til afrekanna með margvíslegum vítamínum, orkudrykkjum og bætiefnum sem grundvallast á yfir þrjátíu áralöngu vísinda- og þróunarstarfi.

## *Hálfur járnmaður snýst um*

- ***1.900 metra sund***
- ***90 kílómetra hjólreiðar***
- ***21.1 kílómetra hlaup***




Herbalife er stoltur bakhjarl Íslandsmótsins í þríþraut í Hafnarfirði, alþjóðlegur samstarfsaðili Cristiano Ronaldo, knattspyrnumanns í Real Madrid, í næringarmálum og leggur fjölmörgum öðrum íþróttaviðburðum og íþróttamönnum lið um allan heim.

Við þökkum þríþrautardeild Sundfélags Hafnarfjarðar ánægjulegt samstarf við undirbúning Íslandsmótsins í stærstu þríþrautarkeppni landsins og óskum keppendum góðs gengis.

Herbalife hefur á boðstólum fjölbreytt úrval af þyngdarstjórnunarvörum, bætiefnum og snyrtivörum sem ætlað er að auðvelda heilnæman og virkan lífsstíl. Vörur Herbalife eru einungis fáanlegar hjá sjálfstæðum dreifingaraðilum. Nánari upplýsingar á herbalife.is

HERBALIFE®

Sparnaður þýðir að ríkisstarfsmönnum fækkar:

# Þora þau?

Við sögðum frá því í fréttum okkar á Stöð 2 í fyrrakvöld að hinn svokallaði niðurskurðarhópur ríkisstjórnarinnar hefði umboð til að leggja til fækkun ríkisstarfsmanna, sem ná mætti fram með kerfisbreytingum á borð við sameiningar stofnana.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var einhverra hluta vegna hálfvandræðalegur yfir þessu; sagði að það „gæti verið“ og „mætti hugsa sér“ að ríkisstarfsmönnum fækkaði „til langs tíma“ en engar verulegar uppsagnir væru fyrirhugaðar.

Það er skrýtið, því að ef stjórnin ætlar að ná markmiðum sínum um sparnað í ríkisrekstrinum blasir við að það þarf að segja upp ríkisstarfsmönnum. Annars næst ekki árangur, vegna þess hvað launakostnaður er stór hluti af ríkisútgjöldunum.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Síðasta ríkisstjórn skaut mörgum erfiðum ákvörðunum á frest. Hún var til dæmis dugleg að sameina stofnanir, en hikaði við að nýta hagræðinguna sem þannig næst fram og fækka fólki. Sú stjórn greip fremur til þess ráðs að hækka skatta til að reyna að loka fjárlagagatinu.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar segjast í Fréttablaðinu í gær ekkert skilja í því hvernig stjórnin ætli að skera meira niður, hafandi kastað frá sér tekjum með skattalækkunum. Svarið er náttúrlega: Með því að taka ákvarðanir sem núverandi stjórnarandstaða þorði ekki að taka og fækka ríkisstarfsmönnum.

Formaður niðurskurðarnefndarinnar, Ásmundur Einar Daðason, var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili þegar hann sagði í þingræðu að Framsóknarflokkurinn myndi „leggja til við afgreiðslu fjárlaga tillögur sem fela það í sér að lúxus- og gæluverkefni verði lögð til hliðar og velferðin verði varin.“ Ásmundur Einar vildi ekki láta fækka fólki í heilbrigðiskerfinu, heldur beina sjónum að utanlandsferðum, kokkteilboðum, utanríkisþjónustunni og þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins.

Þetta er elzta og ódýrasta sort af lýðskrumi og húmbúkki, sem menn geta ekki lengur leyft sér þegar þeir bera einhverja ábyrgð. Það er áreiðanlega hægt að bjóða einhverjum upp á gos í staðinn fyrir hvítvín og þýða færri reglugerðir, en sparnaðurinn er smápeningar í samanburði við annan rekstur ríkisins. Stóru upphæðirnar liggja í velferðar- og menntakerfinu.

Niðurskurðarhópurinn hlýtur að horfa til hugmynda Samráðsvettvangs um aukna hagsæld þegar hann setur saman tillögur sínar. Þar eru margar raunhæfar tillögur um að auka framleiðni og ná fram sparnaði í ríkisrekstrinum.

Samráðsvettvangurinn vill til dæmis að fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu hætti að ráðast af því hvar stjórnmálamönnum datt einu sinni í hug að byggja spítala og taki þess í stað mið af fremur einfaldri forskrift um íbúafjölda og raunverulega þjónustuþörf á einstökum landsvæðum. Þorir niðurskurðarhópurinn að leggja slíkt til? Þorir heilbrigðisráðherrann, sem barmar sér undan fjárskorti og vill frekar láta skera niður í öðrum ráðuneytum, að beita sér fyrir slíkri breytingu? Jafnvel þótt allt verði vitlaust á Húsavík eða Norðfirði?

Samráðsvettvangurinn vill sameina skóla, setja reglur um lágmarksfjölda í bekkjum, stytta skólagönguna, fækka kennurum og borga þeim betri laun. Þorir nýja ríkisstjórnin að beita sér fyrir svo róttækum kerfisbreytingum og taka slaginn við sérhagsmuni starfsstétta og byggðarlaga?

Það á ekkert að vera að afsaka það markmið að fækka starfsmönnum ríkisins. Það á frekar að segja skýrt að ríkisstjórnin þori að standa við það og gera þær breytingar sem gera þarf.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

DRAUGASETRIÐ &
ÁLFA-, TRÖLLA- OG NORÐURLJÓSA-SAFNIÐ

Bryggjuhátíð 12-14. júlí 2013
Draugabarinn föstudag 12. júlí tónleikar með Bee on Ice kl. 23:00-03:00
Draugarbarinn laugardag 13. júlí Labbi og sonur spila kl. 23:00-03:00

Kaffiterían Art Hostel verður opin frá föstudegi til sunnudags frá kl. 10:00 - 20:00.
Draugasetrið opið:
föstudag og laugardag kl. 10:00-20:00
sunnudag kl. 10:00-18:00



ÁLFA OG TRÖLLA-SETRIÐ OPIÐ
12:30–18:00

Nánari uppl. S: 895-0020







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Lotningin fyrir véfréttinni

Engu var líkara en Alþingi breyttist í tilbeiðslumusteri þegar bollaleggingar hófust um hvort forseti lýðveldisins myndi staðfesta lög um breytingar á veiðigjöldum. Í lotningu beindu ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan, með gagnstæðum formerkjum, öllum bænum sínum til Bessastaða eins og véfréttin í Delfí sæti þar og réði örlögum manna með tvíræðu tali.

Herforingjar fornaldar leituðu gjarnan til Delfí til að fá æðri leiðsögn um hvort ráðast ætti til orrustu. Þegar véfréttin spáði að mikilmenni myndi leggja undir sig nýjar lendur tóku menn það til sín beggja megin víglínunnar. Þannig sóttu sumir gæfu sína til Delfí en aðrir niðurlægingu.



Eitt er að færa sögur grískrar fornmenningar frá einni kynslóð til annarrar; það er hollt þjóðmenningu allra landa. Hitt er auðmýkjandi þegar véfréttargoðsögnin er við upphaf tuttugustu og fyrstu aldar gerð að lykilatriði í stjórnskipun frjálsborinnar þjóðar með allnokkra lýðræðishefð.

Erfitt er að knýja þjóðhöfðingja til undirskriftar sem samviska hans býður ad láta vera. Við þessu var séð í lýðveldisstjórnarskránni. Í stað þess að þjóðhöfðinginn þyrfti við slíkar aðstæður að segja af sér fær þjóðin úrskurðarvald um samviskubitið milli hans og Alþingis.

Á liðnum áratug hefur þetta stjórnskipulega neyðarúrræði verið misnotað til að gera forsetann að miðpunkti pólitískra áhrifa. Í fornöld meitluðu menn nafla heimsins í stein í Delfí. Nú halda margir að hann sé á Bessastöðum.

## Ábyrgð stjórnmálaflokkanna

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands er þjóðkjörið Alþingi nafli þjóðfélagsvaldsins. Það fer með fullveldi þjóðarinnar í umboði hennar. Verkurinn er að Alþingi hefur tekið fullan þátt í að breyta neyðarákvæði í stjórnarskránni í goðsagnarlega véfréttarforsögn um að forsetinn hafi ráð löggjafarsamkomunnar í hendi sér.

Þegar alþingismenn leggjast á hnén og tilbiðja véfréttina í von um að hún boði þeim nokkuð gott er eins og þeir falli í ómegin og gleymi að þeir sjálfir eru þjóðkjörnir til að setja lögin. Forsetanum hefur tekist að spila á þá tækifærishugsun margra stjórnmálamanna sem enginn þekkir betur af langri reynslu en hann sjálfur.

Stjórnarandstaðan leggst alltaf á sveifina með þeim sem biðja forsetann um synjun. Núverandi stjórnarflokkar hafa á einum áratug lokið heilum hring, fyrst á móti en síðan með því að forsetinn beiti synjunarvaldinu; og byrja nú annan hring á móti. Samfylkingin og VG eru að byrja sinn annan hring með því að valdinu sé beitt eftir að hafa andmælt á síðasta kjörtímabili en áður verið með.

Háðung stjórnmálaflokkanna felst í því að ákvörðun forsetans í hverju falli ræðst alfarið af mati hans á hlutfalli styrkleika eða veikleika milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar. Nú stendur svo á að fyrrum ríkisstjórnarflokkar eru enn að sleikja sár sín eftir afgerandi kosningaósigur. Við svo búið er ný ríkisstjórn einfaldlega of sterk.

Þegar forsetinn synjar vogar hann litlu og treystir því að ríkisstjórnarflokkar hafi ekki nægan styrk eða sjálfsvirðingu til að mæta honum með þingrofi. Það er þó eina ábyrga afstaðan, sem þingmeirihluti á hverjum tíma getur sýnt.

## Nýtt súrefni

Vaxtaskuldbindingarnar samkvæmt síðustu Icesave-lögunum voru af svipaðri stærðargráðu og lækkun veiðigjaldanna á sex árum. Af þessu má ráða að Bessastaðavaldið lætur ekki það eðli löggjafar ráða samþykki eða synjun hvort þar er mælt fyrir um útgjöld eða tekjutap ríkissjóðs. Það eitt gildir hvort þeir eru líklegir til að geta lyft vegsemd valdsins sem eru á móti hverju sinni.

Forsetinn stóð með ríkisstjórninni nú. Hún fékk hins vegar aðvörun. Forsetinn boðar að hann kunni að draga taum stjórnarandstöðunnar við endurskoðun fiskveiðilaganna verði ríkisstjórnin að hans mati ekki nægjanlega sáttfús. Forsætisráðherra hefur þegar beygt sig undir þann boðskap.

Þetta útspil styrkir því stjórnarandstöðuna verulega þegar fram í sækir. Eftir boðskapnum þarf hún aftur á móti að efna til málþófs þegar þar að kemur til þess að véfréttin fái svigrúm til að glöggva sig á hver hafi undirtökin í almenningsálitinu. Ekkert menningarríki sem ber virðingu fyrir fullveldi sínu getur búið við véfréttarstjórnskipan af þessu tagi. Hverjir fara með löggjafarvaldið í raun og veru? Og það sem meira er: Hvar liggur ábyrgðin?

Það er tilgáta einhverra sérfræðinga að óræður boðskapur véfréttarinnar í Delfí hafi orsakast af óheilnæmu jarðgasi þar á svæðinu. Það finnst ekki á Bessastöðum. En þar er eigi að síður nauðsyn á nýju súrefni. Alþingi verður jafnframt að sýna ríkari ábyrgð og staðfestu. Síðan er þarft að endurskoða ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta efni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!




Stærð: 228 x 162 cm
H. 83 cm. Dökk- og ljósgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.

## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



STILLANLEG HEILSURÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 97.900 |
| 100x200 | 109.900 |
| 120x200 | 121.900 |
| 140x200 | 143.900 |
| 160x200 | 163.900 |
| 180x200 | 181.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

2JA SÆTA SÓFAR | 3JA SÆTA SÓFAR | SÓFASETT

SÓFA-VEISLAN 12 MÁNAÐA AFBORGANIR VAXTALAUST 3,5% lántökugjald

TUNGUSÓFAR | HORNSÓFAR | SVEFNSÓFAR | O.FL.

## BLOOM 2ja og 3ja sæta




Ljóst og dökkgrátt áklæði.
3ja sæta stærð: 205x80 H80 cm. 2ja sæta. Stærð 145x80 H80 cm.

## ATLANTA 2ja og 3ja sæta sófar




Ljóst og dökkgrátt áklæði.
2ja sæta stærð 170x86 cm. 3ja sæta stærð: 210x86 cm.

## FLORIDA hornsófi með tungu




Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Einnig til hornsófi með tungu XL.

## OSLO tungusófi




Aukahlutur á mynd: Höfuðpúði
fullt verð 12.900. Nú aðeins 9.900.

Stærð 230 x 150/85 cm.
Slitsterkt áklæði í 4 litum. Grátt, ljósgrátt, svart og beige. Tunga getur verið h/v.

Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800

DORMA
– býður góða nótt

DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI á Akureyri og í Reykjavík

OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: Lokað í júlímánuði



**Hildur Björk Yeoman fatahönnuður**

### Fjallganga og LungA

Ég er svo heppin að vera á Seyðisfirði í sumar og ætla að byrja daginn á að fara í fjallgöngu. Um kvöldið mun ég skella mér á Hótel Ölduna í hið margrómaða geitaostasalat. Á sunnudaginn byrjar LungA og þá eru tónleikar með Úlfi Hanssyni í Bláu kirkjunni sem ég hlakka mikið til að sjá.



**Pétur Valmundarson, útvarpsmaður á FM957**

### Fer norður í land

Ég ætla mér að leggja land undir fót og flýja norður í góða veðrið ef það verður enn þá þar. Það er góð byrjun á sumarfríinu.



**Jóna Kristín Hauksdóttir knattspyrnukona**

### Búðarölt og slökun

Á laugardaginn ætla ég að skella mér á búðarölt og um kvöldið fæ ég svo nokkrar skvísur í heimsókn. Á sunnudaginn ætla ég að slappa af og grilla með fjölskyldunni um kvöldið.



**Óttar Norðfjörð rithöfundur**

### Bíó með kærustunni

Á laugardaginn ætlum við kærastan mín á sýningu Söru Riel í Listasafni Íslands, Memento Mori, og á sunnudaginn stefnum við á að sjá World War Z sem ég geri miklar væntingar til.



**HESTAR OG SÖNGUR** Hlín Pétursdóttir segist hafa alist upp á hestbaki og það hafi þótt skrýtið þegar hún ákvað að leggja sönginn fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hestarnir drógu mig heim

**Hlín Pétursdóttir Behrens** ætlar að fagna Bastilludeginum með stofutónleikum á Gljúfrasteini á morgun. Hún hefur þó aldrei búið í Frakklandi en bjó lengi í Þýskalandi þar sem hún söng við ýmis óperuhús þar til heimþráin og þráin eftir hestunum dró hana heim.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Ef íslenskir söngvarar ætla sér að lifa af því að syngja er óhjákvæmilegt að vera með annan fótinn í útlöndum," segir Hlín Pétursdóttir Behrens sem starfaði sem óperusöngkona í Þýskalandi í tíu ár, en flutti heim 2004. „Ég fékk heimþrá, mér fannst ég vera stöðnuð og alltaf vera að gera það sama. Svo hittist þannig á að ég fékk vinnu við kennslu á Íslandi og hafði hugsað mér að vera heima í eitt ár. Það vatt upp á sig, ég fór að syngja meira hér heima og ég er ekkert á leiðinni að flytja til útlanda en það er alltaf gaman að fara út að syngja og ég mun syngja á tónleikum í Ósló í lok mánaðarins og í Þýskalandi í desember."

Ein aðalástæða þess að Hlín flutti heim var þó hvorki tengd söng né kennslu. Hún er mikil hestakona og segist hafa saknað hestanna mikið á árunum í Þýskalandi. „Ég er nánast alin upp á hestbaki. Móðir mín, Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, var einn fyrsti menntaði reiðkennarinn á Íslandi og fyrsta íslenska konan sem kom fram á Evrópumóti íslenska hestsins árið 1975. Og pabbi, Pétur Behrens, er einn af stofnendum Félags tamningamanna og Eiðfaxa. Það þótti meira að segja frekar skrítið til að byrja með að ég skyldi ætla að verða söngkona en ekki hestakona. Hestamennskan var eitt af því sem dró mig sterkast heim, enda er hestabakterían ekkert grín. Maður losnar aldrei við hana."

Eiginmaður Hlínar, Einar Jón Einarsson, deilir ekki hestadellunni en er hins vegar ástríðufullur stangveiðimaður og þau hjónin hafa gert með sér samkomulag. „Díllinn hjá okkur er sá að ef ég kem honum á hestbak sér hann mig fyrir sér úti í á að veiða. Ég fékk meira að segja flugustöngina í jólagjöf og er búin að rækta hinn fullkomna hest handa honum, sem er í tamningu núna. Þannig að það styttist í þetta hjá okkur."

Þú ætlar að syngja franska söngva annað kvöld í tilefni Bastilludagsins. Hefurðu verið mikið í Frakklandi? „Nei, þetta var nú eiginlega tilviljun. Ég fékk úthlutað þessum degi og það vildi svo skemmtilega til að ég hafði ætlað mér að syngja lög eftir frönsk tónskáld svo þetta passaði. Ég hef auðvitað oft verið í París og æfði þar um tíma með alþjóðlegum hópi, en ég hef aldrei búið í Frakklandi."

Undirleikari Hlínar á tónleikunum er Gerrit Schuil píanóleikari, en þau hafa starfað saman af og til árum saman. „Hann er einn af þessum flottu píanistum sem hafa sérhæft sig í að starfa með söngvurum og það eru fáir sem hafa jafnmikla reynslu og innsýn í ljóðatónlist," segir Hlín. „Auk frönsku tónlistarinnar munum við líka flytja lög við ljóð Halldórs Laxness. Þannig að fólk á von á góðu á Gljúfrasteini á morgun."



**Árbæjarsafn**

## Harmonikuhátíð

**Tónlist** Harmonikuhátíð Reykjavíkur verður haldin í Árbæjarsafni á morgun, sunnudag, og hefst klukkan 13. Þar koma fram margir af bestu harmonikuleikurum Íslands, bæði sem einstaklingar og í hópum. Nefna má Örvar Kristjánsson, Jónu Einarsdóttur og Ólaf Kristjánsson, auk þess sem Suðurnesjahópurinn, Léttsveit Harmonikufélags Reykjavíkur, Smárinn og Skæruliðarnir halda uppi fjöri.

Geisladiskar og nótnahefti með harmonikutónlist verða til sölu á staðnum.



**Sýning**

## Hið smáa, fagra og hulda

**Ljósmyndir** Páll Jökull Pétursson er með ljósmyndasýningu í Café Flóru í Laugardalnum. Myndir hans sýna hið smáa og fagra sem mörgum er hulið í plönturíkinu, enda hefur hann áralanga þjálfun í töku plöntumynda frá því hann gaf út blaðið Sumarhúsið og garðurinn.

Sýningin stendur til 11. ágúst og er opin daglega á opnunartíma Café Flóru, kl. 10 til 22.

## Í stofunni heima

Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Nóbelskáldsins Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í hálfa öld. Í stofuna streymdu gestir og þau Halldór og Auður stóðu þar sjálf fyrir tónleikahaldi og fleiri viðburðum.











ÁRNES
N1
HVOLSVÖLLUR
N1
FORSKOT
Þau fóru í leik.* Hann ákvað að telja alla hesta og hún allar kindurnar. Hún byrjaði mjög vel. Hann ákvað að vera ekkert að vekja hana.
*Fullt af spennandi leikjum í Vegabréfi N1
SELFOSS
N1
SELANAMMI
Pabbi heldur að það sé líklegra að selir borði súkkulaði* með fiskibragði.
*Öðrum stimpli í Vegabréf N1 fylgir súkkulaði með appelsínubragði
HVERAGERÐI
N1
VEGABRÉF N1
Leikurinn er kominn á fullt
Vegabréf N1 er viðburðarík skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Söfnum stimplum og leikum okkur í fríinu. Hverjum stimpli fylgir glaðningur en í lok sumars verða dregnir út fjölmargir veglegir vinningar. Þar ber hæst glæsilega utanlandsferð fyrir ferðaglaða fjölskyldu.
ÝKT FLOTTIR VINNINGAR
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL TENERIFE Í VIKU Í VETUR
Flug og gisting fyrir fjóra (2 fullorðnir og 2 börn) á 3ja stjörnu hóteli á Tenerife í vetur.
Verðmæti: 680.000 kr.
3X BROIL KING Porta Chef Pro ferðagasgrill
8X IPOD Shuffle
3X MUSE 9 ferða DVD spilari
2X APPLE TV
3X SONY MYNDAVÉL
20X PARTÍPLATTAR frá Subway
20X GJAFAKÖRFUR frá Kaffitár
20X GJAFABRÉF í Skemmtigarðinn
20X GJAFABRÉF frá Serrano
N1
VOGAR
N1
GRINDAVÍK
N1
N1
FÓTATAK
Að ganga um hraunið er svolítið eins og að borða snakk.*
*Blár eða gulur Doritos fylgir sjötta stimpli í Vegabréfið
Vegabréfið er hægt að nálgast á næstu þjónustustöð N1
VEGABRÉF
SUMAR 2013

**ÞÚ SPARAR 48.900 KR.**

STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA



Vnr. 0291817/75/77
Bjálkahús,
7,6 m², 28 mm.

**189.000kr.**

FULLT VERÐ: 237.900 kr.

**ÞÚ SPARAR 21.000 KR.**




Vnr. 50630082
Excel 200 gasgrill, tvöfaldur álbrennari 6,2 kW. Eldunarsvæði 49,5x35 cm. Neistakveikikerfi.

**24.990kr.**

FULLT VERÐ: 45.990 kr.

STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA



**ÞÚ SPARAR 24.000 KR.**

Vnr. 0291815/55/57
Bjálkahús,
4,6 m², 19 mm.

**125.900kr.**

FULLT VERÐ: 149.900 kr.

# ALLT Á AÐ SELJAST

LAGERHREINSUN

# LAG

**ÞÚ SPARAR 25.300 KR.**



Vnr. 0291548/0291549
JUNGLE GYM PALACE kastali.

**87.890kr.**

FULLT VERÐ: 113.190 kr.

**ÞÚ SPARAR 7.000 KR.**



Vnr. 41622110
Ál sólbekkur með höldum, svartur.

**14.990kr.**

FULLT VERÐ: 21.990 kr.

**ÞÚ SPARAR 3.000 KR.**



Vnr. 41622106
Sólbekkur, plast/ bast, svartur.

**5.990kr.** FULLT VERÐ: 8.990 kr.

**ÞÚ SPARAR 4.000 KR.**



Vnr. 41622149
Viðarstóll.

**9.990kr.**

FULLT VERÐ: 13.900 kr.

**ÞÚ SPARAR 2.000 KR.**



Vnr. 41622148
Viðarborð, 88x88x65 cm.

**17.990kr.**

FULLT VERÐ: 19.900 kr.

**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**



Vnr. 0291460
Blómaker úr gagnvarinni furu,
29x43x50 cm.

**3.990kr.** FULLT VERÐ: 4.990 kr.

**ÞÚ SPARAR 3.500 KR.**



Vnr. 0291464
Blómaker, gagnvarin fura,
34x70x80 cm.

**5.990kr.** FULLT VERÐ: 9.490 kr.

**ÞÚ SPARAR 400 KR.**




Vnr. 55097032
HAGA gróðurmold, 50 l.

**890kr.**

FULLT VERÐ: 1.290 kr.

**ÞÚ SPARAR 500 KR.**



Vnr. 55090020
Garðkraftur, 5 kg.

**1.190kr.**

FULLT VERÐ: 1.690 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 50657140
STERLING 2858 gasgrill, 2 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð og skápur. Eldunarsvæði 60x38 cm. Ryðfritt/ál. 11,4 kW.

**69.990 kr.**

FULLT VERÐ: 79.990 kr.

**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**



Vnr. 50657139
SUNWIND TEXAS 3000 gasgrill, 4 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir og þrýstijafnari. 10 kW.

**34.990 kr.**

FULLT VERÐ: 44.990 kr.

TAKMARKAÐ MAGN

**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

# ERHREINSUN
## Á SUMARVÖRUM

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

Vnr. 41621529
Markísa, 3,5x2,5 m, græn.

**24.990 kr.**

FULLT VERÐ: 34.990 kr.

TAKMARKAÐ MAGN



**ÞÚ SPARAR 13.000 KR.**

MEÐ HLIÐUM

Vnr. 42360686
Partítjald. 3x6 m,

**19.990 kr.**

FULLT VERÐ: 32.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 3.000 KR.**

Vnr. 53323110
Sláttuorf BC260, tvígengismótor, 22,5cc, 42 cm sláttubreidd.

**12.990 kr.**

FULLT VERÐ: 15.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 5.000 KR.**

TAKMARKAÐ MAGN

Vnr. 42363377
Trampólín. 3,6 m án öryggisnets.

**24.990 kr.**

FULLT VERÐ: 29.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

Vnr. 42378060
Garðsett, 2 stólar, sófi og borð með glerplötu.

**59.990 kr.**

FULLT VERÐ: 69.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 11.000 KR.**

Vnr. 41622140
Garðsett, 4 stólar, borð og sólhlíf.

**15.990 kr.**

FULLT VERÐ: 26.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 3.300 KR.**

Vnr. 41621501
Fellanlegt borð og 4 stólar.

**29.690 kr.**

FULLT VERÐ: 32.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 8.000 KR.**

Vnr. 41622137
Sólhlíf á fæti.

**8.990 kr.**

FULLT VERÐ: 16.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**

Vnr. 41622138
Sólhlíf 200x300 cm.
Ekki með fæti.

**4.990 kr.**

FULLT VERÐ: 5.990 kr.



**ÞÚ SPARAR 11.000 KR.**

Vnr. 49620055
LUXUS reiðhjól, 26", 21 gír, 3 litir.

**34.990 kr.**

FULLT VERÐ: 45.990 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa



**GUGGA OG JÓI** „Það fallegasta sem ég hef fengið að hugsa um í þessari edrúmennsku, fyrir utan Jóa minn, eru tvær litlar kisur sem við eigum heima. Þær eru svo kærleiksríkar,“ segir Gugga sem hér heldur á annarri kisunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Verk og trú gefa lífinu gildi

Jóhann Traustason og Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir, betur þekkt sem Jói og Gugga, voru á götunni í átta ár en sneru við blaðinu fyrir rúmum tveimur árum og fóru í meðferð. Nú lifa þau innihaldsríku lífi en hafa þurft fyrir því að hafa.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við Jói og Gugga hittumst snemma morguns í höfuðstöðvum Samhjálpar. Þar er búið að leggja á borð nýlagað kaffi og ilmandi vínarbrauð. Gugga er með kaffi frá Kaffitári í pappamáli. „Ég var sendur út í býtið eftir þessu, segir Jói brosandi og nikkar í átt að pappamálinu. „Já, mig langaði í svona spes kaffi,“ viðurkennir Gugga. „Hún er svo spes hún Gugga,“ útskýrir hann og hlýjan leynir sér ekki.

### Óendanlega þakklát

Jói og Gugga urðu þjóðþekkt þegar sjónvarpsþátturinn Kompás fylgdist með lífi þeirra í neyslu. Nú beinlínis geislar af þeim enda eru aðstæður þeirra gerbreyttar.

**Gugga:** „Mér finnst lífið mitt nú vera innihaldsríkt og gefandi. Það er of mikið að segja að það sé yndislegt en það er dýrmætt. Ég var búin að búa lengi á götunni og eftir meðferðina vissi ég ekkert hvert ég ætti að fara. En Samhjálp leiddi mig inn á áfangaheimili hjá sér og þar fékk ég vernd og næði til að taka á sjálfri mér og fá heimili í fyrsta skipti í átta ár. Fyrir það er ég óendanlega þakklát.“

**Jói:** „Það vildu allir skilja okkur í sundur. Svo endaði það þannig að ég fór á áfangaheimilið Brú og Gugga á Sporið og þannig vorum við bæði undir hatti Samhjálpar. Karlinn hann Villi Svan sem vinnur þar ákvað að treysta okkur og setja málin í okkar hendur. „Þið verðið bara að sanna ykkur,“ sagði hann. Það tók fjóra mánuði. Þá fengum við að búa saman og höfum nú íbúð með öllu og erum orðin dugleg að elda og sinna okkur. Þurfum ekkert að vera á leigumarkaðinum niðri í bæ, hafa samskipti við gömlu félagana eða grafa upp eitthvað gamalt, heldur fáum að eiga nýtt líf í friði. Það er mest um vert.“

*Ég vona að ég spilli ekki þeim friði með þessu viðtali.*

**Gugga:** „Nei, en við fengum leyfi hjá okkar ráðgjafa því við viljum gera allt rétt. Við höfum gert svo margt rangt. Í neyslunni pælir maður ekki mikið í því. Henni fylgir kvöl og böl. En það fallegasta sem ég hef fengið að hugsa um í þessari edrúmennsku, fyrir utan Jóa minn, eru tvær litlar kisur sem við eigum heima. Þær eru svo kærleiksríkar. Ég hef alltaf verið góð við dýr en hef aldrei getað gefið þeim mat og heimili fyrr.“

**Jói:** „Ég er ekki kisukarl en þessar taka á móti mér þegar ég kem heim.“

### Fólk trúði þessu ekki

*Hversu lengi eruð þið búin að vera edrú?*

**Jói:** „Hvaða mánaðardagur er? 10. júlí? Hjá mér eru það tvö ár, tveir mánuðir og tíu dagar.“

**Gugga:** Þann 18. þessa mánaðar verð ég tveggja ára og tveggja mánaða en það er ekkert komið að því. Ég tek bara einn dag í einu.“

*Hugsið þið stundum um lífið á götunni?*

**Jói:** „Nei. Að minnsta kosti alltaf minna og minna. Gamla lífið elti mann samt dálítið inn í edrúmennskuna. Fólk var ekki alveg að trúa þessu. En þegar maður er búinn að segja nei nokkrum sinnum þá fær maður að vera í friði. Nú fáum við að heyra að við séum góðar fyrirmyndir. En það var bara svolítið slæmt fyrst þegar fólk sagði: „Fyrst að þið getið þetta þá geta þetta allir.“ Maður var stimplaður aumingi. Það pirraði mig dálítið.“

**Gugga:** „Ég tók því líka svona öfugt. Fólk var að segja á fundum: Horfið þið bara á Guggu og Jóa. Þau gátu þetta. Þannig að ég fór að hætta að fara á fundi niðri í bæ. Ég hef alveg þurft að hafa mikið fyrir breytingunum og vinna að batanum á hverjum degi. En við eigum bara að taka einn dag í einu og alls ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni. Gærdagurinn er búinn, morgundagurinn er ekki kominn svo við höfum bara þann dag sem er. Ég var alltaf kvíðin og sá kvíði er ekki alveg farinn. En ég hef verið dugleg að vinna í sárunum mínum.“

**Jói:** „Já, hún er svaka dugleg. Duglegri en ég stundum. En það er allt í lagi. Hún má það alveg. Það er trúin sem bjargaði okkur í gegnum allt saman. Það að hafa aldrei tapað trúnni, að hafa farið með bænirnar í dýpstu neyslunni, trúandi því að einn daginn fengjum við að stíga upp úr þessu, þetta væri bara reynsla sem við þyrftum að eiga til að miðla af. Hann á efri hæðinni er með áætlun. Hann vill að við séum hér. Þetta er bara lífstíðarprógramm.“

**Gugga:** „Áður vöknuðum við snemma á morgnana til að redda okkur dópi, annars urðum við svo mikið veik. Þannig gekk dagurinn hjá okkur. Nú snýst hann um að gefa til baka, vera til staðar fyrir aðra og hjálpa fólki að stíga sín fyrstu skref út úr neyslu. Við förum reglulega upp í meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot og fáum að tala þar, hvort í sinn hálftímann.“

### Byrja á að fara á hnén

*Hvernig líður annars dagurinn hjá ykkur?*

**Jói:** „Ég reyni að vera aldrei kominn á fætur seinna en tíu. Byrja alltaf á að fara á hnén á morgnana og þakka fyrir að fá að vakna edrú og biðja Jesú að leiða mig gegnum daginn. Þegar okkur var sagt að við fengjum að búa hér spurðum við á móti hvort við mættum taka þátt í þeim störfum sem þarf að vinna innan Samhjálpar og því var vel tekið. Svo ég reyni að hjálpa eitthvað til, ná í matvörur á litla bílnum og skutla einhverju hingað og þangað. Það eru verk og trú sem gefa lífinu gildi.“

**Gugga:** „Ég er dugleg að fara á fundi og samkomur og mér finnst rosalega gott að vera hér kringum þetta Samhjálparhús. Hér erum við til dæmis á fundum á þriðjudögum. Það er heimadeildin okkar. Þar helli ég upp á kaffi, tek á móti nýju fólki og geng frá eftir fundinn. Mér finnst það gefandi. Svo finnst mér gaman að þrífa þetta hús og held ég standi mig bara þokkalega í því.“

**Jói:** „Ég hef aldrei séð mann koma valhoppandi út af klósetti með blóm í hendi nema hér og segja: „Hver er að þrífa klósettin? Það er svo gott að pissa hérna.“ En þetta gerðist um jólin.“

**Gugga:** „Já, þetta var jólastjarna sem hann kom með.“

**Jói:** „Allir sem starfa hér reynast okkur vel. Það skiptir mig miklu máli að fá að vera einn af … hér fæ ég það. Hér er ekki sagt: „Þú verður!“ heldur „geturðu Jói?“ „Ertu til?“ Ef ég sé tíma og möguleika þá er ég alltaf til. Hef svakalega gaman af að „vera til“. En ég má líka segja nei. Ég þarf ekki að segja já við öllu.“

**Gugga:** „Ég held að Villi Svan hafi kennt okkur að segja ekki já ef við viljum ekki gera hlutina.“

*Eigið þið sérstök áhugamál önnur en edrúmennskuna?*

**Jói:** „Stundum þyrfti ég að hafa 50 tíma í sólarhring ef ég ætti að geta sinnt áhugamálunum. En það tekur alveg X ár að hreinsast af drullunni. Nú er áhugamálið að verða bara heill. Ég hef mikinn áhuga á vélum og bílum og að teikna og hanna. Ég er Ísfirðingur og ólst upp á bílaverkstæði hjá pabba mínum heitnum. Það veganesti hefur alltaf blundað í mér. Ég er flinkur í höndunum og vona að ég eigi eftir fara í Tækniskólann þó ég sé að verða fimmtíu og fimm ára í desember.“

**Gugga:** „Ég er fjörutíu og eins. Áhugamálin mín í æsku voru íþróttir og hestamennska en núna snúast þau um fólk og að vera edrú og öðrum fyrirmynd.“

### Jesús getur gert allt

*Jói er frá Ísafirði, en þú Gugga?*

**Gugga:** „Ég er úr Vogahverfinu í Reykjavík þar sem ég var alin upp

**Nú fáum við að heyra að við séum góðar fyrirmyndir. En það var bara svolítið slæmt fyrst þegar fólk sagði: „Fyrst að þið getið þetta þá geta þetta allir.“ Maður var stimplaður aumingi. Það pirraði mig dálítið.**

hjá ömmu minni. Ég missti tengslin við hana um tíma en hún er komin inn í líf mitt aftur og það er yndislegt. Við spjöllum stundum saman í síma í klukkutíma, einn og hálfan. Okkur Jóa þykir báðum æðislega vænt um hana.“

**Jói:** „Já, hún er sérstök kona.“

**Gugga:** „Það er ekkert auðvelt að koma úr þessum dópheimi og það verður ekkert allt frábært strax. Ég er samt oftast glöð og aldrei í fýlu. En ég er búin að vera mikið líkamlega veik síðan ég varð edrú, þannig að ég er oft þreytt en geri samt það sem ég þarf að gera. Einn vinur minn vill ekki vera edrú því þá finnur hann svo til. En maður getur það alveg ef maður þráir að vera edrú. Það er magnað. Hann þarna uppi gefur manni kraftinn.“

**Jói:** „Við eigum okkar góðu og slæmu daga. Ég er líka búinn að ganga í gegnum magasár og gallsteina og um daginn átti ég að vera kominn með hvítblæðiskrabbamein.“

**Gugga:** „Jói var mikið veikur og læknarnir voru mjög áhyggjufullir á tímabili. Blóðið hans var allt í ólagi og beinin.“

**Jói:** „Þetta lýsti sér eins og um hvítblæði væri að ræða en svo var tekinn beinmergur og þá bara fannst ekki neitt. Ég varð var við þegar þetta kom inn í líkamann og svo fann ég það fara út, það var á bænastund inni í herbergi.“

**Gugga:** „Já, Jesús getur gert allt. Ég trúi rosalega sterkt á hann. Held hann hafi þetta allt saman í hendi sér.“

next

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 40-60% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

| OPIÐ | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ

AÐEINS **24.314** KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**OREGON**
TUNGU-HORNSÓFI

# 279.990

FULLT VERÐ: 379.990

**25% AFSLÁTTUR**



**OREGON** Hornsófi með tungu
B 310 D 240 H 88 cm.(hægt að fá með tungu hægra og vinstra megin)
Litur: svart slitsterkt áklæði. Krómlappir.



**MERIDEN**
Hornsófi með tungu
Stærð: 345 x 262
H. 85 cm. Litur
dökk- og ljósgrátt.
Hægri eða vinsti
tunga, slitsterkt
áklæði.

AÐEINS **26.039** KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**MERIDEN**
HORNSÓFI MEÐ TUNGU

# 299.990

FULLT VERÐ: 399.990

**25% AFSLÁTTUR**

# LOKAHEL
# SUMARU

## REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK |

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ALLRI SMÁVÖRU UM HELGINA







HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 OG

BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA

20% AFSLÁTTUR



AÐEINS 3.614 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**IBIZA** BORÐSTOFUBORÐ

**39.990**

FULLT VERÐ: 49.990

**IBIZA** borðstofuborð
Stærð: 110 þvermál.Hæð: 74.5
Til í mögum litum á borðplötu.

**CUBE** BORÐSTOFU-STÓLAR SVARTIR

**13.990**

FULLT VERÐ: 17.990

# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

# LGIN ÚTSALA

## AKUREYRI | REYKJAVÍK |

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR

## GÓÐUR AFSLÁTTUR

Af hæginda-, bar- og eldhússtólum

25% AFSLÁTTUR

AÐEINS 2.752 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**SYLAN** – ELDHÚSBORÐ

**29 .990**

FULLT VERÐ: 39.990



**SYLAN** eldhúsborð.
Svart hert gler í borðplötu.
Stærð: 160 x 90 x H: 75 cm.

25% AFSLÁTTUR



**14.990**

VERÐ: 19.990

**HOT** barstóll,
krómlappir.
Litir: svart og hvítt.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

Allar vöru- og verðupplýsingar birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100



# Sjálfstæði, friður og fegurð í Skálanesi

Skálanes við Seyðisfjörð er sannkölluð paradís á jörðu. Þar hafa Ólafur Pétursson og fjölskylda hans komið á fót blómlegu búi, rannsóknarmiðstöð og ferðaþjónustu í ægifagurri austfirskri náttúru.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Við erum hérna með fjölbreytta starfsemi þar sem við samhæfum sjálfstæða friðlýsingu, rannsóknarsamstarf við háskólastofnanir, bústörf og ferðaþjónustu," útskýrir Ólafur Pétursson, húsbóndi í Skálanesi. „Þetta fór hægt af stað en hefur verið í stöðugri þróun í átta ár. Sprakk svo út í sumar og nú eru hér 33 háskólanemar og fjórir kennarar við ýmiss konar rannsóknir og störf. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega. Það er dásamlegt að vera nálægt svona mörgu frjóu fólki sem er á skemmtilegu skeiði í lífinu."

Háskólanemarnir rannsaka ýmis viðfangsefni, allt frá hamingju Seyðfirðinga til erfðaefnis í jarðvegi, auk þess að hjálpa til við að sinna æðarvarpinu, ræktun alls kyns plantna og svínafóðrun, svo eitthvað sé nefnt.

Ólafur hefur líka komið á fót ferðaþjónustu; hefur gistiaðstöðu fyrir sextán manns auk matsölu og kaffihúss. Hann segir alla velkomna og óttast ekki að ferðamannastraumurinn raski jafnvæginu í Skálanesi. „Það er auðvitað ekki ótakmarkað pláss inni í húsinu en þegar hægt er að dreifa fólkinu á 1.200 hektara verður þetta lítið mál."



**RÓSEMD** Ólafur tekur sér tíma til að kubba með syni sínum.

Landsvirkjun

# Bíltúr að Búrfelli

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Svo gæti farið að vindmyllur starfi samhliða vatnsaflsvirkjunum og vinni orku úr endurnýjanlegustu orkugjöfum sem völ er á; fallandi vatni og hressandi strekkingi.

**Starfsfólk Landsvirkjunar tekur á móti gestum við vindmyllurnar kl. 13–17 alla laugardaga í júlí.**

**Búrfell**
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu.
Opið alla daga í allt sumar frá kl. 10–17.

Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálfa klukkustund.
*www.landsvirkjun.is/heimsoknir*




3 m/s – raforkuframleiðsla hefst
15 m/s










Kjöraðstæður til raforkuvinnslu
28 m/s
34 m/s – raforkuframleiðsla stöðvast

# Öllum gert jafnhátt undir höfði

Á **Kaffistofu Samhjálpar**, fyrir utangarðsfólk og aðstöðulausa, koma um hundrað manns á dag til að næra sig. Flestir skrá nafn sitt en hagir þeirra eru látnir liggja milli hluta. Vilhjálmur Svan segir tilgang kaffistofunnar einn; að gefa fólki að borða.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is



Það er nætursaltaður fiskur með kartöflum, hamsatólg og tómötum á borðum í kaffistofu Samhjálpar daginn sem lít þangað í heimsókn til að hitta Vilhjálm Svan sem heldur utan um starfsemina. Setið er við um helming borðanna í salnum en gestum fækkar eftir því sem lengra líður á daginn, enda er klukkan að ganga þrjú. Nokkrir bætast þó enn við og raða á diskana sína í eldhúslúgunni þar sem fiskurinn og kartöflurnar eru á hitabökkum.

„Þetta er eins og hvert annað veitingahús nema hvað fólk borgar ekki. Er það ekki bara kærleikurinn í öllu sínu veldi?“ segir Vilhjálmur brosandi þegar við erum sest við eitt borðið. Hann er með gestabókina og slær tölu á nöfnin sem komin eru á blað þennan daginn. „Það virðast nítíu hafa verið í mat en það skrifa aldrei allir svo það má alveg reikna með að hátt á annað hundrað manns hafi komið hingað í dag. Hér er opnað klukkan tíu á morgnana og þá er hlaðið borð af morgunmat sem stendur fólki til boða fram eftir degi. Svo er alltaf opið til fjögur og við lokum ekki fyrr en síðasti maður er farinn.“

### Engar njósnir stundaðar

Engin kona er sjáanleg í kaffistofunni meðal gesta eða starfsmanna. Vilhjálmur segir karlmenn alltaf í miklum meirihluta „Konur koma hingað líka til að snæða, kannski svona 10 til 15 yfir daginn,“ segir hann.

*En eru gestirnir allir á vergangi í þessari borg?* „Við greinum ekki þá sem koma. Það er hluti fegurðarinnar í starfinu. Hingað kemur mislitur hópur af fólki en það er öllum gert jafnhátt undir höfði og ekkert verið að skoða ástæður þess að þeir koma hingað. Engar kennitölur skráðar og engar njósnir stundaðar um hvers lenskir menn eru eða hvort þeir hafi vinnu. Það er sama hvar maður er og hvaðan maður er kominn. Ef maður er svangur í Kína þá þarf maður að borða og það getur verið snúið ef maður er blankur.“

Vilhjálmur segir marga skjólstæðinga kaffistofunnar að koma út úr þungri og erfiðri neyslu og suma eiga við einhvern geðrænan vanda að stríða. „Aðrir eru bara fátækir. Það er viss hópur sem hefur það ekki í sér að geta bjargað sér,“ segir hann og bætir við: „Tilgangurinn er bara einn með kaffistofunni, hann er að gefa fólki að borða og sú þörf virðist vera að aukast.“

### Víða haukar í hornum

Spurður hvernig farið sé að því að fæða svona marga þegar enginn borgar neitt, svarar Vilhjálmur.

„Við erum í stöðugri vinnu við að afla fjár til að halda Samhjálp úti þó hið opinbera leggi okkur til fé, líka Reykjavíkurborg og vissir styrktaraðilar. Það dugar engan veginn til. Við byggjum okkar fjáröflun á happdrætti, gefum út blað þrisvar á ári og seljum merki til styrktar starfinu. Til eru þeir sem hlaupa í okkar þágu í Reykjavíkurmaraþoni og nú er ungur maður, Guðni Páll Viktorsson, að róa einn kringum landið og safna áheitum fyrir kaffistofuna. Það er magnað framtak og ekkert smá afrek eins og straumarnir eru hér við land. Til að fylgjast með honum og styrkja góðan málstað er farið inn á aroundiceland.wordpress.com.

Svo er það örlæti birgja sem kaffistofan byggist mikið á og heldur henni bókstaflega á floti. Þeir sem eru með stóran veitingarekstur gefa okkur stundum það sem eftir stendur. Það koma hingað flottustu hlaðborð og þá er mikil gleði. Við eigum víða hauk í horni. Það er ekki hægt að benda á einn frekar en annan, það eru svo margir sem sýna okkur velvilja, sem betur fer.“

### Nesta þá sem þurfa

Úti í horni er tölva á borði og gestirnir nýta sér hana. Vilhjálmur segir fólki einnig leyft að hringja þurfi það á einhverjum stuðningi að halda. Þegar upp komi vandamál hjá fólki sé því sinnt.

Kaffistofan er með tvo menn á launum, annar þeirra er Bjarni Geir Alfreðsson kokkur, sem margir kannast við af BSÍ. Svo eru menn að aðstoða í eldhúsinu, þurrka af borðum og stólum eftir því sem fækkar í salnum. Þegar líður að lokun þennan daginn þrífa þeir gólfið. Vilhjálmur segir þessa menn ýmist sjálfboðaliða eða samfélagsþjóna. „Það er minna um sjálfboðaliða en var og kannski eru margar ástæður fyrir því,“ segir hann. „En samfélagsþjónustan hefur færst þangað sem verið er að hjálpa fólki og það er af hinu góða. Aðhaldið er mjög gott hjá Vernd og Fangelsismálastofnun, þær gera kröfur. Þeir sem eru í samfélagsþjónustunni vilja líka búa við kröfur og skilyrði. Hafa hlutina á hreinu.“

Kaffistofa Samhjálpar er opnuð klukkan tíu á virkum dögum og klukkan ellefu alla helgi- og hátíðisdaga ársins. „Við erum með mat í samræmi við dagatalið, jólamat á jólum og helgarmat um helgar,“ segir Vilhjálmur. „Við erum með þennan einfalda fókus að gefa fólki að borða hér og nesta þá sem þurfa.“

Kaffistofa Samhjálpar fékk aðal Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2013.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

## Tölur úr starfinu

Árið 2011 voru heimsóknir í kaffistofuna um 42.000.

Allt að 200 manns mæta hverju sinni á samkomur Samhjálpar í félagsmiðstöðinni í Stangarhyl á fimmtudagskvöldum.

Legudagar í Hlaðgerðarkoti eru á bilinu 10 til 11 þúsund á ári.




**Í BAKHÚSI** Kaffistofan lætur lítið yfir sér að utanverðu en þar inni seðja margir hungur sitt.

## Mamma á það skilið

Einn þeirra sem er í samfélagsþjónustu á kaffistofu Samhjálpar er Guðlaugur Valsson. Hann gerir gott úr starfinu og andrúmsloftinu þar. „Ég fékk oft að borða hér þegar ég var í ruglinu og leist ekkert of vel á að byrja að vinna hér þegar ég fór í samfélagsþjónustuna. En ég er ánægður með það núna því það er mjög gott að vera hér,“ segir hann og bætir við: „Það er líka svo gott að geta gefið til baka og hún mamma á það skilið að ég standi mig.“



**Á KAFFISTOFUNNI** Bjarni Geir Alfreðsson kokkur og Vilhjálmur Svan. Á milli þeirra er Guðlaugur Valsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SAGA SAMHJÁLPAR Í STÓRUM DRÁTTUM

1970 · 1975 · 1980 · 1985 · 1990 · 1995 · 2000 · 2005 · 2010

- Samhjálp var stofnuð í Fíladelfíu. Því er fjörutíu ára afmælisár hennar núna. Markmið hennar er að veita bjargir til þeirra sem hafa farið halloka í lífinu vegna sjúkdóma, fátæktar eða annarra samfélagslegra vandamála.
- Meðferðarheimili var opnað að Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal. Þar eru nú rúm fyrir 34 einstaklinga.
- Kaffistofa Samhjálpar var opnuð á Hverfisgötu 42.
- Félagsmiðstöðin Þríbúðir var opnuð á Hverfisgötu 42.
- Fyrsta áfangaheimili Samhjálpar var opnað að Hverfisgötu 42. Þar voru 15 rúm.
- Samhjálp tók við rekstri Gistiskýlis, fyrir heimilislausa Reykvíkinga, að Þingholtsstræti 25, af Reykjavíkurborg og rekur það nú í samvinnu við hana.
- Helgaropnun Kaffistofu Samhjálpar bættist við fyrri þjónustu og hefur verið í gildi æ síðan.
- Stuðningsbýlið M18, fyrir heimilislausa Reykvíkinga, var opnað við Miklubraut í samvinnu við Félagsþjónustuna í Reykjavík.
- Félagsmiðstöðin Háborg var opnuð í Stangarhyl 3. Hún leysti Þríbúðir að hólmi.
- Kaffistofan flutti að Borgartúni 1 og er opin alla daga ársins frá klukkan 10 til 16.00 á virkum dögum og frá klukkan 11 til 16 um helgar.
- Nytjamarkaðurinninn Allt milli himins og jarðar var opnaður að Stangarhyl 3.
- 2009 Áfangahúsið Sporið að Vagnhöfða 7 í Reykjavík var opnað. Þar eru herbergi fyrir 17 íbúa.



## BRYGGJUHÁTÍÐ Á STOKKSEYRI

**Bryggjuhátíð verður á Stokkseyri í dag og margt um að vera. Má þar nefna fornbílasýningu, götugrill og vatnabolta. Bryggjusöngur verður í kvöld kl. 20 og harmoníkuball kl. 21. Kvöldið endar síðan með balli á Draugabarnum. Bryggjuhátíðin hefur verið haldin í tíu ár.**


íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt.is



NORDIC ferskfóður
- alvöru hundafóður frá
HUNDAHREYSTI
www.hundahreysti.is




# HVÍTARI TENNUR

**ICECARE KYNNIR** *Með Gum Original White-munnskoli og -tannkremi verða tennurnar hvítari. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn, hreinsa bletti og óhreinindi og innihalda ekki skaðleg bleikiefni.*

Gum Original White-munnskol og -tannkrem hreinsa af bletti og óhreinindi, vernda tennurnar og þær má nota að staðaldri. Guðný Ævarsdóttir tannfræðingur hefur notað Gum-vörurnar í mörg ár á tannlæknastofunni Brostu. „Ég get mælt heilshugar með Gum-vörunum. Vörulínan er virkilega breið og góð og í henni má fá allt frá tannburstum og Soft Picks-tannstönglum til tannhvíttunarefna. Þeir hjá Gum eru fljótir að tileinka sér nýjungar og þeir fylgja þörfum fólks, sem er virkilega gott í þessum geira,“ segir Guðný.

### GÓÐ HREINSUN

Gum Original White-tannhvíttunarvörurnar hreinsa af bletti og óhreinindi og tennurnar fá sinn upprunalega lit en vörurnar innihalda flúor. Þær skaða ekki almenna tannheilsu og þær innihalda ekki bleikiefni sem geta skaðað náttúrulega vörn tannanna. „Hvíttunarlínan, Original White, er mjög góð því hún virkar vel en leiðir samt sem áður ekki til tannkuls og slípimassinn er agnarsmár svo hann rispar ekki upp glerunginn eins og oft vill verða þegar notuð eru hvíttunartannkrem. Guðný nefnir einnig að Original White-línan viðheldur árangri eftir lýsingarmeðferð á tannlæknastofu. „Soft Picks-tannstönglarnir eru mitt uppáhald því þeir komast vel á milli tannanna, þeir innihalda engan vír og eru ríkir af flúor. Frábærir einnota tannstönglar sem virka eins og millitannburstar en þá er hægt að hafa í veskinu eða heima fyrir framan sjónvarpið,“ segir Guðný.




**TANNHVÍTTUN**
Guðný Ævarsdóttir tannfræðingur notar GUM-vörurnar með góðum árangri.
MYND/GVA

**ÁRANGUR**
Hvíttunarvörurnar innihalda sérstaka blöndu sem er varin einkaleyfi en hún hreinsar betur en bleikiefni. Vörurnar fást í flestum apótekum, Hagkaupum, Fjarðarkaupum og Femin.is


praxis
... þegar þú vilt þægindi
Hafið samband og fáið sendan nýjan vörulista Praxis
Vatteraðir jakkar - 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Einnig til á herrana.
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Bonito ehf. • Praxis • Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • www.friendtex.is
Opið mán. – föst. kl. 11-18 • Lokað laugardaga



VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 20
lau - sun Kl. 12 - 18
387 kr. 320 kr. 550 kr. 699 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268



PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT
1.695 kr 1.490 kr 990 kr
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
PHO víetnamskur veitingastaður // Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is













# RIFJA UPP GAMLAR PÚKASÖGUR

**ÍSAFJÖRÐUR** *Stóra púkamótið er haldið á Ísafirði í dag. Á mótinu spila fullorðnir karlar fótbolta og rifja upp þrjátíu ára gömul prakkarastrik.*

Stóra púkamótið er haldið í níunda sinn í ár. Haraldur Leifsson, einn upphafsmanna þess, ætlar að mæta að venju enda er mótið einn af hápunktum sumarsins hjá honum líkt og öllum hinum körlunum sem koma nær árlega til Ísafjarðar að spila fótbolta á stillum sumardögum.

„Upphaflega var hugmyndin sú að búa til viðburð sem fengi aðflutta Ísfirðinga til að snúa heim,“ útskýrir Haraldur, en um tveir þriðju hluti leikmanna eru brottfluttir en restin býr í bænum. „Reyndar er mótið nú orðið fyrir alla þá sem stunda knattspyrnu á Íslandi og eru orðnir eldri en þrítugir,“ tekur hann fram.

Í ár hafa þrjátíu leikmenn skráð sig til leiks. „Við lokum hins vegar ekki fyrir skráningu fyrr en flautað er til fyrsta leiks,“ segir Haraldur glettinn. Leikmenn eru á öllum aldri en aldursforsetinn er Pétur Sigurðsson 81 árs að aldri. „Hann stendur í marki og er á samningi hjá okkur til tveggja ára,“ segir Haraldur glettinn.

**STYRKJA ÍSFIRSKA KNATTSPYRNU**

Fyrir nokkrum árum ákváðu aðstandendur Stóra púkamótsins að byggja upp sjóð til að styrkja ýmis málefni sem varða ísfirska knattspyrnu. „Við höfum nú þegar veitt um fjórar milljónir króna til ýmissa verkefna sem tengjast knattspyrnuiðkun fyrir vestan,“ upplýsir Haraldur. Sjóðurinn hefur meðal annars lagt til peninga til byggingar á sparkvelli fyrir ísfirska krakka, eða púka eins og þeir eru kallaðir fyrir vestan. „Aðalmarkmiðið sjóðsins er þó að mennta þjálfara á staðnum.“

**SEGJA PÚKASÖGUR**

Gleðin er ávallt við völd þegar knattspyrnupúkarnir koma saman. „Manni líður strax eins og maður hafi aldrei flutt og þó eru þrjátíu ár síðan,“ segir Haraldur glaðlega. Að loknu móti er haldið galakvöld þar sem veitt eru ýmis verðlaun sem flest eru tileinkuð minningu góðra vina sem fallnir eru frá.

Á mótinu sjálfu eru mynduð fjögur til sex lið eftir því hve margir mæta til leiks. Liðin eru skýrð eftir hinum ólíku púkategundum sem þekktust á Ísafirði á árum áður. „Til dæmis voru til Krókspúkar, Fjarðarpúkar og Dokkupúkar,“ segir Haraldur sem sjálfur segist vera Vestrapúki.

Inntur eftir því hvort hann hafi tilheyrt hinum alræmdu efribæjar- eða neðribæjarpúkum sem elduðu grátt silfur saman segir hann svo ekki vera. „Ég bjó akkúrat í miðjunni á nokkuð hlutlausu svæði, ég var því aldrei barinn,“ segir hann hlæjandi og bætir við að menn byrji strax og þeir hittist að rifja upp gamlar sögur af árum sínum sem púkar á Ísafirði.

**Á PÚKAMÓTI** Veðrið hefur ætíð leikið við leikmenn og gesti Stóra púkamótsins á Ísafirði sem haldið hefur verið hvert sumar frá 2005.

# SKÁLHOLTSKIRKJA 50 ÁRA

*Vegleg viðburðahelgi verður um næstu helgi, 19.–21. júlí, í Skálholti í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá vígslu Skálholtsdómkirkju.*

Hátíðin hefst með kvöldtónleikum föstudaginn 19. júlí kl. 20 með kórsöng. Sýning verður í Skálholtsskóla á laugardeginum en á henni eru munir sem tengjast byggingu og vígslu í Skálholtsdómkirkju. Gestum verður boðið upp á útidagskrá á laugardag, meðal annars göngur sem hefjast kl. 13.30. Göngurnar sem boðið er upp á eru söguganga, fuglaganga, skólaganga, urtaganga og fornleifafræðsla. Gamlir barnaleikir verða endurvaktir og börnunum gefinn kostur á að prófa fornleifarannsóknir. Við Gestastofu verður útimarkaður með grænmeti beint frá býli og aðrar góðar afurðir úr sveitinni ásamt sölu á kaffi og matarveitingum í Skálholtsskóla. Tónlistarflutningur verður í samvinnu við Sumartónleika Skálholtsdómkirkju.



**SKÁLHOLTSHÁTÍÐ VERÐUR NÆSTU HELGI.**

Á sunnudag verður hátíðarsamkoma kl. 16.15 þar sem biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, flytur ávarp, bæn og blessun.

Lagður var hornsteinn að nýrri kirkju á Skálholtshátíð árið 1956 en hún var síðan vígð árið 1963 af biskupi Íslands, herra Sigurbirni Einarssyni.



**HÁTÍÐ** Frú Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, flytur ávarp á hátíðarsamkomu sunnudaginn 21. júlí.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



hummel®

# EKKI NÓG AÐ VERA HÆFILEIKARÍKUR

**SIRKUSLÍFIÐ** *Sjónvarpskonan Margrét Erla Maack er mikil sirkusáhugakona og tekur þátt í Volcano-hátíðinni í Vatnsmýrinni. Fullorðinssýningin Skinnsemi #8 hefur notið vinsælda á hátíðinni, en Margrét er hluti af henni. Hátíðinni lýkur á sunnudaginn.*

Varla hefur farið fram hjá þeim sem átt hafa leið um Hringbrautina að risið hefur upp sirkusþorp á skömmum tíma í Vatnsmýrinni. Um er að ræða sirkushátíðina Volcano, þar sem sirkushópar frá ýmsum löndum koma saman.

Sjónvarpskonan Margrét Erla Maack hefur verið viðriðin sirkuslíf á Íslandi í nokkur ár. „Ég og vinir mínir sáum auglýsta ókeypis sirkustíma í Kramhúsinu fyrir sjö árum og ákváðum að skella okkur og eyddum þar ári í að reyna að standa á höndum. Svo var ég sett upp á axlirnar á sirkuskennaranum og þá gargaði ég bara því ég var svo lofthrædd. Og ég lærði aldrei að halda boltum á lofti.“ Á fyrstu sirkussýningunum segist Margrét því hafa verið hálfgert súkkulaði. „Ég var með eitt atriði þar sem ég dansaði magadans með hristibúðing í höndunum, sem var hálfgert trúðaatriði,“ segir hún og hlær. „Að lokum var mér boðið að vera yfir Fullorðinssirkusnum. Ég held það hafi næstum verið til þess að ég væri ekki að trufla þau lengur í hinum,“ segir hún hlæjandi.

**ALVEG JAFNGÓÐ OG HINIR**

Hópurinn stofnaði í framhaldinu Sirkus Íslands. „Þau eru orðin rosalega fær í dag og fimm þeirra starfa við sirkusinn í fullu starfi,“ segir Margrét. „Svo erum við fimm grínstelpur sem bætumst við og berum Fullorðinssýninguna uppi, með annað hæfileikafólk okkur til halds og trausts.“

Hún segir að það sé gaman að bera saman hina fjölþjóðlegu sirkusa sem koma saman á Volcano hátíðinni. „Það er gaman að sjá hvað við erum komin langt. Við erum á sama stað og margir hinna sirkusanna sem eru hérna.“ Margrét er hluti af sýningunni Skinnsemi #8 á hátíðinni. „Þetta er fullorðinssirkus í orðsins fyllstu merkingu,“ segir hún og hvetur fólk til að vera létt á því á sýningunni, jafnvel með bjór í hönd. „Þetta er dálítið djarft og ekki fyrir alla, en við förum aldrei yfir nein siðferðismörk.“

Við undirbúninginn segir hún að skilyrði fyrir atriðum í sýningunni hafi verið að þau væru annaðhvort fyndin eða kynþokkafull. „Það er ekki nóg að vera bara hæfileikaríkur í þessum sirkus. Það þarf að vera eitthvað aukakrydd í þessu,“ segir hún og brosir. „Við fáum gjarnan innblástur úr barnasýningunum. Þaðan höfum við fengið margar fáránlegar hugmyndir sem við ákveðum að framkvæma. Við teygjum þær og togum svo barnalæsingin hverfur, en útkoman verður fullorðinsgrín af bestu gerð.“

**SKEMMTIKRAFTAR SKEMMTA SÉR**

Skinnsemi hefur vakið svo mikla athygli hjá erlendu listamönnunum að þeir hafa slegist um að fá að vera með. „Það er ótrúlega mikill heiður þegar listamenn sem við berum endalausa virðingu fyrir vilja taka þátt í sýningunni okkar.“

En hvað finnst Margréti best við sirkusinn? „Systir mín náði þessu dálítið vel. Hún sagði nefnilega að það sem henni þætti best við sirkusinn væri að fólkið sem er að skemmta áhorfendum er líka að skemmta sér. Maður upplifir ekki að fólkið sé í vinnunni. Það er einhver þarna að róla sér í tíu metra hæð og hann er í alveg jafntrylltu stuði og fólkið niðri sem er að horfa á hann,“ segir Margrét og hlær.

**KARÓKÍ OG PLÖTUSNÚÐAR**

En sirkusinn er ekki það eina sem á huga Margrétar þessa dagana. Hún er einnig hluti af karókí-DJ-teyminu Hits and Tits ásamt vinkonu sinni, Ragnheiði Maísól. „Við Ragnheiður erum búnar að vera vinkonur síðan við vorum litlar stelpur. Fórum á trúðanámskeið saman þegar við vorum unglingar og byrjuðum að DJ-a saman upp úr tvítugu.“ Ragnheiður er reyndar líka með henni í Skinnsemi. „Hún er með mér í öllu sem er skemmtilegt á annað borð,“ segir Margrét og hlær.

Ævintýrið hófst eftir að Margrét flutti heim frá New York þar sem hún hafði búið í þrjá mánuði. „Þar vann ég á fullorðinssirkusstað og fór í karókí á hverju kvöldi. Svo þegar ég kom heim sagði ég við Ragnheiði: „Við þurfum að stofna karókíkvöld og búa til fullorðinssirkus. Við ætluðum bara að prófa og halda eitt karókíkvöld en svo varð þetta bara klikkaðasta partí sem ég hef farið í. Svo við héldum þessu áfram. Í eitt skiptið mætti Páll Óskar í karókí og þá trylltist ég. En svo er gaman að sjá hvað hversdagshetjurnar eru oft miklu betri í karókí heldur en fagfólkið.” Margrét bætir við að þær stöllur séu einnig með ýmsa leikmuni á karókíkvöldunum, til dæmis plastsaxófón. „Þá geta þeir sem vilja ekki syngja tekið plastsaxófónsóló. Það er eitthvað fyrir alla,“ segir hún og hlær.

**HRIFNÆM DRAUMÓRAKONA**

Ljóst er að mörg áhugamál Margrétar tengja menn ekki við íslenska menningu, svo sem magadans og sirkuslíf. Margrét segist enda oft hafa velt fyrir sér hvað hún sé eiginlega enn að gera á Íslandi. „En ég er svo ánægð með vinnuna mína hér heima og mér finnst það ekki þess virði að kasta henni á glæ til að eltast við einhverja sirkusdrauma úti í heimi.“ Hún bætir við að þó það virðist fáránlegt þá sé hún orðin of gömul fyrir slíkt. „Maður eldist víst ekki vel í skemmtanabransanum. Núna langar mig mest að fara í trúðaskóla, en það er bara vegna þess að ég var að hitta svo margt fólk sem ferðast um heiminn sem trúðar og ég er svo hrifnæm,“ segir Margrét og skellir upp úr.

Í haust liggur leiðin til Ekvador ásamt hópi af unglingum, þar sem Margrét verður sjálfboðaliði á vegum alþjóðlegra sumarbúða CISV, sem er starfsemi sem heyrir undir UNESCO. „Þarna koma krakkar frá ýmsum löndum saman og læra um menningarmismun með því að upplifa hann á eigin skinni. Við ölum upp fólk sem kann að taka menningarlegt tillit.“

Margrét fór sjálf fimm sinnum í sumarbúðir af þessu tagi þegar hún var unglingur og segist hafa lært mikið af því. Hugsanlega hefur það haft áhrif á seinni tíma ákvarðanir um ferðalög og sirkuslíf.

*halla@365.is*



**PLÖTUSNÚÐUR OG SIRKUSKONA** Margrét Erla Maack er með mörg járn í eldinum, en hún er bæði hluti af Fullorðinssirkusnum og DJ-karókí-teyminu Hits and Tits. MYND/ ARNÞÓR BIRKISSON



**HITS AND TITS** Þegar Páll Óskar mætti í karókí til stelpnanna trylltist Margrét, að eigin sögn. Þetta var á afmælisdegi hennar.


# RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM




Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvíld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

| Stærð | Verð áður | Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr. |
|---|---|---|
| 90x200 | 89.900.- | 74.900.- |
| 140x200 | 119.900.- | 104.900.- |
| 180x200 | 149.900.- | 134.900.- |



Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mán. vaxtalausar greiðslur*




Frábært kynningarverð á MEMORY HEALTH CARE þrýstijöfnunar-heilsudýnum

| Stærð | Kynningarverð |
|---|---|
| 90x200 | 99.900.- |
| 120x200 | 119.900.- |
| 140x200 | 139.900.- |
| 160x200 | 149.900.- |
| 180x200 | 169.900.- |

*3.5% lántökugjald


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Leigufélagið Klettur ehf. er félag í eigu Íbúðalánasjóðs. Tilgangur Leigufélagsins Kletts ehf. er að bjóða íbúðarhúsnæði til leigu víða um land með langtíma húsnæðisöryggi að leiðarljósi. Leigufélagið yfirtekur eignarhald og rekstur um 600 fasteigna Íbúðalánasjóðs, en meirihluti eignanna er nú þegar í útleigu.

## Verkefnastjóri fasteigna

### Fjölbreytt lykilhlutverk hjá nýju leigufélagi

Verkefnastjóri fasteigna hefur yfirumsjón með fasteignum og viðhaldi þeirra. Í því felst m.a. að fylgjast með ástandi íbúða, húsa og lóða, skipuleggja endurbætur og viðhald ásamt því að vera tengiliður við verktaka. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af viðhaldi fasteigna, samskiptafærni og góða þekkingu á upplýsingatækni. Um fullt starf er að ræða.

**Helstu verkefni**

- Eftirlit með ástandi fasteigna
- Yfirumsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna
- Samskipti við verktaka
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Kostnaðareftirlit
- Tengiliður við viðskiptavini um viðhald og endurbætur
- Umsjón með úttektum við afhendingu og móttöku fasteigna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði byggingafræði, tæknifræði eða verkfræði
- Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun viðhaldsverkefna fasteigna æskileg
- Þekking á gerð gæða- og vinnuferla kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og rík þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



## Icepharma leitar að Markaðsstjóra fyrir Pfizer

Þar sem núverandi markaðsstjóri Pfizer á Íslandi flyst til starfa hjá Pfizer í Danmörku þann 1. ágúst nk. leitum við að markaðsstjóra fyrir Pfizer.

### Ábyrgð og verkefni

Markaðsstjóri Pfizer ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri markaðsdeildar Pfizer innan Icepharma. Við deildina starfa 4 starfsmenn. Markaðsstjóri sinnir markaðsgreiningu og stefnumótunarvinnu, annast framkvæmd markaðs- og söluáætlana í samvinnu við skrifstofu Pfizer í Kaupmannahöfn og tekur þátt í markaðssetningu og kynningu á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk, ásamt fundum og ráðstefnum heima og erlendis. Ennfremur sinnir markaðsstjóri margs konar samskiptum fyrir hönd Pfizer, svo sem við íslensk heilbrigðisyfirvöld og hagsmunasamtök í lyfjaiðnaði.

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra Lyfjasviðs Icepharma.

### Menntun og hæfni

Markaðsstjóri Pfizer þarf að hafa sýnt af sér leiðtogahæfileika og mikla færni í starfsmannastjórnun og mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um frumkvæði, fagmennsku, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Markaðsstjóri þarf að hafa háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, reynslu af störfum á lyfjamarkaði og gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli í ræðu og riti.

### Starfsumhverfi

Starf markaðsstjóra Pfizer er fjölbreytt, faglegt og spennandi starf í krefjandi umhverfi á einhverjum mestu breytingartímum íslenska heilbrigðiskerfisins. Í boði er fagleg og persónuleg þjálfun, bæði heima og erlendis, auk góðra möguleika til að vaxa í starfi.

Icepharma leggur áherslu á gott og hvetjandi starfsumhverfi. Flestir birgjar okkar eru leiðandi á sínu sviði í heiminum, sem skipar Icepharma í fremstu röð fyrirtækja í heilbrigðisgeiranum á Íslandi. Þekking þeirra og reynsla er okkar styrkur.

### Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2013

Umsóknir skal senda á netfangið bessi@icepharma.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma á framangreindu netfangi.

VR 2011 · VR 2011 · VR 2010 · VR 2009 · VR 2008 · VR 2007

Pfizer er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, stofnað árið 1849, og er leiðandi í rannsóknum og þróun lyfja. Starfsmenn fyrirtækisins um allan heim eru yfir 110.000. Markmið fyrirtækisins er að veita sjúklingum bestu meðferð sem kostur er á, í samvinnu við heilbrigðiskerfið, og tryggja þeim lengra og betra líf. Pfizer hefur markaðsleyfi fyrir u.þ.b. 80 mismunandi lyf á Íslandi og er hlutdeild fyrirtækisins í íslenskum lyfjamarkaði 6,5%.

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.



icepharma
Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

# Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekktra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og IGUZZINI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

## Sölumaður í verslun

Rafkaup óskar eftir sölumanni í verslun sína við Ármúla

Starfslýsing:
Almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 og tveir laugadagar í mánuði frá kl. 11:00 - 16:00.

Hæfniskröfur:
Reynsla af verslunarstörfum, sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og gott skipulag.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@rafkaup.is fyrir 19. júlí.

**Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is**

---

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Trésmiðir / Kranamenn

Smiðir og kranamenn óskast til starfa sem fyrst vegnaaukinna verkefna fyrirtækisins.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Eyktar. eykt@eykt.is

Nánari upplýsingar veitir Heiðdís Búadóttir alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4415

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400

---

# Fjarðabyggð

## Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar leitar að öflugu starfsfólki til starfa hjá ört vaxandi sveitarfélagi.

**Eigna- og framkvæmdafulltrúi**
Hefur umsjón og eftirlit með öllum fasteignum Fjarðabyggðar og heldur utan um viðhalds- og nýframkvæmdir sveitarfélagsins í samvinnu við mannvirkjastjóra.
Leitað er að aðila með verkfræði, tæknifræði eða sambærilega menntun á háskólastigi.

**Aðstoðarmaður skipulags- og byggingafulltrúa**
Sinnir verkefnum á sviði skipulags- og byggingamála í samvinnu við skipulags- og byggingarfulltrúa.
Leitað er að aðila með verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun á háskólastigi.

**Þjónustufulltrúi á framkvæmdasviði**
Dagleg umsjón með skjala- og teikningavörslu.
Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi og almenna tölvukunnáttu

**Nánari starfslýsingar eru á vefforsíðu fjardabyggd.is undir „Laus störf“.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Elíasson, mannvirkjastjóri, í síma 470 9019.

**Umsóknir skulu sendar á netfangið gudmundur.eliasson@fjardabyggd.is merkt umsókn um starf á framkvæmdasviði.**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2013.**

Fjarðabyggð er vaxandi sveitarfélag á Austurlandi og það fjölmennasta með ríflega 4.600 íbúa. Bæjarkjarnar þess eru sex talsins eða Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar vinnur að fjölbreyttum verkefnum í hverjum þeirra í samstarfi við stjórnsýslunefndir bæjarins og opinberar fagstofnanir. Í mannauðsstefnu Fjarðabyggðar er áhersla lögð á vandaða stjórnsýsluhætti við ráðningar, gott starfsumhverfi og jöfn tækifæri karla og kvenna.

Mjóifjörður | Norðfjörður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

---

# SÖLUSNILLINGUR

Ert þú röskur og lífsglaður sölusnillingur sem hefur áhuga á heilbrigðu líferni? Í boði er starf á líflegum vinnustað í jákvæðu starfsumhverfi. Á meðal verkefna er að annast tilboðsgerð og frágang sölusamninga auk þess að annast viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina. Vinnutími er 11-19 mán til fim og 09-17 á fös. Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarandi hæfniskröfur:

*Hefur reynslu af sölustörfum*
*Er samviskusamur og metnaðarfullur*
*Býr yfir framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum*
*Hefur frumkvæði og á gott með að vinna í teymi*
*Er reyklaus*

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá með mynd og upplýsingum um meðmælendur á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 22. júlí.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

---

## Sveitarfélagið Vogar auglýsir laust til umsóknar starf við félagsstarf aldraðra í Álfagerði.

**Um er að ræða fjölbreytt, gefandi og krefjandi starf sem snertir margar hliðar frístundastarfs. Unnið er í samstarfi við frístunda- og menningarfulltrúa og eldri borgara í Vogum að skipulagi og framkvæmd félagsstarfs.**

**Meðal verkefna:**
- Umsjón með skipulagi og þátttaka í starfi í Álfagerði
- Umsjón með hádegisverð virka daga í Álfagerði
- Samskipti og samstarf við öldungaráð
- Samskipti við starfsfólk í félagsstarfi aldraðra í öðrum sveitarfélögum

**Hæfni:**
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði
- Íslenskukunnátta
- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Skipulagshæfileikar
- Sveigjanleiki
- Hæfni til að vinna sjálfstætt

**Um starfið:**
- Starfshlutfall er 70%. Vinnutími er kl. 11:00 – 17:00 mánudaga – fimmtudaga og kl. 11 – 13 á föstudögum.
- Starfstími er frá 1. september til 10. júní.
- Umsækjandi þarf að vera 30 ára eða eldri
- Starfið heyrir undir frístunda- og menningarfulltrúa

Um framtíðarstarf er að ræða. Reiknað er með að viðkomandi hefji störf 15. ágúst. Upplýsingar um starfið gefur Stefán Arinbjarnarson, frístunda- og menningarfulltrúi, í síma 440 6225 eða á netfangi stefan@vogar.is
Laun fara eftir samningum Starfsmannafélags Suðurnesja og Launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknafrestur er til og með 31. júlí, 2013. Umsóknum skal skilað á netfangið stefan@vogar.is**

---

# MATRÁÐUR ÓSKAST

**Laus er staða matráðs í Barnaskóla Hjallastefnunnar og Leikskólanum Öskju** sem staðsettir eru við rætur Öskjuhlíðar í 101 Reykjavík.

Viðkomandi þarf að kunna að elda fjölbreytta og næringarríka fæðu, vera flink/ur í gerð grænmetisrétta og fylgja þróun hollustustefnu skólanna þar sem allur matur er unninn frá grunni úr gæðahráefni.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við *Dóru* í síma **699 0513** eða *Kristínu* í síma **897 2654**.

# Sölu- og markaðsstjóri

**Traust og framsækið fyrirtæki óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra**

### Starfssvið

- Skipulagning sölu-, markaðs- og kynningarstarfs
- Sölu-, viðskipta- og þjónustustjórnun
- Vöruþróun, verðlagning og innkaupastjórnun
- Stefnumótun, áætlun og eftirfylgni
- Seta í framkvæmdastjórn og ábyrgð á starfsmannamálum innan sviðsins

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða viðskipta
- Árangursrík reynsla af sölustjórnun og uppbyggingu viðskiptatengsla er skilyrði
- Reynsla og hæfni í samningagerð
- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og dugnaður
- Góð þekking á sviði upplýsingatækni

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# Sölu-og markaðsfulltrúi

**– 365 miðlar óska eftir öflugum sölu- og markaðsfulltrúum.**



Starfið felst í sölu og ráðgjöf á auglýsingum í miðla 365.
Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.
Launakjör eru árangurstengd og hér er því gott tækifæri fyrir metnaðarfullt fólk.

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla – www.365midlar.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Frekari upplýsingar veitir veitir Jón Laufdal, jonl@365.is.**

365

# JIVARO

## Web Developer

jobs@jivaro.com

- **User Interface design with attention to detail and flow**
- **Production of responsive sites for different platforms**
- **Experience with writing HTML and CSS**
- **JavaScript and libraries such as jQuery, Zepto, AngularJS and Backbone**

## Designer

- **Production of material for an online company**
- **Graphical user interface design for apps and web**
- **Web design for a site with heavy user interactions**



*Jivaro is a 2 year old startup company in Kópavogur with 10 people working on a groundbreaking site and applications for online poker players. We offer an exciting environment and for you to play an important role in bringing to market something new.*

## Deildarstjóri upplýsingatækni hjá LÍN

LÍN LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

**Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða deildarstjóra upplýsingatækni (UT) sjóðsins. Hugbúnaðarþróun og stórum hluta rekstrar á kerfum sjóðsins er úthýst. UT annast verkefnastjórnun upplýsingatæknimála, gæðamál,tækniþjónustu við starfsmenn og ýmis dagleg rekstrarmál.**

| Starfssvið | Eiginleikar umsækjanda | Menntun og hæfniskröfur |
| --- | --- | --- |
| • Stýra upplýsingatækni, gæðamálum og vefmálum LÍN.<br>• Umsjón með þróun og rekstri tölvukerfa sjóðsins, virkni upplýsingavinnsla og úrvinnslu úr gagnagrunni sjóðsins.<br>• Samþætting tölvukerfa sjóðsins og gæðastjórnunar. | • Góðir samskiptahæfileikar.<br>• Skipulögð vinnubrögð<br>• Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.<br>• Jákvæðni og samstarfsvilja | • Háskólapróf í tölvunarfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegt.<br>• Þekking og reynsla af verkefnastjórnun nauðsynleg.<br>• Æskilegt væri að hafa reynslu af stýringu upplýsingatækniverkefna.<br>• Þekking og reynsla af gæðamálum mikilvæg.<br>• Reynsla af forritun, SQL og rekstri kerfa æskileg. |

**Í boði er lifandi og krefjandi starfsumhverfi þar sem starfsþróun og uppbygging öflugrar þjónustu haldast í hendur. Umsóknir skulu sendar á gudrun@lin.is, merktar „Deildarstjóri UT LÍN". Umsóknarfrestur er til 21. júlí 2013.**

LÍN LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Borgartúni 21 // 105 Reykjavík
Sími 560 4000 // Fax 560 4090
lin@lin.is // www.lin.is

UK TRADE & INVESTMENT

British Embassy Reykjavik

### Job Opportunity – UKTI Market Advisor

An excellent opportunity has arisen within the British Embassy for a suitably qualified individual to join our Trade and Investment team on a full time basis. We are seeking to recruit an enterprising, results-oriented **MARKET ADVISER** to deliver business development projects for UK companies in the Icelandic market and facilitate opportunities for Icelandic companies seeking to invest in the UK.

Please visit:
https://www.gov.uk/government/world/organisations/british-embassy-reykjavik/about/recruitment
for full information regarding the role.

Interested parties should send a CV and covering letter to nbn.recruitment@fco.gov.uk, the closing date for applications is **Sunday 21 July 2013**. Please note, we are unable to confirm receipt of applications, only those candidates who are successful in the initial sift will be contacted and invited to attend an interview.

Follow us on facebook.com/UKinIceland

NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig



EXPO • www.expo.is

## NÓATÚN ÓSKAR EFTIR KJÖTSTJÓRA

**HELSTU VERKEFNI ERU:**
- Verkstjórn í kjötdeild
- Þjónusta við viðskiptavini
- Kjötvinnsla
- Daglegur rekstur
- Gæðaeftirlit

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun eða góð reynsla í kjötiðn eða matreiðslu er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð

**ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SÆKI UM Á WWW.NOATUN.IS**
Umsóknarfrestur er til 21. júlí



Opið til miðnættis alla daga 8-24

NÓATÚN

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Deildarlæknar í starfsnámi í lyflækningum

Störf deildarlækna í starfsnámi í almennum lyflækningum á lyflækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi. Miðað er við ráðningartími sé eitt ár í senn, í allt að þrjú ár en unnt er að ljúka 3 árum sem nýtast til veitingu sérfræðileyfis í almennum lyflækningum. Einnig er möguleiki á styttri ráðningu sem nýtist til náms í öðrum sérgreinum.

Námið og skipulag þess hefur verið endurskoðað og er nánari upplýsingar að finna á meðfylgjandi slóð: www.landspitali.is/klinisk-svid-og-deildir/lyflaekningasvid/framhaldsnam-i-alm.-lyflaekningum/

Nýtt vaktakerfi er í mótun þar sem markmiðið er sett á fjölskylduvænni vinnutíma og lengri samfellda dvöl á hverri deild en nú er unnt að veita.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfsnámið er alhliða þjálfun í almennum lyflækningum. Námslæknar starfa á flestum deildum lyflækningasviðs. Sérstök áhersla er lögð á starf á dag- og göngudeildum. Námslæknar eru einnig hvattir til að sinna vísindarannsóknum á námstíma.

### Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi á Íslandi
» Brennandi áhugi á lyflækningum og undirgreinum þeirra
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2013.
» Upplýsingar veita Hrafnkell Stefánsson, læknir, hrafnks@landspitali.is, sími 825 3574 og Már Kristjánsson, yfirlæknir, markrist@landspitali.is, sími 824 5607.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Má Kristjánssyni, yfirlækni og framhaldsmenntunarstjóra lyflækningasviðs, LSH C9 Fossvogi.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Prentari - *Atvinna.*

Héraðsprent á Egilsstöðum óskar eftir að ráða prentara. Æskilegt að hann hafi nokkra reynslu af vinnu á Roland 200 4ra lita og Heidelberg GTO.
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er nákvæmur í vinnubrögðum, jákvæður og góður í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða framtíðarstarf.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur í síma 863 9102 eða Þráinn í síma 896 6422.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á

**gunnhildur@heradsprent.is fyrir 1. ágúst.**

---

# VAKA óskar eftir deildarstjóra úrvinnslu bíla

**Helstu áherslur**
- Stjórnun á úrvinnslu bíla
- Vinna við niðurrif
- Losun spilliefna

**Hæfniskröfur**
- Lyftarapróf
- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Öguð vinnubrögð

Við bjóðum fjölbreytt verkefni og gott starfsumhverfi.
Áhugasamir geta sótt um með því að senda umsókn fyrir 19. júlí á starf@vakahf.is.

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins.

Dekkjaþjónusta · Bifreiðaverkstæði · Varahlutir · Bifreiðaflutningar · Úrvinnsla bíla · Smurþjónusta

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

---

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Staða framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna er laus til umsóknar.
Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingum á menntunar- og hæfnikröfum hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
**Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2013.**

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið,*
*12. júlí 2013.*
*menntamálaráðuneyti.is*

---

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

## ÁHÆTTUMAT Í LÍF- OG HEILSUTRYGGINGUM

**Vörður leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að ganga til liðs við félagið og taka þátt í ört vaxandi uppbyggingu. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.**

**STARFSSVIÐ**
- Yfirferð og áhættumat á beiðnum trygginga er varða líf og heilsu.
- Gagnaöflun frá læknum og heilbrigðisstofnunum.
- Samskipti við endurtryggjendur, söluaðila og viðskiptavini félagsins.
- Ráðgjöf við uppgjör tjóna er varða líf og heilsu.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Góð samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð.
- Samstarfsvilji og þjónustulipurð.
- Hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 21. JÚLÍ NÆSTKOMANDI**

Nánari upplýsingar gefur Harpa Víðisdóttir, mannauðsstjóri, harpa@vordur.is.
**Vinsamlega fyllið út umsóknir á vordur.is eða sendið umsókn ásamt ferilskrá beint á starfsumsoknir@vordur.is.**

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförnum árum og í dag starfa um 70 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Samkvæmt Jafnlaunaúttekt PwC 2013 greiðir Vörður konum og körlum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Allar nánari upplýsingar um félagið má nálgast á **vordur.is**

Jafnlaunaúttekt PwC

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR

vörður

---

## Frístunda- og forvarnafulltrúi

Laus er til umsóknar staða Frístunda- og forvarnafulltrúa í Sandgerðisbæ. Um er að ræða spennandi og gefandi framtíðarstarf fyrir metnaðarfullan einstakling.

**Meðal verkefna:**
- Efla og styrkja íþróttastarf meðal barna, unglinga og fullorðinna í Sandgerði.
- Stuðla að fjölbreytni í íþrótta- og frístundastarfi.
- Starfa með íþrótta- og félagasamtökum í bænum.
- Uppbygging og þátttaka í forvarnaverkefnum og lýðheilsustarfi.
- Ábyrgð og skipulag árlegrar heilsuviku.
- Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Skýjaborgar.
- Ábyrgð og skipulag sumarnámskeiða og vinnuskóla.
- Vinna með frístunda-, forvarna- og jafnréttisráði Sandgerðisbæjar.
- Vinna með Ungmennaráði Sandgerðisbæjar.
- Stefnumótun og gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana.
- Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd bæjarhátíða og annara hátíðahalda.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfinu.
- Starfsreynsla á sviði íþrótta og æskulýðsmála æskileg.
- Færni í samskiptum og samstarfi.
- Góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott vald á mæltu og rituðu máli.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. september. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga.
Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á skrifstofu Sandgerðisbæjar, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði, merktar „Starfsumsókn" eða á netfangið sigruna@sandgerdi.is.
Umsóknarfrestur er til kl. 15:00 föstudaginn 26. júlí.

**Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði www.sandgerdi.is**

# Rannsóknarfulltrúi

arekstur.is óskar eftir að ráða rannsóknarfulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert framtíðarstarf. Rannsóknarfulltrúi fer á vettvang minniháttar umferðaróhappa. Hannrannsakar vettvang, mælir og ljósmyndar, aðstoðar við að fylla út tjónaskýrslur og gengur í önnur verkefni sem til falla. Rannsóknarfulltrúi tekur einnig við símtölum og svararfyrirspurnum, er í samskiptum við fjölmiðla og uppfærir reglulega vefsíðu arekstur.is

Rannsóknarfulltrúi þarf að vera heiðarlegur, nákvæmur, áreiðanlegur, líkamlega og andlega hraustur, með miklasjálfstjórn, hafa yfirburða samskiptahæfni, þarf að geta unnið sjálfstætt og framvísað hreinu sakavottorði, sé þess óskað.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði
- Æskilegt er að viðkomandi hafa lokið skyndihjálparnámskeiði
- Gott vald á íslensku, bæði í riti og ræðu
- Þekking á íslenskum umferðarlögum
- Góð almenn tölvukunnátta

Gert er ráð fyrir að rannsóknarfulltrúi hefji störf Fljótlega.
Fyrstu vikur í starfi munu fara í ítarlega starfsþjálfun.

A&Ö

arekstur.is sérhæfir sig í þjónustu við tryggingafélög og viðskiptavini þeirra, lendi þeir í umferðaróhöppum. Starfsmenn arekstur.is eru með mikla reynslu af vinnu þar sem umferðaslys og umferðaróhöpp hafa átt sér stað. Reynslan hefur skilað sér í faglegum vinnubrögðum þar sem nauðsynlegra gagna er aflað á vettvangi tjóns. Starfsmenn A&Ö eru þjálfaðir í skyndihjálp og vanir að takast á við erfið mál á vettvangi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á arekstur@arekstur.is fyrir 1. ágúst nk.**

## RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR/RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐINGUR

VEGAGERÐIN

**Vegagerðin auglýsir eftir rafmagnsverkfræðingi eða rafmagnstæknifræðingi í fullt starf. Viðkomandi mun starfa á siglingasviði stofnunarinnar,sem fyrst um sinn er staðsett í Kópavogi, með áherslu á leiðsögukerfi á sjó og landi og m.a. rekstri, viðhaldi og þróun leiðbeiningamerkja á sjó og landi. Viðkomandi mun einnig sinna tilteknum verkefnum í samvinnu við þjónustudeild stofnunarinnar. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.**

**Starfsviðið er tvíþætt:**
Annars vegar að sjá um rekstur á leiðsögukerfi og upplýsingakerfi fyrir skip og ökutæki. Leiðsögukerfin fyrir skip eru sjálfvirkt auðkennikerfi fyrir skip ( AIS), ljósvita, siglingabaujur, radarsvara, leiðarmerki, öldubaujur, uppsetning leiðsögukerfa ofl. Hlutverk viðkomandi er að hafa umsjón með, þjónusta, setja upp, prófa og reka þessi kerfi.Stofnunin veitir höfnum landsins auk þess tæknilega aðstoð.
Hins vegar að starfa með upplýsingaþróun þjónustudeildar að ýmsum verkefnum sem tengjast mæla- og upplýsingakerfum við vegi, ferilvöktunarbúnaði, samskiptabúnaði o.fl.

- Þekking á fjarskiptakerfum
- Þekking á leiðsögukerfum er æskileg
- Þekking á hugbúnaðasviði
- Reynsla og þekking á störfum á sjó er æskileg
- Skipstjórnarréttindi eru æskileg
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Hæfni til að ná yfirsýn yfir flókin verkefni fljótt og örugglega.
- Gott vald á íslensku, ensku og æskilegt á einu norðurlandamáli
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Farsæl reynsla í rafmagnsverk- eða tæknifræði

***Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar menntunar- og hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.***

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 6.ágúst 2013.**
Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ólafsson í síma 522 1000.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

# Sölumaður óskast

Ísbíllinn leitar að sölumönnum í fullt starf eða kvöld og helgarvinnu.

Góð laun fyrir góða starfsmenn.

Umsókn og ferilskrá sendist fyrir 19.júlí á isbillinn@isbillinn.is.

Ísbíllinn
Þú þekkir mig á bjöllunni

www.isbillinn.is

LANDVERND

## Starfsmaður – Grænfánaverkefni Landverndar

Landvernd óskar eftir að ráða starfsmann við verkefnið Skólar á grænni grein – Grænfánaverkefnið. Verkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem rekið er í yfir 200 skólum á öllum skólastigum á Íslandi. Ráðið verður til sex mánaða frá byrjun september með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

**Starfssvið**
Starfsmaður tekur m.a. þátt í úttektum á umhverfisstarfi þátttökuskóla, veitir skólum ráðgjöf um umhverfismál, kemur að gagnaöflun, úrvinnslu og skýrsluskrifum og tekur þátt í þróun verkefnisins.

**Menntun og hæfniskröfur**
Krafist er háskólaprófs á sviði umhverfisfræða og/eða menntavísinda, og áhuga á umhverfismálum. Þekking og reynsla af skólastarfi, þ.m.t. af menntun til sjálfbærni, er æskileg. Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir, jafnt hvað varðar börn, unglinga og fullorðna. Gerð er krafa um frumkvæði, sjálfstæði og jákvæðni í starfi og öguð og skipulögð vinnubrögð. Starfið felur í sér allmörg ferðalög innanlands.

**Kröfur til umsóknar og frestur**
Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og greinargerð þar sem ástæða umsóknar er útlistuð, hæfni viðkomandi til að gegna starfinu lýst og listi yfir 2-3 meðmælendur gefinn. **Umsóknir skulu sendar á mummi@landvernd.is, merktar „Grænfáni umsókn". Umsóknarfrestur er til 9. ágúst n.k**

**Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar í s. 552-5242.**

Félags- og Skólaþjónusta Snæfellinga

## Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir eftir félagsráðgjafa. Um er að ræða 100% starf félagsráðgjafa í félagsþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Íbúafjöldi þjónustusvæðisins er um 4 þúsund. Hjá FSS starfa forstöðumaður, 2 sálfræðingar, þroskaþjálfi, kennslu- og starfsráðgjafi, ráðgjafi félagsþjónustu, 2 talmeinafræðingar auk starfsmanna heimaþjónustu, liðveislu og málaflokks fatlaðs fólks.

**Viðfangsefni**
- Barnavernd
- Málefni fatlaðs fólks
- Ráðgjöf
- Þverfagleg teymisvinna
- Önnur verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga

**Hæfniskröfur**
- Starfsbundin réttindi félagsráðgjafa
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskipta- og samstarfshæfni

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands. Æskilegur upphafstími starfs er 1. september n.k.

Umsókn er tilgreini menntun, fyrri störf og umsagnaraðila berist Sveini Þór Elinbergssyni, forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ **fyrir 30. júlí n.k.** Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 430 7800, netfang: sveinn@fssf.is.

## Grafískur hönnuður - *Prentsmiður.*

Héraðsprent á Egilsstöðum óskar eftir að ráða grafískan hönnuð eða prentsmið.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og fengist við fjölbreytt verkefni. Æskilegt að hann hafi nokkra reynslu.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er nákvæmur í vinnubrögðum, jákvæður og góður í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið er laust 1. ágúst, eða eftir samkomulagi.
Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur í síma 863 9102 eða Þráinn í síma 896 6422.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á

**gunnhildur@heradsprent.is fyrir 1. ágúst.**

Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.

ICEWEAR · ICELAND ·

## Sölu- og afgreiðslustarf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölumennsku og afgreiðslustörfum
- Góð framkoma og snyrtimennska
- Metnaður og heiðarleiki
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð
- Enskukunnátta

**Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið:**
eyglo@icewear.is fyrir 27. júlí.
Umsóknum ekki svarað í síma.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september.

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
**Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2013.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard.
**The closing date for this postion is July 26, 2013.**
Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**
Please send your application and resumé to :
**reykjavikvacancy@state.gov**

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

## Framreiðslumenn og nemar

Grand Hótel Reykjavík óskar eftir faglærðum þjónum og þjónanemum.
Um er að ræða bæði 100% starf og unnið er á vöktum

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi tali íslensku og ensku
- Snyrtilegur og stundvís.

Umsóknir skulu sendast á veitingar@grand.is

**Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu hótel sem leggur mikinn metnað í faglega og góða þjónustu.**
**Grand Hótel Reykjavík - Sigtúni 38 - 105 Reykjavík - grand.is**

TE & KAFFI

## MATREIÐSLUMAÐUR **ÓSKAST**

**Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi**



**Við óskum eftir faglærðum matreiðslumanni í framleiðslueldhús Te & Kaffi. Um er að ræða krefjandi yfirmannsstöðu og framtíðarstarf.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Yfirmaður ber ábyrgð á rekstri framleiðslueldhúss Te & Kaffi, þ.m.t. innkaupum, samningum við birgja, hámörkun á nýtingu hráefna og vinnuskipulagi þeirra sem starfa í eldhúsinu. Verkefnin eru fjölbreytt en auk þess að taka virkan þátt í daglegum verkefnum er yfirmaður framleiðslueldhússins virkur þátttakandi í matvælavöruþróun Te & Kaffi.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði matreiðslu skilyrði
- Reynsla í stjórnun framleiðslueldhúsa er nauðsynleg
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Þekking og fagmennska í öllum vinnubrögðum

Vinnutími er frá kl. 7:00-15:00 alla virka daga. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 555 1910.
**Umsóknir sendist á atvinna@teogkaffi.is.** Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2013.

### Fagmennska – Þekking – Upplifun

Te & Kaffi er framsækið íslenskt fjölskyldufyrirtæki. Stofnað og rekið af sömu fjölskyldunni síðan 1984. Líflegt vinnuumhverfi, gott starfsöryggi og frábært starfsfólk. Hjá okkur starfa yfir 100 manns í framleiðslu, eldhúsi, á þjónustuverkstæði, skrifstofu og kaffihúsum.

teog kaffi.is




## LAUST ER TIL UMSÓKNAR STARF Á SKRIFSTOFU YFIRFLUGSTJÓRA.
(FLIGHT STANDARDS SPECIALIST, CHIEF PILOT OFFICE).

Skrifstofa yfirflugstjóra sem staðsett er á aðalskrifstofu Icelandair, annast utanumhald um ýmis kerfi og staðla á flugrekstrarsviði, ásamt ýmsum öðrum verkefnum fyrir flugdeild.

**STARFSSVIÐ:**
- Dagleg umsjón með kerfum og stöðlum flugdeildar
- Verkefni tengd flugleiðsögu, afkastagetu og hleðslu flugvéla
- Samskipti við Flugmálastjórn Íslands og erlenda samstarfsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni innan starfssviðs skrifstofu yfirflugstjóra

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Góð menntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði flugumsjónar, flugrekstrar eða önnur sambærileg menntun tengd flugrekstri
- Æskilegt er að viðkomandi hafi bakgrunn úr flugheiminum
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð tölvufærni er skilyrði (Word og Excel)
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og nákvæmni

Við leitum að öflugum einstaklingi í spennandi starf í góðu starfsumhverfi með skemmtilegu starfsfólki, þar sem nákvæm vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Liðsmanni með jákvætt hugarfar og framúrskarandi samskiptahæfileika sem á auðvelt með að vinna sem hluti af liðsheild.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Elín Erlingsdóttir | starf@icelandair.is
Birgir Örn Ólafsson | birgir@icelandair.is

+ **Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 21. júlí 2013.**

ICELANDAIR

# **Viltu starfa** hjá framsækna hugbúnaðarfyrirtæki?



Vegna aukinna umsvifa og verkefna hér heima og erlendis, þá leitum við eftir öflugum liðsmönnum til að starfa í hópi úrvals starfsmanna. Við leitum eftir árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem getur styrkt okkur við þróun og ráðgjöf.

## Ráðgjafar / Verkefnastjórar

Við leitum að einstaklingum með reynslu í ráðgjöf og stjórnun verkefna tengdri innleiðingu viðskiptalausna. Hér er um áhugaverð tækifæri fyrir aðila sem hafa reynslu af vinnu við upplýsingakerfi eins og Dynamics AX, Dynamics NAV, SAP, Oracle eða aðrar viðskiptalausnir, að takast á við nýjar áskoranir og vinna í skemmtilegum hópi við krefjandi úrlausnarefni hér heima og erlendis.

## Kerfisstjóri / Tæknilegur ráðgjafi

Við leitum að reyndum einstaklingi til að vinna við rekstur innri kerfa Annata ásamt tæknilegri ráðgjöf til viðskiptavina okkar. Kerfin okkar eru byggð nánast eingöngu á Microsoft lausnum og því er æskilegt að viðkomandi hafi góða reynslu á því sviði. Hér er um að ræða áhugavert starf fyrir aðila sem hefur gaman af fjölbreyttum og krefjandi verkefnum og vinnur jafn vel einn sem og í hópi.

**Umsóknarfrestur er til 23. júlí nk.** Nánari upplýsingar veitir Hjörtur Þorgilsson (hjortur@annata.is) og skulu umsóknir með náms- og ferilskrá sendar á hann.

Annata veitir þjónustu til viðskiptavina hér á landi og í fjölmörgum löndum utan Íslands. Skrifstofur okkar eru á Íslandi, Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku, Hong Kong og Malasíu og eru starfsmenn um 70. Við störfum náið með samstarfsaðilum um allan heim. Starfsumhverfið er óþvingað og afslappað.
Umbunin er fyllilega í takt við framlag og mjög samkeppnishæf. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsmanna og faglegur aðbúnaður er fyrsta flokks. Þótt vinnan sé tekin alvarlega, skemmtum við okkur reglulega og starfsmannafélagið er mjög virkt.

annata

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Ljósmóðir - afleysing í ár | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201307/036 |
| Embætti framkvæmdastjóra LÍN | Mennta- og menningarmálaráðun. | Reykjavík | 201307/035 |
| Verkefnastjóri fasteigna | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201307/034 |
| Framhaldsskólakennari | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201307/033 |
| Nýdoktor á sviði eldgosarannsókna | Jarðvísindastofnun Háskólans | Reykjavík | 201307/032 |
| Sérfræðingur | Litla Hraun/Sogn | Árborg/Ölfus | 201307/031 |
| Starfsmaður í móttöku | Náttúrufræðistofnun Íslands | Garðabær | 201307/030 |
| Starf doktorsnema eða nýdoktors | Verkfr.- og nátt.vís.svið - Félagsvís. | Reykjavík | 201307/029 |
| Lektorsstörf við Háskóla Íslands | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201307/028 |
| Starfsmaður | Vínbúðin Höfn | Höfn | 201307/027 |
| Deildarlæknar í starfsn. í lyflækn. | LSH Aðstoðarlæknar lyflækninga | Reykjavík | 201307/026 |
| Tölvari | Vegagerðin | Reykjavík | 201307/025 |
| Heilbrigðisritari - skrifstofumaður | Dag- og göngud. blóð- og krabbam. | Reykjavík | 201307/024 |
| Rafmagnsverkfr./Rafmagnstæknifr. | Vegagerðin | Kópavogur | 201307/023 |
| Verk- eða Tæknifræðingur | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201307/022 |
| Starfsmenn í eldhús | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafj./Bolung. | 201307/021 |
| Landfræðingur | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201307/020 |

# TÖLVARI - REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Starf tölvara á upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að ganga bakvaktir á móti öðrum starfsmönnum deildarinnar.**

**Starfssvið**
Rekstur upplýsingakerfa Vegagerðarinnar og þjónusta við notendur þeirra. Innkaup á tölvum og rekstrarvörum í umboði og samstarfi við rekstrardeild, ásamt innkaupum á stöðluðum hugbúnaði. Ýmis eignaumsjón.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þekking á Linux stýrikerfum og netsamskiptum
- Þekking á Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar
- Skipulögð vinnubrögð

***Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið. Vegagerðin er með virka starfsmannastefnu þar sem markmiðið er að viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.***
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 6. ágúst 2013.** Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@ vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt menntunar- og starfsferilsskrá.

**Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.**
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Íris Leósdóttir í síma 522 1000**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

## Starf sérkennara og stuðningsfulltrúa í Grunnskóla Grindavíkur.

**Grunnskóli Grindavíkur auglýsir eftir sérkennurum og stuðningsfulltrúa til starfa á næsta skólaári. M.a. er um að ræða verkefni á elsta stigi og við leitum sérstaklega eftir karlmanni í starf stuðningsfulltrúa.**

Grindavíkurbær er um 2.900 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsueflingu í skóla og leikskóla. Starfsmenn Grindavíkurbæjar eru um 170, en bærinn býður upp á alla helstu opinbera þjónustu. Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 450 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa þannig umhverfi að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. **Sjá nánar á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn .**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is fyrir 31. júlí nk.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 660-7330.**

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

## KENNARAR Í SNYRTIFRÆÐI

BÝR Í ÞÉR ÁHUGI TIL AÐ MIÐLA TIL ANNARA?



Óskum eftir reyndum snyrtifræðingum til kennslu við Beauty Academy. Í boði eru bæði heilar og hálfar stöður.

Beauty Academy er hluti af Fashion Academy Reykjavík. Við bjóðum upp á nám í snyrtifræði til undirbúnings fyrir sveinspróf. Beauty Academy er viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi og lánshæfur hjá LÍN.

Nánari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur veitir Stefanía Marta Katarínusardóttir, skólastjóri - **marta@elite.is**

Umsókn sendist rafrænt á marta@elite.is
fyrir 18. júlí 2013.

WWW.FASHIONACADEMY.IS

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borganes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í stálþil og stagefni fyrir lengingu á Tangabakka í Grundartangahöfn. Útboð efnisins var auglýst á Evópska efnahagssvæðinu þann 21. júní 2013, táknað : Tender No.: 208298-2013.

Útboðið nefnist:
**Grundartangi Harbour, Tangabakki Phase 3 Steel Sheet Piling and Anchorage Material**

**Áætlað magn efnis er:**

| | |
|---|---|
| Stálþil: | 700 tonn |
| Stagefni: | 150 tonn |

Útboðsgögn verða afhent á **skrifstofu Mannvits hf** að Grensásvegi 1, frá og með þriðjudeginum 16. júlí n.k. Einnig er hægt að fá útboðsgögn send á rafrænu formi með að senda póst á netfangið: mannvit@mannvit.is.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Mannvits, Grensásvegi 1, **fimmtudaginn 22. ágúst, n.k. kl 10:00.**

MANNVIT

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

## Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Sogamýri. Breytt landnotkun

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 4. júlí 2013, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, varðandi breytta landnotkun í Sogamýri. Opið svæði til sérstakra nota er breytt í miðsvæði. Á miðsvæðinu er einkum gert ráð fyrir stofnunum og þjónustustarfsemi.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30.-31. gr. skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Tillagan var kynnt samhliða tillögu að deiliskipulagi svæðisins. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 26. apríl til 12. júní 2013. Frestur til að gera athugasemdir rann út 12. júní 2013. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, embætti skipulagsfulltrúa.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborg

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## - Sælgætigerð til sölu !

Vegna sérstakar aðstæðna er lítil sælgætisgerð til sölu. Helsta framleiðsla fyrirtækisins eru kókosbollur, rís / buff borgarar, banastangir, froskar auk nýrra vörutegunda. Erum með samninga við helstu stórmarkaðina. Verksmiðjan er staðsett á Akureyri en ekki er mikið vandamál að flytja hana á milli landshluta.

Uppl í síma 775 3200
eða á netfangið. runartumi@simnet.is

## Garðyrkjubýlið Asparlundur, Laugarási, Bláskógabyggð



Um er að ræða garðyrkjubýlið Asparlund. Landið er 1,2 ha að stærð og er skógi vaxið. Á landinu eru m.a. gróðurhús og pökkunarhús. Gróðurhúsin eru um 1.489,4 fm að stærð en húsin eru byggð á árunum 1976-1988. Lýsing er í um 1.000 fm en stofnar og spennar miðast við lýsingu í öllu saman. Rafmagnsopnun er á mæni húsanna. Rósarræktun hefur verið í húsunum undanfarin ár. Pökkunarhús og geymsla er samtals 134,9 fm. Býlinu fylgja 2 sekúndulítrar af u.þ.b. 90C°heitu vatni. **Ásett verð er 26.5 millj.**

**Allar nánari upplýsingar veitir**
Steindór Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali:
Sími 480-2901
steindor@log.is

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

## ÚTBOÐ

### Menntaskólinn við Sund - viðbygging Aðstaða - rif - jarðvinna Útboð 15508

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við undirbúning viðbyggingar við Menntaskólann við Sund, Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík. Um er að ræða aðstöðuskópun, rif á tveimur húsum og förgun efnis og að lokum jarðvinnu vegna væntanlegrar viðbyggingar.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Girðingum | um 300 lm |
| • Rif á tveimur byggingum: | |
| grunnflötur | um 1.400 lm |
| steypa | um 500 lm |
| • Fyllingar | um 800 lm |
| • Fleygun | um 700 lm |

Vettvangsskoðun verður haldin **fimmtudaginn 18. júli kl. 11** að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **föstudaginn 20. september 2013.**

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. **3.500** hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með **þriðjudeginum 16.júlí 2013**. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum **þriðjudaginn 30. júlí kl. 11** að viðstöddum

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Snorri Sigurfinnsson,
löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

## Opið hús laugardaginn 13. júlí kl. 15:00 - 15:30

## ÞINGVAÐ 9 - EINBÝLI - 110 REYKJAVÍK







FRUM

Fallegt og vel staðsett einbýli á einni hæð við Þingvað 9. Húsið er 252 fm að stærð með bílskúr sem er 34 fm. Í húsinu eru vandaðar, sérsmíðaðar innréttingar. Frágangur, allt skipulag og efnisval er vandað. Mikið hefur verið lagt upp úr smáatriðum. Stórt, hellulagt og upphitað bílaplan sem rúmar nokkra bíla. Stór afgirt timburverönd með gróðurhúsi og steyptur veggur sem afmarkar veröndina og næsta hús. Húsið stendur innarlega í botnlanga. Húsið samanstendur af forstofu, stofu, borðstofu, eldhúsi, sjónvarpsholi, fjórum svefnherbergjum, tveim baðherbergjum, þvottahúsi og bílskúr. Gólfefni eru eikarparket. Flísar eru á baðherbergjum og þvottahúsi og epoxý á bílskúr. Sérhönnuð lýsing. Góð lofthæð í stofu og eldhúsi. Um er að ræða glæsilega eign fyrir vandláta þar sem vandað hefur verið til alls og hugsað fyrir öllu. Einstök staðsetning, stutt í Heiðmörk. Stutt í skóla. **Ásett verð 77,9 millj.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurfinnsson, löggiltur fasteignasali.**
**Sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**

**Fasteignasalan Bær • Sími 864 8090 • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur • www.fasteignasalan.is**

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Gnípuheiði 17
201 Kópavogur
Falleg sérhæð á útsýnisstað!

**Stærð: 156,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 2-3**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 34.750.000**

RE/MAX Lind




**MÁNUDAG 15 JÚLÍ FRÁ KL 17:30 - 18:00**

**Verð: 39.900.000**

Góð sérhæð við Gnípuheiði 17

Eignin skiptist í forstofu, gott eldhúsm stofu, tvö svefnherbergi, þvottahús og rúmgott baðherbergi, möguleiki er að bæta við þriðja herberginu. Rúmgóður bílskúr og einstak útsýni.

Eign sem vert er að skoða!

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Seljaland 1
Bláskógabyggð
Frábær staðsetning

**Stærð: 41,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 7.130.000**

RE/MAX Lind




**Sunnudaginn 14 júlí. kl 14:00-16:00**

**Verð: 13.900.000**

Fallegur og vel staðsettur sumarbústaður á eignarlóð í Bláskógabyggð í skjólgóðu og grónu umhverfi. Bústaðurinn stendur á 4000fm eignarlandi sem heitir Seljaland og er skiki úr landi Lækjarhvamms í Bláskógabyggð. Húsið er 41,6fm að grunnfleti ásamt 20fm svefnlofti. Einnig er 6fm geymsluskúr. Í húsinu er rafmagn og er það kynnt með rafmagni. Vatnsveita er í eigu Rekstrafélags Seljalands. Vatnsveitan er frostfrí. Guðbjörg og Eyjólfur taka vel á móti þér. Upplýsingar veitir Eyjólfur 8467089.

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Rjúpnasalir 14
201 Kópavogur
Fallegt útsýni

**Stærð: 90,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 21.400.000**

RE/MAX Senter




**opið hús mánudag 15.júlí, 18:00-18:30**

**Verð: 25.900.000**

Yfirbyggðar svalir og fallegt útsýni. Tvær lyftur í húsinu.
Forstofa/hol með fataskápum. Eldhús með Brúnás innréttingu, borðstofa og stofa í opnu rými, útgengi á yfirbyggðar suður svalir, fallegt útsýni. Innaf stofu er lítið herbergi sem ekki hefur verið lokað með hurð. Rúmgott hjónaherbergi með fataskápum. Baðherbergi með sturtu og innréttingu.Þvottahús innan íbúðar með innréttingu. Eikar parket á allri íbúðinni fyrir utan þvottahús og baðherbergi en þar eru flísar.

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík
Við Klambratún

**Stærð: 147,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 1951**
**Fasteignamat: 31.800.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Borg




**Opið hús mánud. 15. júlí frá 17-17:30**

**Verð: 44.900.000**

Remax/Borg kynnir vel staðsetta og fallega eign.
Þriggja til fjögurra herbergja neðri hæð með sérinngangi. Falleg hönnun og efnisval ásamt vönduðum frágangi einkennir íbúðina.
Bjartar stofur með margskiptum gluggum, skrautlistum í lofti og „frönskum" hurðum. Hægt að útbúa þriðja herbergið úr annarri stofunni. Stórt og bjart eldhús með góðri vinnuaðstöðu.
Góður bílskúr með rafmagnsopnun ásamt heitu/köldu vatni. Laus fljótlega.

Margrét Gunnarsdóttir
Sölufulltrúi
**6913555**
margret@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
**7772882**
thora@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

## Hrísholt 6
210 Garðabær
Einbýli með stórkostlegu útsýni

**Stærð: 250,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1982**
**Fasteignamat: 57.250.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Mánudaginn 15/7 kl 17:30-18:00**

**Verð: 57.900.000**

Einstaklega hlýlegt einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Stórar svalir með mögnuðu útsýni yfir borgina, sjóinn og að Snæfellsjökli. Auðvelt að hafa sér íbúð í kjallara. Allt að 5 svefnherb., tvö baðherb., stórar saml. stofur, borðstofa og sólstofa. Heillandi garður og timburverönd með heitum potti. Allar upplýsingar veitir Þórunn Pálsd.sölufulltrúi/byggingarverkfr. MBA s:69-34162 og í thorunnp@remax.is

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
**693 4162**
thorunnp@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Logafold 30
112 Reykjavík
Glæsilegt einbýli á sjávarlóð

**Stærð: 309,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 1985**
**Fasteignamat: 65.450.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Þriðjudaginn 16.júlí kl 17:30-18:00**

**Verð: 75.900.000**

Stórglæsilegt einbýlishús á á tveimur hæðum á útsýnisstað við Grafarvog. Stórar og bjartar samliggjandi stofur og eldhús. Sólstofa, fimm svefnherbergi, fjögur baðherbergi, stórt þvottahús og góðar geymslur. Opið bílskýli.Fallegur garður. Gott viðhald. Auðvelt að hafa sér íbúð í kjallara. EINSTAKLEGA VEGLEG EIGN. Allar upplýsingar veitir Þórunn Pálsd., sölufulltrúi/byggingarverkfr,MBA s:69-34162 og í thorunnp@remax.is

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
**693 4162**
thorunnp@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Nesvegur 59
107 Reykjavík
FLott sérhæð í vesturbænum

**Stærð: 111,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1955**
**Fasteignamat: 29.750.000**

RE/MAX Senter



**Bóka skoðun í síma 899-6753**

**Verð: 37.900.000**

RE/MAX SENTER KYNNIR: Falleg sérhæð á vinsælum stað í vesturbæ Reykjavíkur með sjávarútsýni. Eignin skiptist í forstofu, stofu, hjónaherbergi, 2 barnaherbergi, baðherbergi og eldhús. Eldhús með upprunalegri innréttingu. Baðherbergið endurnýjað 2006. Nýtt rafmagn í íbúðinni með nýrri rafmagnstöflu. Nýlegir gluggar og svalahurð úr stofu.Útgengi út í garð af svölum.Úr forstofu er gengið niður í sameign, þar er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Silungakvísl 4
110 Reykjavík
Við Elliðarárdal

**Stærð: 288 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 1984**
**Fasteignamat: 63.750.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Borg




**Opið hús mánud.15.júlí kl. 17:30-18:00**

**Verð: 69.900.000**

RE/MAX BORG kynnir vandað tveggja hæða einbýlishús við útivistarparadísina í Elliðaárdal.
Miklir franskir gluggar og náttúrusteinn í gluggakistum. Bjartar stofur með mikilli lofthæð, stofuloft eru viðarklædd með innfelldri lýsingu. Gengið er úr stofu út á stórar suðvestursvalir með fallegu útsýni yfir borgina. Baðherbergi og eldhús nýlega endurnýjað.
Tvöfaldur innbyggður 44 fm bílskúr með rafmagnsopnun.

Hildur Birkisdóttir
Sölufulltrúi
**663-4539**
hildur@remax.is

Úlfar Davíðsson
Lögg. fasteignasali
**897-9030**
ulfar@remax.is

**RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is**

## Teigasel 7
109 Reykjavík
Falleg og björt 3ja herbergja

**Stærð: 88,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1975**
**Fasteignamat: 17.000.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudag 15.júlí 17:00-17:30**

**Verð: 21.900.000**

Íbúðin var algjörlega endurnýjuð fyrir nokkrum árum, innréttingar, gólfefni, hurðir, (íbúðarhurð er eldvarnarhurð), hreinlætistæki, ofnar, rafmagn (tafla endurnýjuð og öryggi stækkuð), gluggakistur og gler.
Forstofa/hol. Eldhús með fallegri innréttingu, borðkrókur. Tvö svefnherbergi. Baðherbergi flíslagt með baði og innréttingu. Rúmgóð stofa með útgengi á flíslagðar svalir. Merbau parket á allri íbúðinni fyrri utan baðherbergi. Falleg eign sem vert er að skoða í snyrtielgu fjölbýli.

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Álfholt 30
220 Hafnarfjörður
3ja herb. sér inngangur, verönd

**Stærð: 92,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 17.900.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudag 15.júlí, 19:00-19:30**

**Verð: 21.500.000**

Sér afgirt verönd, og einnig stór sameiginlegur garður sem einnig er afgirtur, einstaklega barnvænt. Stutt í alla þjónustu, verslun, skóli og leikskóli í göngufæri Flísalögð forstofa með fataskáp. Hol/ gangur með parket á gólfi. Eldhús með ljósri innréttingu, parket á gólfi. Stofa og borðstofa með parket á gólfi, útgengi á verönd. Barnaherbergi með fataskáp, parket. Hjónaherbergi með fataskáp, parket. Rúmgott baðherbergi með baðkari, innrétting, t.f þvottavél. Geymsla í íbúð.

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Leiguíbúðir Fróðengi 1—11, Grafarvogi, 112 Reykjavík

- Íbúðir til almennrar leigu fyrir einstaklinga og pör á öllum aldri -

Nýjar vandaðar tveggja og þriggja herbergja íbúðir 72 – 95 m² til leigu í Fróðengi 1 – 11, Grafarvogi.

Fallegir garðar og góð bílastæði. Verslunar- og þjónustumiðstöðin við Spöngina í göngufæri. Golfvöllur Korpu, Egilshöllin, góðar göngu- og reiðhjólaleiðir í næsta nágrenni.

Nánari upplýsingar í síma 522 5700 eða senda fyrirspurnir á netfangið: eir@eir.is



HÍBÝLI FASTEIGNASALA

**Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.**
**Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.**
Suðurgata 7, 101 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800






**Rekagrandi 3 - Opið hús á laugardag milli kl. 14 og 15**
Falleg og björt 132,7 fm 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum á þessum vinsæla stað í Vesturbænum. Á neðri hæð er stór stofa með suðursvölum. Svefnherbergi. Eldhús, falleg innrétting. Baðherbergi, baðkar og sturtuklefi, t.f þvottavél. Í risi eru þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol og geymsla (á teikn. baðherbergi.) Parket og flísar á gólfum. Stæði í bílskýli. Íbúðin er 106 fm og stæðið 24,7 fm. **Verðtilboð. Íbúðin er til sýnis í dag, laugardag, milli kl. 14 og 15.**



**Hrauntunga - 200 Kópavogur**
Glæsilegt og mikið endurnýjað 288 fm tvílfyt tengihús í suðurhlíðum Kópavogs. Stórar stofur, sólstofa m.30 fm suðursvalir útaf, 4 svefnherbergi, tvö flísalögð baðherb. Stór innbyggður bílskúr með miklu geymslurými þar fyrir innan. Gólf eru granítlögð. Eign í sérflokki. **Verð 57,9 millj.**



**Asparteigur - 270 Mosfellsbær**
Glæsilegt og nánast fullbúið 223,5 fm parhús með innb. bílskúr á góðum stað í Mosfellsbæ. Rúmgóð stofa, fallegt eldhús með útgangi á afgirta verönd, þrjú svefnh., sjónvarpshol, vandað baðh., gestasnyrting og þvottahús. Parket og flísar á gólfum.**Verð 49,5 millj.**



**Litlagerði - 108 Reykjavík**
Fallegt 272 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað í Bústaðahverfi. Á hæðinni eru stofur, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengi niður í stóra sólstofu með útgengi í gróinn og fallegan garð. Í risi eru þrjú svefnherbergi og vandað baðherbergi. Í kjallar er einstaklingsíbúð með sérinngangi. Stórt íbúðarherbergi, þvottahús og geymsla. Góður bílskúr. **Verð 72 millj.**



**Skyggnisbraut - 801 Selfoss**
46,2 fm sumarbústaður sem stendur á 14.200 fermetra eignarlandi á fallegum og kyrrlátum stað við bauluvatn í landi hæðarenda, rétt innan við jörðina Búrfell. Landið er fallegt og gróið. Bústaðurinn þarfnast endurbóta. Möguleiki er að reisa fleiri sumarbústaði á landinu. **Verð 14,8 millj.**



**Borgarholtsbraut - 200 Kópavogur**
Vandað 284 fm tvílyft einbýlishús í vesturbæ Kópavogs. Stórar stofur, arinn. Fjögur svefnherbergi. Eldhús með borðkrók. Stórt þvottahús og tvær geymslur. Bílskúr fyrir tvo bíla. Möguleiki á að skipta húsinu í tvær íbúðir. Húsið er nýlega steinað að utan. Fallegur gróinn garður. V**erð 55 millj.**



**Ásakór - 203 Kópavogur**
Mjög falleg 3ja herbergja 100,7 fm íbúð í góðu fjölbýlishúsi með lyftu. Tvö svefnherbergi með innb. skápum. Baðherbergi, flísalagt, baðkar og sturtuklefi. Stór stofa. Eldhús, góð innrétting. Þvottahús í íbúð. Stórar flísalagðar vestursvalir. **Verð 27,8 millj.**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**OFFROAD E1 - 1990Þ!!!**

Hálendið here we come.....vel útbúinn og öflugur ferðavagn sem lítur út sem nýr. Fleetwood Evolution E1 árg.2008. Svefnpláss f. 6-8 manns. Ísskápur, eldavél, fortjald o.fl. Tilboðsverð 1990þ. Er á staðnum. BÍLALÍF Kletthálsi.



**7 MANNA**

CHRYSLER TOWN COUNTRY SPORT VAN BASE.Árg.'07 ek. aðeins 64.þ km,bensín,sjálfskiptur,innfluttur nýr.Verð 2.490.000,er á staðnum. Rnr.103638

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Klettháls
Sími: 570 5220
www.toyotaklettháls.is



TOYOTA Land cruiser 100. Árgerð 2000, ekinn 166 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.600 þús Ásett verð1.890.000. Rnr.130578

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Klétthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklетthalsi.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is
Við seljum bíla!
Söluhæsta netbílasala landsins!
NETBÍLAR
www.netbilar.is - Sími 588 5300

Netbílar er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yðar happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

AGCO PARTS

**Agco varahlutir**

Original varahlutir og síur fyrir Massey Ferguson og Valtra dráttavélar.



**Antik traktorar**

Eigum til á lager og útvegum varahluti í gömlu dráttavélarnar, einnig viðgerðarbækur, málningu ofl.



**Tindar og sláttuhnífar**

Tindar og sláttuhnífar í flestar gerðir heyvinnutækja.



**Fyrir sumarið**

Drifsköft, drifskaftsefni, hjöruliðir, öryggishlífar, traktorssplitti, beisliskúlur, lásar yfirtengi ofl.



**Lífrænt hænsnafóður**

Ræktaðu þín eigin vistvænu egg. Goggi varpfóðrið nú aftur fáanlegt í 25kg pokum.

JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Jötunn Vélar ehf - S. 4800400
www.jotunn.is
Austurvegi 69 - 800 Selfossi
Lónsbakka - 601 Akureyri

**Jötunn - Vélar ehf**
**Austurvegi 69, 800 Selfoss**
**Sími: 480 0400**
**http://www.jotunn.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



A-LINER Expedition sofa bed. Árgerð 2009, sólarsella. Tilboð 2.100.000. Rnr.104355.



ADRIA Altea 462ps. Árgerð 2011, fortjald, sólarsella, sjónvarpsloftnet o.fl.. Verð 3.290.000. Rnr.103973.



CHEVROLET Express g 1500. Húsbílainnréttaður, fortjald o.fl. Árgerð 2005, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 1.990.000. Rnr.260900.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið mán - fös 10-18 og lau 12-16**
**www.planid.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



CHALET Arrowhead. Árgerð 2006. Sólarsella, lítið notað. Verð 1.890.000. Rnr.100243.



KNAUS Eifelland-holiday 500tk. Árgerð 2008. Verð 3.250.000. Rnr.110630.



FIAT P200. Árgerð 2006, ekinn 15 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Mikið af aukahlutum fylgja. Verð 5.600.000. Rnr.110516.



VW Touran. Árgerð 2005, ekinn 135 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.100219.



SKODA Superb. Árgerð 2011, ekinn 115 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.120420.



AUDI Q7 S-line. Árgerð 2007, ekinn 141 Þ.KM,4,2 dísel, sjálfskiptur. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 8.490.000. Rnr.120453.



TOYOTA Yaris. Árgerð 2006, ekinn 179 Þ.KM, bensín, 5 gírar. ATH SKIPTI DÝRARI. Verð 990.000. Rnr.120443.

HEKLA REYKJANESBÆ



TOYOTA Auris. Árgerð 2013, ekinn 800 km, dísel, 6 gírar,dráttarbeisli. NÝR BÍLL Verð 3.690.000. Rnr.110652.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

bíll.is bestir í bílum...



**GEGGJAÐ TÆKI**

CHEVROLET Corvette 5.7 auto. Árgerð 2006, ekinn 54 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Sími eftir lokun 695 2015 Rnr.192665.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

## Bílar til sölu



Mitsubishi Lancer árg.2009 Ek. 115þús verð.2.300þús. tilboð staðgreitt 1.890þús Skoða skipti dísel jeppling. Uppl í s. 897 4912



Toyota Corolla árg, 04 ek 102 þús km. skoðaður 2014. Sjálfskiptur vel með farinn bíll. vetrardekk fylgja. Verð 1,1 millj. Uppl í síma 898-1433



Volvo S40 2,4 árg.'08, ek. 98 þ. V. 2490 þ. Sjálfsk, álfelgur og leðuráklæði S. 698-4828



Subaru Legacy Sport Sedan árg 2009. Ek. 45þús km. Verð 2.890þús. S:693 8032



Dodge Sprinter, millistærð, innréttaður, svefnpl fyrir 2, skráður f 3 farþega Ekinn aðeins 60 þ km. Verð 3,8 m Uppl: 840 5507



Til sölu Skoda Octavia 2.0 bensín sjálfskiptur árg. 2006, ek. 130.000. Ásett verð 1.490.000. Góður bíll í toppstandi. Möguleg skipti á ódýrari. Uppl. í S. 868 6321



**TOYOTA HILUX 2007**

3 Lítra Diesel - 35" breyttur, Beinsk. ek.112 Þ.KM Snyrtilegur og vel þjónustaður. Uppl. í S.616 1442



Til sölu VW Sharan 2006, ek 104 þ km. Í toppstandi. Verð 1.850.000 kr. Uppl í S: 840 3086



VW Touareg V8, árg ,04, ekinn aðeins 64 þ. km. Stgr 2,4m, Uppl. í S. 898 2001



BMW 530 disel árg.'05 ek. 131þ. km vel með farinn frábær bíll.Næsta sk. 2014. 6,7l/100km blandaður akstur. Tilb. 3.290.000. Uppl. í S:692 3527

## til sölu

**Til sölu Bens CLS 550**



**Árg 2007, ek 56 þús. Eins og nýr. Sjálfsk, leður, lúga o.fl**

**Nánari upplýsingar í s: 896-7156**

## til sölu

**FORD TRANSIT CHALLENGER**



FORD TRANSIT CHALLENGER 192 06/2004, ekinn 18 Þ.km, dísel, 5 gíra. Stór geymsla (rými t.d. fyrir 2 vespur), tvöfalt að aftan! Sami eigandi frá 2006, alltaf geymdur inni! **Verð 8.650.000.** Rnr.283578 á www.bilo.is

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN

**HÖFÐAHÖLLIN ehf Funahöfði 1, 110 RVK S. 567 4840**

## Bílar til sölu



Virkilega fallegur og vel með farinn húsbíll að gerðinni Daybreak, hann með Ford V10 vél, árg. ,07, ek. 5.000 km. Tilboð óskast skoða öll skipti. Allar uppl. í s: 892 2310



Volvo s60 ,04 ek. 150 þ. Leður, topplúga, crusecontrole, rafmagn í rúðum, sjálfsk. Ásett verð 1.750 þ. Tilboð 1.400 þ. S. 866 8689

Til sölu Nissan Patrol árg.'05. Ek. 140.000 km. Díselvél. Upphækkaður á 35 tommu dekkjum. Leður, topplúga, loftkæling o.fl. Ásett verð 2.790.000 kr. Engin skipti. Uppl. í S. 899 8855

JÁ SÆLL! OPEL AZTRA TIL SÖLU. 99 árg. Station. Ek. 172þús. V. 390þús. Uppl. gefur Siggi í S. 898 1955

Hundai Starex árg'02 til sölu. Þarfnast viðhalds. Selst á 160Þ. Uppl. í s. 864 8042.

## 0-250 þús.



**PELI TIL SÖLU!**
Opel Zafira árg 2000, ek. 180 þkm. Hæfilega hnjaskaður, fínn iðnaðarmannabíll. Verðhugm. 280þ.kr. S. 897 3015

## 250-499 þús.



Til sölu Golf 97, sjálfskiptur ek 140 Líur mjög vel út, verð 280.000 770 5144



**4X4 CHEROKEE MEÐ KRÓK Á 390 ÞÚS!**
JEEP GRAND CHEROKEE 4.0 árg'99 ek 186 þús km. ssk. skoðaður 14, ásett verð 620 þús TILBOÐ 390 ÞÚS s.841 8955



**SSK FORESTER**
SUBARU FORESTER 4X4 árg'98 ek aðeins 187 þús, sjálfskiptur, skoðaður 14, ekkert ryð, góður og áreiðanlegur bíll, verð 370 þús s.841 8955

## 500-999 þús.



ÓDÝR Hyundai Santa Fe 4x4. Árg.'04 ek.106þ. V6 bensín, sj.skiptur. krókur ofl. Verð 1.190þ. TILB: 990þ. 100þ bensínkort fylgir! Mikið endurnýjað í topp standi. S:862 0000

## 2 milljónir +



Honda CRV árg. ,08. Ek. 30þ. Brúns. Bein sala. Verð 3,6m. S. 843-9950.

## Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR AÐ LEIGJA RÚMGÓÐAN JEPPA.**
Vill leigja rúmgóðan og snyrtilegan stóran jeppa fyrir erlenda gesti og íslenskan bílstjóra frá 27. júlí - 11. ágúst.

Í boði er fyrirframgreiðsla í peningum, kaskótrygging, góð meðferð og engin utanvega akstur.

**Lysthafendur hafi samband við Stefán í s. 697 7137**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Húsbílar



Til sölu M.Bens húsbíll árg. ,85 ekinn 315 þús. verð 1500 þús. Uppl. í síma 665 8279 eða 894 2911






## Sendibílar

568 5000 NS Nýja Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Honda Shadow VT 750. Árg ,09, ek 1150km. Nánast ónotað. V: 1080þús. Uppl. 899 5189.



Honda CRF 450X til sölu, árg. ,05, lítið notað topp eintak. V. 590 þ. S. 892 5195



Harley Davidson Custom chopper 113" til sölu. Svakalegt hjól, fullt af krómi. Verð aðeins 2.490 þ. stgr. Uppl. í S. 822 4060








Yamaha R1 árg. ,00. Ek. 29 þ. km. V. 550 þús. Vel með farið Uppl. í S: 777 9707

## Reiðhjól






## Kerrur



Til sölu Álkerra. Verð 180 þús. Uppl. í s. 843 8282



Evrópskar gæðakerrur. Verð frá 129.900. Skoðaðu úrvalið á kerrur. is eða kíktu til okkar. Dekkjahöllin Akureyri, Egilsstöðum og Skútuvogi 12.

## Hjólhýsi



**HJÓLHÝSI MEÐ ÖLLU TILHEYRANDI - HELGAR EÐA VIKULEIGA**
Einnig heimagisting og bílaleiga. Gistiheimilið Njarðvík. Uppl. S. 661 7069 www.gistiheimilid.is



Til sölu eldra hjólhýsi staðsett í landi Skógræktar ríkisins við Ásólfsstaði (í Þjórsárdal). Hjólhýsinu fylgir gaskútar, sólarsella, gasofn, húsgögn, fortjald og fleira. Verð 650þ. Nánari uppl. í S: 868 5831



Til sölu 2011 Wilka Sento 450 HDT hjólhýsi Vel um gengið og sem nýtt. Sólarsella, makísa og loftnet fyrir tv. Ásett verð 3.9m góður st. Afsláttur, bein sala. Uppl. í S: 899 7567

## Fellihýsi








Til sölu lítið notað Offroad fellihýsi Starcraft R/T 10, árgerð 2007 Ískápur, gas/rafmagn, eldavél, kalt vatn og tenging f. heitt vatn, markísa, ónotað fortjald og gasgrill og aukadínur fylgir með. Nýskoðað og næsta skoðun 2015, engin skipti. Verð 1680 þkr. Uppl. í s. 8426500





Fleetwood Cheyenne 2006 10f. Lítið notað, SÓLARSELLA. Ásett 1.500þ Tilboð 1.100þ S. 698 8000 eða 699 3877. Hús í toppstandi !!!

Til sölu Camp Lite fellihýsi, árg. ,99 með sólarsellu, ísskáp og fortjaldi. Nýskoðað. Verð aðeins 470 þús. Uppl. í s: 822 2310.

## Tjaldvagnar

**TIL SÖLU TJALDVAGN**
Tjaldvagninn COMAMCE MONTANA, árg. 2008, ásamt fortjaldi og stórum geymslukassa á beisli. Verð 600 þús eða tilboð. Uppl. í s. 820 2862

## Vinnuvélar



Til sölu spjótlyfta Genie S85 árgerð 1998, 4x2. Er í góðu standi, vinnuhæð 28m. Verð án vsk 1.700.000.- Uppl. í síma 843 3505 & 843 3506



**CAT TH360B**
Árg. 2007. Skófla, gafflar, mannkarfa. Verð án vsk: 6.500.000. Tæki í mjög góðu ástandi. Uppl. í síma 694 3800, hh@velafl.is

## Lyftarar





**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Bátar



Af sérstökum ástæðum er til sölu Sómi 8,45, sem er á strandveiðum á sv, B Bátur í mjög góðu lagi, með góðum tækjum og búnaði. Gott tækifæri fyrir duglegan sjómann. Afhending eftir samkomulagi. Lán getur fylgt Tilboð óskast. Uplýsingar í síma 892 5414



Til sölu Shetland 1900 SS með 225 hestafla Mercury Optimax og vagni. Einn hraðskreiðasti bátur landsins. Verð 2.2 milj. stgr. Uppl. í S. 822 4060








Ein fallegasta seglskúta landsins. 25 fet, mikið endurnýjuð, rafmagn'05, vél ,06. Segl ,07,björgunarbátur ,08 . Raymarine tæki ,10. Haffæri og búnaður fyrir strandsiglingar. Góð kerra fylgir. Verð 3.500.000 Uppl. í S.864 4338 og thorstb@simnet.is






## til sölu



**Club Car Precedent Golfbílar**

Nýir eða notaðir

Bensín eða rafbílar

4ra ára ábyrgð á rafgeymum

ORGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílunum
Club Car umboðsaðili á Íslandi

**Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp. Sími 5641864**

## til sölu



**Honda VTX 1800 C ´04**
**Ekið 18.000m**



**Honda VTX 1800 N ´04**
**Ekið 15.000m**



**Honda Varadero 1000 '09**
**Ekið 9.500km**



**Honda Valkyrie 1520 ´03**
**Ekið 21.000km**



**Honda Goldwing 1800 ´05 Ekið 10.000km + farangurskerra.**

**Upplýsingar í síma 698 2312 Jón Aðalsteinn.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 Rvk. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 3 herb íbúð í miðbæ 101 Rvk. 140 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Með/án húsgagna. Uppl. 776 3260.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**ÖSSUR HF.**
óskar eftir að leigja 4-5 herbergja íbúð frá 1. september til lengri tíma í Árbæ, Grafarvogi, Grafarholti eða öðru hverfi nálægt Grjóthálsi.
**Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið sragnarsdottir@ossur.com eða hafið samband í síma 515-1300.**

Óska eftir herbergi eða einstaklingsíbúð í Hafnarfirði. Uppl. í S: 868 2118

Óska eftir ódýru herb. til leigu í Rvk, Kóp, Grb eða Mosf. S. 7768696

Ung kona óskar eftir 2-3ja herb. íbúð á svæði 104, 105 eða 108 sem fyrst. Er með fasta vinnu og skilvísum greiðslum heitið. S. 892 6858 Guðrún

Reglusöm barnlaus hjón óska eftir 2ja herb. eða stúdíó íbúð í Rvík. Öruggar greiðslur. Uppl. S: 865 2160.

**ÓSKA EFTIR.**
Vantar stúdíó eða 2 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu eða reykjanesbæ. Greiðslugeta 50-70 þús. Örrugum og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 849-5868 eða á hbigamli@gmail.com.

Reglusöm læknafjölskylda sem er nýflutt til landsins óskar eftir að leigja 4-5 herb. íbúð/hús sem fyrst -helst í Garðabæ eða á Seltjarnarnesi. Frekari uppl. í síma 823-4650/ 617-7847 eða í tölvupósi box240802@gmail.com.

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
Gistiaðstaða f. 12 manns. Verð 25þús virka daga nóttin (lágm. 2nætur) Helgin 70þús. Laust í ágúst og september. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com



Til sölu 35m2 sumarhús/gestahús að verða fokhelt með litlu svefnlofti. Verð 3.490 millj. Einnig 28m2 bílskúr/geymsla fullbúin til fluttnings forsteyptar undirstöður fylgja með. Tilboð 2.990 millj. Selst saman eða í sitthvoru lagi. Skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s. 898-1598.

**SVEITASETUR TIL SÖLU**
Nýstaðsett sveitasetur við Hafravatn (rafmagn, heitt og kalt vatn) og 4000 m2 lóð, hentar vel til heilsársbúsetu. Verð: 14,9 milljónir. S. 8962850

Vel byggt og fallegt ca 8 fm gestahús/ geymsla til sölu. Verð 390 þ. S. 699 4396

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í S: 777 9848

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Öflugur og reynslumikill starfsmaður óskast til starfa á smurstöð N1 á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030.

Óska eftir starfsmanni sem er vanur húsaviðgerðum og ekki verra að hann sé vanur hestum. Uppl í S. 616 1569

**BÍLSTJÓRI Í AFLEYSINGU**
Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur og heiðarlegur(sakavottorð óskast). Þarf að hafa meirapróf. Föst útkeyrsla á morgnana ásamt meiri vinnu. Upplýsingar í síma 692 9510. Getur verið um langtíma afleysingu að ræða.

**VAKTSTJÓRI ÓSKAST**
Óskum eftir vaktstjóra á kjúklingastaðinn Haninn í Skeifunni. Umsóknir sendist á haninn@simnet.is

Byggingaverktaki óskar eftir smiðum eða mönnum vönum smíðavinnu. Einnig verkamönnum með og án vinnuvélaréttinda. Verður að vera íslenskumælandi. Uppl. 869-7975

Apartment hotel in 101 RVK, seeks applicants for housekeeping. Both part and fulltime positions available. Please send applications to job@apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

**FRÍR STARFSKRAFTUR**
Ég óska eftir vinnu fyrir son minn til 20. ágúst. Ég skal borga launin. Hann er heiðarlegur, duglegur, snyrtilegur og jákvæður. Áhugasamir sendið tölvupóst á vinnasumar@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**SEXY ICELAND**
Nýr heitur vefur í mótun. Vertu með frá byrjun. SexyIceland.com

Kona, leitar þú tilbreytingar? Auglýsing hjá Rauða Torginu kostar ekkert og skilar árangri strax. Sími 555-4321.

Viltu breyta til? „Kona með reynslu" vill kynnast karlmanni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8343.

Sexy miðaldra kona vill kynnast karlmanni eldri en fimmtugt. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8158.

Ung íslensk kona í heitum einleik. Mjög góður endir! Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8792

Fimmtugur karl vill kynnast konu á svipuðum aldri. Ekki skyndikynni. S. 841 7667. Gæti byrjað með SMS.

Flottur karlmaður vill kynnast karlmanni með góðar stundir í huga. Hefur ekki aðstöðu. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8731.

## Tilkynningar

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!**
Skottsala í bílakjallaranum í Firði Hfj. í dag milli kl. 11 og 16.
**Fjörður Hafnarfirði**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.








## Árakur 27 - Garðabæ. Endaraðhús.

**OPIÐ HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 16.00 - 17.00**

Glæsilegt 248,9 fm. endaraðhús með innbyggðum 29,4 fm. bílskúr á frábærum stað í Akralandinu í Garðabæ með svölum til vesturs og góðri lóð til austurs og vesturs. Húsið er fullfrágengið og innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Opið eldhús með sérsmíðuðum innréttingum og vönduðum tækjum. Sjónvarpshol. Fjögur herbergi auk forstofuherbergis og tvö baðherbergi. Gólfhiti er í hluta hússins. Lóð með hellulagðri verönd og innkeyrslu. Stutt í skóla og leikskóla.

**Óskað er eftir tilboðum í eignina. Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.**

# Með fiðrildi í maganum fyrir hvern leik

Af 23 leikmönnum íslenska landsliðsins sem stendur nú í ströngu á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu í Svíþjóð eru tvær systur, þær Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur. Þá eldri þekkir nánast hvert mannsbarn á Íslandi en Elísa er að stíga sín fyrstu skref í landsliðinu. Guðmunda Bjarnadóttir, móðir þeirra, segir þær afar ólíkar innan vallar sem utan.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is



**STOLTIR FORELDRAR** Nöfn allra íslensku leikmannanna á EM í Svíþjóð eru rituð á þennan varða fyrir utan leikvanginn í Kalmar, þar sem Ísland mætti Noregi á fimmtudagskvöld. Viðar bendir á nafn Elísu og Guðmunda á nafn Margrétar Láru. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Guðmunda Bjarnadóttir og Viðar Elíasson frá Vestmannaeyjum eiga fjögur börn sem öll hafa afrekað að hafa spilað með meistaraflokki ÍBV í knattspyrnu. Óhætt er að fullyrða að íþróttir hafi markað líf fjölskyldunnar með varanlegum hætti. Bræðurnir Bjarni Geir og Sindri hafa báðir lagt skóna á hilluna en yngri systur þeirra, Margrét Lára og Elísa, eru báðar í landsliðinu og keppa fyrir hönd þjóðarinnar á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð sem hófst í vikunni.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Guðmundu í vikunni en foreldrarnir voru þá nýkomnir til Svíþjóðar þar sem þau fylgjast með dætrum sínum á EM – nema hvað.

„Ég var nú sjálf í handbolta en pabbi þeirra í fótbolta og hann fékk að ráða á endanum. Ég reyndi samt,“ segir hún í léttum dúr, en börnin voru dugleg að prófa hinar ýmsu íþróttir á sínum tíma – fótbolta, handbolta, frjálsar og svo framvegis.

„Við foreldrarnir hvöttum þau til að stunda íþróttir en þau sýndu því reyndar áhuga sjálf alla tíð. Ætli þau hafi ekki fengið íþróttaáhugann með móðurmjólkinni,“ útskýrir Guðmunda.

Margrét Lára þótti afar efnileg handboltakona og var sem unglingur samtímis valin í landsliðsúrtök fyrir báðar íþróttir. Þá þurfti hún að velja og fór sömu leið og pabbi hennar, eins og reyndar systkinin öll.

„Það fór alltaf mjög vel saman að æfa handbolta á veturna og fótbolta á sumrin. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði getað verið í báðum íþróttum lengur.“

### Snertir ekki á gosinu

Guðmunda segir að það hafi alla tíð verið augljós munur á þeim systrum. „Margrét Lára var alltaf með bolta við tærnar. Elísa var hins vegar meira fiðrildi og kom víðar við en Margrét Lára,“ segir hún, en eftir að sú síðarnefnda valdi knattspyrnuna var ljóst að hún ætti langan og glæsilegan feril fram undan. Svo fór að hún spilaði fyrsta A-landsleikinn sinn fyrir sautján ára afmælisdaginn sinn, er Ísland vann 4-1 sigur á Ungverjalandi. Margrét Lára kom inn á sem varamaður og skoraði með fyrstu snertingu sinni í leiknum.

Elísa, sem er fimm árum yngri, ákvað ekki löngu síðar að hún vildi feta sömu leið og stóra systir.

„Elísa var aðeins 12-13 ára gömul þegar hún setti sér það markmið um að gerast atvinnumaður og spila með íslenska landsliðinu. Hún hefur unnið markvisst að því síðan þá. Hún hætti til dæmis að drekka gos tólf ára gömul til þess eins að halda sér í formi og vera heilsuhraust,“ rifjar hún upp og hlær.

„Hún var mjög ung þegar hún byrjaði að spá í þessa hluti enda ekki með sama náttúrutalent og systir sín. Elísa þurfti að hafa meira fyrir þessu. Enn þann daginn í dag snertir hún ekki við gosi og er mjög ákveðin í mataræðinu. Enda veit hún að hún þarf að leggja mikið á sig til að ná markmiðum sínum.“

Guðmunda segir að foreldrarnir hafi ávallt hvatt börnin sín áfram á þeirra eigin forsendum, enda sé ekki hægt að bera systurnar saman.

„Þær eru svo ólíkar, innan vallar sem utan. Margrét Lára er sóknarmaður og markaskorari en Elísa varnarmaður. En þær eru mjög góðar vinkonur og hafa orðið samrýndari með árunum. Svo eru þetta skemmtilegar stelpur – léttar og kátar.“

### Langflestir væru búnir að gefast upp

Margrét Lára verður 27 ára í næsta mánuði en hefur þrátt fyrir ungan aldur afrekað ótalmargt. Hún er til að mynda eina knattspyrnukonan frá upphafi sem hefur verið útnefnd íþróttamaður ársins, en þá nafnbót fékk hún árið 2007. Hún hefur leikið sem atvinnumaður í rúm fjögur ár og skorað 70 mörk í 89 landsleikjum. Það er árangur á heimsmælikvarða og þarf varla að taka fram að Margrét Lára er langmarkahæsti leikmaður íslensku knattspyrnulandsliðanna, bæði karla og kvenna.

Afrek hennar eru ekki síður merk í því ljósi að hún hefur glímt við þrálát meiðsli í tæp fimm ár. Hún ákvað að fara í stóra aðgerð í nóvember síðastliðnum til að gera eina lokatilraun til að ná sér góðri á ný. Ef aðgerðin hefði hins vegar misheppnast væri ferli hennar líklega lokið.

„Það hefur verið mjög dapurlegt að fylgjast með henni í þessari baráttu. En hún er ólseig og hefur borið hitann og þungann af þessu öll sjálf. Ég held að flestallir væru löngu búnir að gefast upp – líka karlar sem fá himinhá laun fyrir að spila fótbolta,“ segir Guðmunda.

„Draumur Margrétar Láru hefur alltaf verið að koma til baka og ná fullri heilsu – þrátt fyrir að hafa verið á hælunum í fimm ár. Á þeim tíma hefur hún alltaf rifið sig upp og ávallt verið skotin niður. En þá rífur hún sig bara aftur upp. Mér finnst það í raun kraftaverk. Ég krossa bara fingur og bið til guðs um að hún eigi eftir að ná heilu góðu tímabili.“

Útlitið er gott. Hún notaði fyrri hluta tímabilsins í sænsku úrvalsdeildinni til að koma sér aftur í form, í því miði að toppa nú á Evrópumeistaramótinu. Hún spilaði allar 90 mínúturnar gegn Noregi á fimmtudagskvöldið og skoraði jöfnunarmark Íslands úr vítaspyrnu undir lok leiksins, sem lyktaði 1-1.

### Ólík hlutverk í liðinu

Guðmunda hefur vitanlega ekki tölu á þeim fjölda leikja sem hún hefur séð með börnunum sínum en tilfinningin er alltaf sú sama.

„Ég er auðvitað orðin sjóaðri og þroskaðri með árunum en ég fæ enn fiðrildi í magann fyrir hvern einasta leik. Ég er til dæmis mjög spennt fyrir því hvort Elísa fái tækifæri til að spreyta sig hér úti,“ segir hún, en óvíst er hvort þær systur fá tækifæri til að spila saman á þessu móti.

„Siggi Raggi [þjálfari Íslands] hefur ekki notað hana mikið í keppnisleikjum en hún er þó í hópnum, sem þýðir að hann vill hafa hana innan seilingar.“

Staða systranna er því ólík, eins og Guðmunda bendir á. „Önnur á að bera leikinn uppi en hin er á bekknum. En þetta er allt jafn spennandi fyrir mér.“

> „Ég held að flestallir væru löngu búnir að gefast upp – líka karlar sem fá himinhá laun fyrir að spila fótbolta.



**MARGRÉT LÁRA OG ELÍSA** Brosmildar á æfingu íslenska landsliðsins í Vaxjö í gær.

## Hvað segja systurnar hvor um aðra?



### Margrét Lára

**Margrét Lára** hrósar litlu systur sinni fyrir dugnaðinn. „Hún er búin að vinna mikið fyrir því að komast hingað. Hún fæddist ekki með brjálæðislega hæfileika en hefur unnið vel fyrir sínu og æft vel. Hún er sterkur leikmaður sem á framtíðina fyrir sér,“ segir Margrét Lára.

„Þegar við vorum yngri var þetta rosalega erfitt því hún vildi alltaf vera með vinkonum mínum og vera í herberginu með okkur. Það var ekki mikill systrakærleikur á þeim tíma. Þetta hefur breyst mikið með aldrinum og við erum orðnar mjög nánar. Ég held að ég geti ekki átt betri systur og mér þykir ótrúlega vænt um hana. Það er frábært að hafa hana hérna,“ sagði Margrét Lára, en hvernig var að frétta að Elísa færi með á EM?

„Það lá við að ég færi að gráta. Okkur hefur alltaf dreymt um að spila saman í landsliðinu og stefnt að því. Ég er rosalega stolt og ánægð með hana.“



### Elísa

**Elísa** er að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti með landsliðinu, en hún hefur farið fyrir uppkomu ÍBV og er þrátt fyrir ungan aldur búin að vera fyrirliði þess síðustu árin.

„Það má eiginlega segja að hún hafi fengið þetta allt í vöggugjöf,“ segir Elísa í gríni þegar hún er beðin að lýsa systur sinni sem fótboltakonu.

„Hún hefur alltaf verið með mikla hæfileika. Hún er frábær á boltann og þú finnur varla betri sendingamann. Hún er ótrúlega hvetjandi og það er frábært að eiga svona eldri systur,“ sagði Elísa.

„Hún hefur reynst mér mjög vel og alltaf betur og betur eftir því sem ég verð eldri og kemst nær henni í aldri. Hún eldist náttúrulega ekkert því ég eldist bara,“ segir Elísa í léttum tón.

En hvernig var að sjá Margréti standa sig svona vel? „Hún hefði varla getað staðið mér nær og ég sá hvað hún var að upplifa. Ég vildi það sama.“

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# NÝJUNGAR FRÁ EVE ONLINE OG RAZER




## NÝTT 50 DAGA SPILUNARKORT KOMIÐ !

Sérstakt 50 daga spilunarkort sem gildir aðeins fyrir EVE Online spilara á Íslandi er komið í verslanir okkar og netverslun á tl.is.

Pantaðu á tl.is og fylltu út tölvupóstfangið í pöntuninni og við sendum þér kóðann með tölvupósti.

PC-EVEGAMECARD60

**2.490**

## TAIPAN

Razer



8200dpi sem er ein hæsta upplausnin í dag. Bæði laser og optical tækni fyrir betri nákvæmni. Fellur mjög vel í hendi og passar fyrir örvhenta líka.

RAZ-TAIPAN

**16.990**

## DEATHSTALKER

Razer



Örþunnir chiclet takkar sem tryggja betri viðbragðstíma. Razer Synapse 2.0 forritið geymir stillingarnar þínar og sér um að lyklaborðið sé alltaf með nýjustu uppfærslu.

RAZ-DEATHSTALKER

**16.990**

## BLACKSHARK

Razer



Byggð eftir heyrnatólum fyrir herþyrlur. Þæginlegir púðar sem loka vel á umhverfishljóð. Virka líka með flestum gerðum snjallsíma. Auðvelt er að losa hljóðnemann af heyrnartólunum.

RAZ-BLACKSHARK

**29.990**

## NAGA EPIC

Razer



Vinsælasta MMO leikjamúsin frá Razer er nú komin í þráðlausri útgáfu. Þrjár skiptanlegar hliðar til að tryggja þægindi. 17 forritanlegir takkar og 5600dpi fyrir meiri nákvæmni.

RAZ-NAGAEPI

**29.990**

## Konráð og félagar á ferð og flugi 52

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er þetta ekki talnavölundarhúsið þar sem við eigum að byrja á bláu tölunni neðst og með því að fylgja bara sléttum tölum lárétt og lóðrétt en ekki á ská, finna leið upp á topp teningsins, bláu tölunnar sex?,“ spurði Kata. „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Við eigum að fylgja sléttu tölunum 2, 4, 6, og 8.“ „Mig minnti það,“ sagði Kata. „Mér gekk nú ekkert of vel síðast þegar við glímdum við svona þraut en nú skal það ganga betur,“ sagði hún ákveðin og keppnisskapið leyndi sér ekki.

Getur þú fundið leiðina í gegnum teninginn með því að fylgja sléttu tölunum lárétt og lóðrétt?

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 2 | 2 | 6 | 5 | 2 | 3 | 6 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 2 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 4 | 2 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 8 | 4 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 6 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 3 | 2 | 8 | 2 | 7 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 5 | 6 |



## Heilabrot

**1.** Þrír menn komu á bæ.
Þeir voru spurðir að heiti:
Fyrsti sagðist heita það sem hann var.
Annar sagðist heita það sem hann er.
Þriðji sagðist heita það sem hann verður.
Hvað hétu þeir?

**2.** Rómverskur riddari reið inn í Rómaborg rændi og rupplaði rabarbara og rófum. Hvað eru mörk R í því?

**3.** Maður byggir sér hús. Allar fjórar hliðar þess snúa í suður. Björn gengur fram hjá húsinu. Hvernig er hann á litinn?

**SVÖR:**
**1.** a) Sveinn, b) Gestur, c) Karl **2.** Það er ekkert R í því **3.** Hvítur. Húsið stendur á norðurpólnum.


# Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


## Bókaormur vikunnar



**ÍRIS BJÖRK** „Skemmtilegast að lesa um vampírur,“ segir hún.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hvað ertu gömul?** Íris Björk Ágústsdóttir og er 11 ára.

**Hvenær lærðir þú að lesa?** Þegar ég var sex ára.

**Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** Það sem gerist í þeim gerist sjaldnast í alvörunni.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Það var Palli var einn í heiminum.

**Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?** Skáldsögur. Aðallega um vampírur.

**Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?** Artemis Fowl og hún var mjög skemmtileg.

**Í hvaða hverfi býrð þú?** Hlíðunum.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Hlíðaskóla.

**Hvaða námsgrein er skemmtilegust?** Bókasafnstímar.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Bara fótbolti.



**VINNUMAÐUR** Mímir Bodinaud er að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Pásurnar eru bestar

Mímir Bodinaud er einn þeirra fjölmörgu unglinga landsins sem tekur til hendinni við að prýða umhverfið. Hann er nýlega byrjaður í Vinnuskóla Reykjavíkur og var að hreinsa beð við Laugalækjarskóla þegar hann var gómaður í spjall.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gamall ertu?** „Ég heiti Mímir Bodinaud og er 15 ára.“

**Ertu búinn að vera lengi í Vinnuskóla Reykjavíkur?** „Ég er bara búinn að vera í nokkra daga.“

**Lærir þú mikið þar sem þú kunnir ekki áður og þá hvað?** „Nei, ég læri nú ekki mikið.“

**Sérðu umhverfið með öðrum augum eftir að þú fórst að vinna í Vinnuskólanum?** „Já, ég sé umhverfið öðruvísi eftir að fara í Vinnuskólann, núna veit ég hvað er arfi og hvað er ekki arfi.“

**Hvað ertu helst að gera?** „Ég er mest að hreinsa arfa allan daginn og það er ekkert spennandi.“

> Ég sé umhverfið öðruvísi eftir að fara í Vinnuskólann, núna veit ég hvað er arfi og hvað er ekki arfi.

**Hvaða verk er skemmtilegast og hvers vegna?** „Mér finnst skemmtilegast að slá grasið, þá er ég ekki að reyta arfa.“

**Hefurðu verið í Vinnuskólanum áður?** „Nei, þetta er í fyrsta skipti.“

**Gætir þú hugsað þér að verða verkstjóri í Vinnuskólanum?** „Nei, ég yrði ömurlegur verkstjóri.“

**Er fjör í vinnunni?** „Já, já, stundum.“

**Hvað vinnur þú marga klukkutíma á dag og í hversu margar vikur?** „Ég vinn frá 8.30 til 15.30 í þrjár vikur.“

**Hvað er best við Vinnuskólann?** „Það eru pásurnar.“

**En hvað er verst?** „Að vinna í rigningu.“



Skráning í mótið á heimasíðu FM957
FM957
POPPARA
GOLFMÓT
27. júlí á Hlíðavelli
í Mosfellsbæ
Vinningar að verðmæti
2 milljónum króna
• 150 þúsund króna gjafabréf í Kringluna
• Eins árs kort í Baðstofuna Laugum, World Class
• Gjafabréf á veitingastaðinn Gló
• El Go rafmagnsfjallahjól frá Suzuki umboðinu
• Toshiba fartölva með Intel 7 örgjörva frá Tölvulistanum
• Snjallsímar frá Vodafone
• Afnot af Fiat 500 Sport í heilt ár frá Diesel.is
• Birgðir af Egils Gull Léttöl
• Árskort í Golfklúbbinn Kjöl Mosfellsbæ
• Fullt af öðrum frábærum vinningum
Léttöl
Gull
SUZUKI
GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR
DIESEL.IS
World Class ICELAND
tl.is
TÖLVU LISTINN
glō
vodafone
Kringlan

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**4.** Setur nýjan botn á fjöruna við Miðjarðarhafið (14)
**10.** Jón og ég förum inn þótt hugur leiti út og suður (7)
**11.** Lýti klaufdýra eru efni í flutningaleið (13)
**13.** Hreyfing, sæla og sálarfriður (7)
**15.** Sé væng og vað með úrillum tímamælum (12)
**16.** Bassaháls Bubba (9)
**18.** En sko bróðir, þetta er ballskákarbretti (11)
**19.** Drussavessar þykja klúrir (9)
**20.** Hrópi enn og ógildi (10)
**23.** Vegur hinna villulausu liggur til lagfærðra (10)
**26.** Æski stíf inngöngu lengist skrá þeirra sem inn vilja (10)
**28.** Slógum slökkvara á uppblásnu landi (10)
**31.** Góð staðsetning fyrir sjúskaða búllu (10)
**32.** Gul pressa fyrir ávaxtalýðveldi? (10)
**33.** Klára klofning og allsherjar viðsnúning (10)
**35.** Matreiða maskínu (7)
**36.** Gleymi ekki gjaldeyrinum á göngunni (7)
**37.** Eru dúkaflot og tjaldmör einhver ábreiðuáburður? (9)
**38.** Gefa blaður í norðaustur (6)
**39.** Tekið er fram hvað þið kunnið (5)
**40.** Stelum ítrekað frá sjávarlitum (9)
**41.** Fæddi fleiri meðal fjötraðra (6)

**LÓÐRÉTT**
**1.** Viðbragð, lögg og lægð sameinast suður af Húnaveri (12)
**2.** Slóðabón 501, eða búandkarl á ættarsetri (10)
**3.** Boltafólk í fríi er fjarri fleti og jafnvel jörðu (10)
**4.** Kom utan, enda erfiður (6)
**5.** Viðrar vindkorn (6)
**6.** Leitum að mannleysum múla meðal dauðyfla (9)
**7.** Nátthagahjáleiga eða Götugarðshorn? Alltént bílastæðahús í 101 (9)
**8.** Hvöt linnir þegar þær eru dauðar (7)
**9.** Byrjandi nuddar (3)
**12.** Einlæg kynna stöðuna sem umboðsmenn almættisins mæla með (18)
**14.** Hér segir af þættinum um dáinn sem var umborinn (8)
**17.** Nærist á salti, þvílíkt rugl (5)
**21.** Finn ró fyrir fareind og Frissa (7)
**22.** Keyri skapvond skrafmæli (10)
**24.** Svörður, eldur og síða mynda náttúrulegan milliveggin (11)
**25.** Ýrði maura í járnfeni kommaflóa (9)
**27.** Ferskar fæðingar lengra inni vísa til þeirrar sem var að bera (10)
**29.** Dagur kjána verðskuldar veifu (9)
**30.** Snúra snýr en sin stendur fyrir sínu (9)
**32.** Sem busl í rugli, viðurkennum það (7)
**33.** Yfirgefin, allsnakin og algjör (6)
**34.** Skilur að og skammast við (6)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | Á | S | I | N | G | A | R | N | A | R | | F | Á | V | Í | S | A | S | T |
| R | | Æ | | | A | | | E | | Ú | | Y | | E | | J | | K | |
| A | F | T | U | R | S | Æ | T | I | S | B | Í | L | S | T | J | Ó | R | A | R |
| Ð | | U | | | B | | | T | | Í | | L | | R | | A | | F | |
| A | U | K | A | H | L | U | T | I | N | N | | I | | A | | Ð | | T | |
| S | | O | | | A | | R | | | A | T | B | U | R | Ð | A | R | Á | S |
| E | | P | R | Ú | Ð | B | Ú | I | N | | | Y | | S | | | A | | Ó |
| K | | P | | | R | | B | | O | F | S | T | O | P | A | F | U | L | L |
| T | J | A | R | G | A | Ð | R | A | R | | | T | | Á | | | Ð | | A |
| | | R | | Ú | | | O | | M | Y | S | U | D | R | Y | K | K | U | R |
| L | A | N | D | F | L | Ó | T | T | A | | T | | Ý | | S | | R | | L |
| I | | I | | F | | K | | | L | E | I | K | R | I | T | | Í | | A |
| L | E | R | K | I | D | R | U | M | B | | R | | Ð | | A | R | T | U | G |
| J | | | L | | | I | | | R | O | Ð | L | A | U | S | | | N | |
| U | M | B | O | Ð | S | S | A | L | A | | N | | R | | E | | | G | |
| L | | | F | | | T | | | U | N | A | Ð | S | B | L | Í | Ð | A | N |
| A | | | V | | | I | | | Ð | | Ð | | Ö | | | S | | H | |
| U | M | B | E | Ð | I | N | N | I | | B | R | A | G | G | A | B | L | Ú | S |
| K | | | G | | | N | | L | | | A | | U | | | Ú | | S | |
| | S | K | A | P | M | I | K | L | I | R | | B | R | E | I | Ð | A | S | T |

Lausnarorð síðustu viku var
**FRÓÐÁRUNDRIN**

FORLAGIÐ



**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi síðustu eintak af bókinni Ærlegi lærlingurinn eftir Vikas Swarup frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Kristjana Kjartansdóttir, Reykjavík.**

**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „13. júlí".






## DÝR VIKUNNAR: SATANÍSKA LAUFHALAEÐLAN



**ÓGNVEKJANDI** Rauð augun eru stór eins og á öðrum gekkóeðlum. Þær hafa engin augnlok en nota langa tunguna til að hreinsa óhreinindi úr glyrnunum.

# Sataníškur sérfræðingur í að forða sér frá bráðum bana

Sataníska laufhalaeðlan (*satanic leaf-tailed gecko* á ensku) er áhugaverð lítil gekkóeðla, fimm til fimmtán sentímetrar á lengd, og lifir einvörðungu á Madagaskar eins og frænkur hennar í Uroplatus-ættkvíslinni.

Á latínu heitir eðlan nánar tiltekið Uroplatus phantasticus. Síðara orðið í nafninu merkir í raun „ímyndaður" og er dregið af mögnuðu útliti eðlunnar, sem belgíski náttúrufræðingurinn George Albert Boulenger lýsti sem goðsagnakenndu árið 1888.

Hali satanísku laufhalaeðlunnar er flatur eins og hjá öðrum Uroplatus-eðlum og líkist mjög laufi, sem hjálpar henni að dyljast óvinum á daginn og liggja í leyni fyrir bráð sinni að nóttu til.

Eðla þessi er raunar sérfræðingur í að forðast stærri rándýr. Það gerir hún ekki bara með feluhalanum sínum heldur hefur hún ýmis önnur ráð. Hún getur til dæmis gert líkama sinn marflatan til að minnka skuggann sem hún varpar, opnað skoltinn á sér upp á gátt þannig að við blasi ógnvekjandi, eldrautt munnholdið og misst halann vísvitandi til að villa um fyrir þeim sem vilja hana feiga.

Þetta næturdýr veiðir sér skordýr til matar, meðal annars krybbur og meli. Það er ekki í útrýmingarhættu en dýraverndunarsamtök eru með eðluna, ásamt öllum öðrum Uroplatus-eðlum, á lista yfir þær tíu tegundir sem eru í mestri hættu vegna ólöglegra viðskipta með dýr. Eðlurnar eru sagðar ganga kaupum og sölum á svörtum markaði fyrir himinháar fjárhæðir.

- sh


"Chic and their irrepressible ringmaster Nile Rodgers stole the show"
GLASTONBURY 2013
DAILY TELEGRAPH - REVIEW
"Surely the party gig of the year"
MANCHESTER MAY 2013
THE GUARDIAN - REVIEW
hr★örlygur
Nile Rodgers & The Chic Organization
Harpa 17. júlí
Miðar á midi.is
Le Freak (CHIC)
Good Times (CHIC)
Notorious (Duran Duran)
Upside Down (Diana Ross)
I'm Coming Out (Diana Ross)
He's the Greatest Dancer (Sister Sledge)
Let's Dance (David Bowie)
Like a Virgin (Madonna)
Thinking of You (Sister Sledge)
I want your Love (CHIC)
We are Family (Sister Sledge)
Everybody Dance (CHIC)
Get Lucky (Daft Punk)
+ Sísý Ey
+ Moses Hightower

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR MAGNÚSSON**
**Helgubraut 1, Kópavogi,**



lést á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 11. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásdís Ingimundardóttir**
**Kristinn Jóhann Ólafsson** **Steinþóra Þórisdóttir**
**Olga María Ólafsdóttir** **Magnús Garðar Friðjónsson**
**Davíð Ólafsson** **Oksana Ólafsson**
**Erla Björk Ólafsdóttir** **Einar Þór Samúelsson**
**Gauti Ólafsson** **Andrea Símonardóttir**
**og barnabörn.**

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**GUNNLAUGS PÁLMA STEINDÓRSSONAR**
**forstjóra**
**Sóltúni 10, Reykjavík.**



**Steindór Gunnlaugsson** **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Karla Baasch Christensen**
**Emilía Björk Hauksdóttir**

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HEIMIR RÖGNVALDSSON**
**Brekkuhvammi 7, Hafnarfirði,**



lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 5. júlí. Jarðsungið verður frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Kristín Bjarnadóttir**
**Sigurlaug Helga Emilsdóttir** **John H. Frantz**
**Birna Guðmundsdóttir**
**Vignir Guðmundsson** **Guðný Á. Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**


WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN



**Fjölbreytt úrval legsteina**
**Frí áletrun og uppsetning**



Sjá nánar á granitholln.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Granítþhöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granitholln.is
Sími 555 38 88



**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is




**ALFREÐ KÁTUR Á AKUREYRI** „Það er frábært að búa í Þýskalandi og mjög góð blanda að vera ýmist þar og hér á Akureyri.“ MYND/AKUREYRARSTOFA

# Sjórinn togar alltaf í mig

Alfreð Gíslasyni handboltakappa var í vikunni veitt heiðursviðurkenning íþróttaráðs Akureyrar og Afrekssjóðs Akureyrar. Auk þess fékk hann sérstök heiðursverðlaun KA.

„Ég er akkúrat að fara með barnabarnið út,“ segir Alfreð Gíslason sem er í vikufríi á Akureyri núna að heilsa upp á börnin og barnabörnin. Íþróttaráð Akureyrar og Afrekssjóður Akureyrar nýttu tækifærið og heiðruðu kappann við hátíðlega athöfn í Hofi á fimmtudaginn, enda hefur hann átt ríkan þátt í uppgangi handboltans þar í bæ og á Íslandi öllu.

Alfreð hefur búið í Þýskalandi síðustu fimmtán ár og er núna að þjálfa í Kiel en skreppur heim til Akureyrar þegar hann getur komið því við. „Ég á þrjú börn og tvö barnabörn og þau eru öll hér fyrir norðan eins og er. Við fórum út fimm saman, á sínum tíma, við hjónin og börnin. Sá yngsti var tveggja ára ef ég man rétt. Hann flutti heim frá Þýskalandi í fyrra til að fara í skóla hér þannig að við erum bara orðin tvö eftir úti, hjónin. Þannig er gangurinn í þessu. Krökkunum líkar mjög vel hér og þetta hefur þróast svona,“ segir hann.

Þau hjónin eru þó ekki á heimleið í bráð, að hans sögn. „Ég er með samning þarna úti til 2017 og reikna með að halda því út í þessu þjálfaradjobbi eitthvað lengur. Síðan geri ég ráð fyrir að þegar ég, einhvern tímann, hætti því verði ég til skiptis á Íslandi og í Þýskalandi. Það er svona stefnan. Mér líkar mjög vel hérna fyrir norðan, hér er hæfilega rólegt.“

Alfreð ólst upp á Brekkunni á Akureyri en á núna íbúð í miðbænum. Einu sinni opnaði hann líka skemmtistaðinn Við Pollinn á Eyrinni á Akureyri en kveðst fyrir löngu búinn að koma sér út úr því dæmi. „Það var á síðustu öld. Ég var í sex ár hér fyrir norðan, frá 1991 til ’97. Þá var ég að þjálfa KA. Það voru lærdómsrík ár,“ rifjar hann upp.

Alfreð er ánægður í Þýskalandi. „Mér líkaði geysilega vel í Magdeburg, við vorum þar í næstum sjö ár og eigum hús á milli Magdeborgar og Berlínar, sem við notum eins og sumarhús eins og er. Nú er ég búinn að vera fimm ár í Kiel og það er líka fínt. Klúbburinn er góður og svo er þægilegt að vera við Eystrasaltið. Sjórinn togar alltaf í mig. Það er frábært að búa í Þýskalandi og mjög góð blanda að vera ýmist þar og hér á Akureyri.“

gun@frettabladid.is

## Einn sá færasti

Alfreð Gíslason fæddist á Akureyri árið 1959 og ólst þar upp. Undir stjórn hans náði KA sínum besta árangri; varð bikarmeistari í tvígang og Íslandsmeistari og deildarmeistari. Hann lék í landsliði Íslands í mörg ár og þjálfaði það um tíma.

Alfreð hefur frá árinu 1997 þjálfað í Þýskalandi og meðal annars gert Magdeburg og Kiel að Þýskalands- og Evrópumeisturum. Honum hefur hlotnast fjöldi einstaklingsverðlauna bæði sem þjálfara og leikmanni.

Alfreð þjálfar lið Kiel í dag og þykir einn sá færasti í sínu fagi.

Heimild: www.akureyri.is

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BERGUR PÉTUR JÓNSSON**



er andaðist sunnudaginn 7. júlí sl. á Hrafnistu í Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 16. júlí kl. 13.

**Svanhvít Sigurlinnadóttir**
**Páll Þór Bergsson**
**Rakel Ólöf Bergsdóttir**
**Anna Gyða Bergsdóttir** **Eysteinn Sigurðsson**
**Vilhelmína Roysdóttir**
**Hafdís Sigrún Roysdóttir** **Jóhann Þorsteinsson**
**Sigurður Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA VALDEY JÓNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að**
**Móabarði 25 í Hafnarfirði,**



andaðist miðvikudaginn 3. júlí á Sólvangi í Hafnarfirði. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Ester Eyfjörð Ísleifsdóttir**
**Ásgrímur Jónas Ísleifsson** **Sigrún Hrönn Baldursdóttir**
**Birgir Ísleifsson** **Ástrún Ósk Ástþórsdóttir**
**Kristmann Már Ísleifsson** **Lilja Björk Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**LOKASPRETTUR** Dagur og Stefán Karl hlupu í mark með börnum af frístundaheimilum Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

# Kyndilberi friðar

Stefán Karl Stefánsson leikari hlaut hvatningarverðlaunin Kyndilberi friðar í gær fyrir starf sitt með Regnbogabörnum. Þá var síðasti sprettur Friðarhlaupsins tekinn.

„Þetta hvetur mig til dáða,“ sagði Stefán Karl Stefánsson leikari þegar hann tók við hvatningarverðlaununum Kyndilberi friðar í Laugardalnum í Reykjavík í gær. Hann hlaut þau fyrir að stuðla að friðsælla og betra samfélagi í gegnum starf sitt með Regnbogabörnum og með eigin fordæmi, að sögn Salil Wilson, aðalskipuleggjanda hlaupsins, sem veitti honum verðlaunin.

Friðarhlaupið hefur staðið frá 20. júní. Síðan þá hefur sextán manna alþjóðlegur hópur hlaupið með logandi friðarkyndil milli byggða á Íslandi og hafa mörg þúsund Íslendingar tekið þátt, einkum börn og ungmenni.

Krakkar af frístundaheimilum Reykjavíkur hlupu með Stefáni Karli og Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa síðasta spölinn.

Eftir að allir höfðu fengið að halda á friðarkyndlinum og leggja fram sína hljóðu ósk um friðsælli og betri heim var Sri Chinmoy heimseiningar friðarhlaupinu 2013 á Íslandi slitið.

- gun

---

✝



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**SVEINBJÖRN JÓNSSON, (BÚSSI)**
**silkiprentari**

er látinn. Jarðsungið verður frá Guðríðarkirkju 16. júlí kl. 13.00.

**Jón Sveinbjörnsson**
**Birgitta Sveinbjörnsdóttir** **Eyþór Sigurðsson**
**Jón Ómar Sveinbjörnsson** **Hildur Hrund Sigurðardóttir**
**Hafsteinn Bergmann Sveinbjörnsson** **Soffía Árnadóttir**
**Ingibjörg Jónsdóttir** **Guðjón Þorkelsson**
**og afabörn**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUNNARS JÓNSSONAR**
**skipstjóra og útgerðarmanns frá Vestmannaeyjum.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Selma Jóhannsdóttir**
**Eysteinn Gunnarsson** **Íris Róbertsdóttir**
**Jón Atli Gunnarsson** **Sigurhanna Friðþórsdóttir**
**Árni Gunnarsson** **Bryndís Stefánsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AÐALDÍS PÁLSDÓTTIR**
**frá Skeggjastöðum í Fellum, húsmóðir á Egilsstöðum**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 10. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju föstudaginn 19. júlí kl. 14.00.

**Ólöf Magna Guðmundsdóttir** **Bjarni G. Björgvinsson**
**Anna Heiður Guðmundsdóttir** **Reynir Sigurðsson**
**Guðmundur Gylfi Guðmundsson** **Anna María Ögmundsdóttir**
**Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir** **Gissur Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**ERLA KR. HATLEMARK**
**áður Bakkaflöt 11, Garðabæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold mánudaginn 8. júlí. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ miðvikudaginn 17. júlí kl. 15.00.

**Snorri Örn Hilmarsson**
**Sveinbjörg Þórdís Sveinsdóttir**
**Örvar Hilmarsson**
**Arna Þóra Káradóttir**
**Darri Örn Hilmarsson**
**Þuríður Björg Guðnadóttir**
**og barnabörn**

---

✝



Okkar ástkæri bróðir, mágur og frændi,

**ÞORSTEINN JÓNSSON**
**Framnesvegi 31a,**

lést mánudaginn 8. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Stefán Magnús Jónsson** **Guðbjörg Þórðardóttir**
**Halldór Bóas Jónsson** **Rósa Eðvaldsdóttir**
**Agnar Jónsson** **Sigrún Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, amma og langamma, tengdamóðir og systir,

**GUÐBJÖRG SIGRÍÐUR JÓELSDÓTTIR**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt 8. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gumundur Emil Hjaltason** **Sigríður Guðmundsdóttir**
**Íris Ósk Hjaltadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn, systkini.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUÐMUNDAR BJÖRNSSONAR**
**fv. bónda Tjarnarkoti, Gilsbakka 7, Laugarbakka.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Ilse Björnsson**
**Hildur I. Guðmundsdóttir**
**Björg S. Guðmundsdóttir** **Jón G.Ásgeirsson**
**Sigrún A. Guðmundsdóttir**
**Björn Guðmundsson** **Ásdís Þ. Garðarsdóttir**
**Ingvar H. Guðmundsson** **Bryndís H. Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR BENEDIKTSDÓTTIR**
**frá Hömrum Haukadal, Dalasýslu,**

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 16. júlí kl. 15.00.

**Kristrún Harpa Rútsdóttir**
**Hansína Rut Rútsdóttir**
**Benedikt Heiðar Rútsson**
**Jónas Rútsson** **Kristín Viðarsdóttir**
**Hannes Rútsson** **Jóhanna Kristjánsdóttir**
**Eygló Rútsdóttir Backström** **Kjell Backström**
**Ragnar Rútsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR J. SIGURÐSSON**
**Þangbakka 10, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum 11. júlí. Útförin fer fram frá Langholtskirkju miðvikudaginn 17. júlí kl. 13.00.

**Sigurður Sigurðsson** **Lilja Elsa Sörladóttir**
**Þórdís Sigurðardóttir** **Gunnar Pétur Pétusson**
**Ólafur Jóhann Sigurðsson** **Ólöf Ragnarsdóttir**
**Þuríður Ragna Sigurðardóttir** **Kristján A. Ólason**
**Margrét Sigurðardóttir** **Guðmundur Arason**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir** **Barclay Anderson**
**Berglind Sigurðardóttir**
**og afabörnin.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**BALDUR FRÍMANNSSON**
**Skálateigi 3, Akureyri,**

lést mánudaginn 8. júlí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 17. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Lilja Hallgrímsdóttir**
**Geir Baldursson** **Svava Hauksdóttir**
**Gréta Baldursdóttir** **Jón Pálmi Magnússon**
**barnabörn og systkini hins látna**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát okkar elsku

**JÓNU MARÍU EIRÍKSDÓTTUR**
**frá Helgastöðum.**

**Daníel Guðmundsson**
**Hrönn Árnadóttir**
**Hrafnhildur Þorsteinsdóttir** **Þór Þorsteinsson**
**Heiðrún Þorsteinsdóttir** **Sigurður Bjarni Hafþórsson**
**Birta María Sigurðardóttir**
**Saga Þórsdóttir**
**Hekla Rún Sigurðardóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HERDÍS GISSURARDÓTTIR**
**Kóngsbakka 11,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 9. júlí. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju 22. júlí kl. 15.00.

**Júlíus Arnórsson**
**Hafþór Júlíusson** **Gerður Pálsdóttir**
**Guðmunda I. Júlíusdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Brynjar Júlíusson** **Kristín S. Guðmannsdóttir**
**Linda Björk Júlíusdóttir**
**og barnabörn**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | | 7 | 8 | | 4 | | |
| | | 7 | | 9 | | | | |
| | 8 | 2 | 1 | | 3 | 9 | | 7 |
| | 1 | | | 3 | 9 | | | |
| | | | 2 | 6 | | | 9 | |
| | | 6 | | | 1 | | 8 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 7 | 3 | | 2 |
| 2 | 5 | | | 1 | 8 | | | |
| | | 1 | 6 | | | 8 | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | | |
| | | 8 | 3 | | | 7 | | 1 |
| | | 9 | 6 | | | | 8 | |
| 6 | | | 4 | | | 5 | | 3 |
| | 2 | | | | | | 7 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| 7 | | 6 | 8 | | | | 3 | |
| 9 | | 4 | | 6 | 5 | | | |
| | | | | 1 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 5 | | |
| 3 | | 9 | | 6 | | | | 1 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | 9 |
| 1 | | | 4 | | 6 | 7 | 5 | |
| 6 | 3 | 7 | | 9 | | | 1 | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | | 9 | |
| | | | | 2 | 5 | | | 7 |
| | 2 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 8 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Ef þú segir satt, þá þarftu ekki að leggja neitt á minnið.**

*Mark Twain*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** þvogl, **6.** skst., **8.** skordýr, **9.** blaður, **11.** hljóm, **12.** útlit yfirborðs, **14.** vinna, **16.** berist til, **17.** sunna, **18.** ástæður, **20.** drykkur, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** frá, **4.** burnirót, **5.** fugl, **7.** virkjun, **10.** bekkur, **13.** fljótfærni, **15.** bæli, **16.** hrökk við, **19.** kvað.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** babl, **6.** fr, **8.** fló, **9.** mas, **11.** óm, **12.** áferð, **14.** starf, **16.** bt, **17.** sól, **18.** rök, **20.** te, **21.** áður.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** af, **4.** blóðrót, **5.** lóm, **7.** rafstöð, **10.** set, **13.** ras, **15.** flet, **16.** brá, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Við höldum áfram með skák Wang Hao og Anish Giri frá í gær úr Grand Prix-mótinu í Peking.**
**Hvítur á leik**



19. e5! Dxf5 20. Dxg8 Ha6 21. Hfe1 Hg6 22. e6! Skemmtilegur loka-hnykkur. Svartur gafst upp. Eftir 22... Hxg8 23. exd7+ Kf7 24. d8D er hvíta staðan gjörunnin.
**www.skak.is** Fischer-setur opnað á Selfossi.


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
GRILLÞRENNA Krónunnar
GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4
Grillað 'etta
20% afsláttur
1358 kr. pk.
Verð áður 1648 kr. pk.
Snöggi grillarinn
Elduð kjúklingaspjót
Elduð kjúklinga Hot Wings
Tilbúnar rösti kartöflur
20% afsláttur
1838 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Steikargrillarinn
Grísaspjót með hvítlauk og rósmarín
Grísahnakki New York
Ungnauta entrecote Pepper Style
20% afsláttur
2078 kr. kg
Verð áður 2598 kr. kg
Flotti grillarinn
Lúxus grísakótilettur, með hvítlauk og rósmarín
Lambakótilettur, New York
Lambainnralæri með timjan
18% afsláttur
2 í pk.
398 kr. pk.
Verð áður 485 kr. pk.
Ungnautahamborgarar, 120 g
Meðan birgðir endast
LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!
1398 kr. kg
Lambalæri, þú velur: ókryddað eða með kryddjurtum, New York-, hvítlauks- og rósmarín-, eða trönuberja- og eplamarineringu!
3868 kr. kg
Lambafille með fiturönd
79 kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix, Mountain Dew og Kristall, 33 cl dósir
2 lítrar
99 kr. stk.
Toppur án bragðefna, 2 l
56 í kassa
998 kr. kassinn
Prins Póló kassi, 56x18 g stk.
42% afsláttur
149 kr. kg
Verð áður 257 kr. kg
Vatnsmelóna
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPÓ • www.expo.is
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum

# Blessuð!

**BAKÞANKAR**
Hildar Sverrisdóttur



Í íslenskum kveðjum eru klassískar óskirnar um blessun guðs, en fallegasta kveðjan finnst mér vera vertu sæll. Komdu sæll gæti hins vegar skilist eins og það megi ekki vera leiður, sem hlýtur að vera frekar tilætlunarsamt um líðan annarra – eins og spurningin hvað segir þú gott?

**HJÁ** fámennri þjóð er sniðugt að hafa búið til kerfi þar sem það er nógu kurteist að nikka höfði til kunningja sinna á förnum vegi. Annað væri bara of tímafrekt. Þegar aðstæður kalla á að meira púður sé lagt í hittinginn örlar þó oft á skemmtilega áhugaverðum vandræðagangi í því hverjar etikett-urnar eru.

**ÉG** þekki konu sem kyssir alla á munninn, en flestir láta sér nægja að smella kossi á kinn. Við höfum þó ekki enn búið til kerfi um hvor kinnin er kysst. Báðir aðilar stefna þá oft í sömu átt með þeim afleiðingum að rekast á og fara nánast í sleik þótt það hafi alls ekki verið á dagskrá. Við nefnilega látum ekki nægja að notast við létta kossa út í loftið eins víða erlendis. Hér duga engin slík vettlingatök og er kossinum því smellt kyrfilega á með smelli og tilheyrandi. Greyið sóttvarnalæknir.

**KANNSKI** er það út af norðanáttinni að við splæsum bara tíma í einn koss en ekki fleiri. Einhverjir hafa þó búið eitt sumar í París og finnst einhverra hluta vegna ekkert sjálfsagðara en að taka kossavenjurnar með sér heim og brúka hiklaust á ósiglda samlanda sína. Maður lendir því líka nánast í sleik við heimkomna Parísarbúann þegar hann heldur óvænt áfram leið sinni á kinn númer tvö. Ballið byrjar svo þegar koss-arnir verða óvænt þrír eða jafnvel fjórir frá þeim sem bjuggu sko mörg sumur við Miðjarðarhafið.

**ÞAÐ** er auðvitað hressandi að lenda óvart í misskildum sleik á Laugaveginum og kannski engin ástæða til að ferla einhverjar hefðir til að koma í veg fyrir svona krúttleg vandræðalegheit. Kannski er það bara jafn íslenskt eins og að segja jæja – bara viðeigandi að þegar við heilsumst geti það verið jafn óútreiknanlegt og veðrið.

**VERIÐI** sæl.

# Vinsældir þríþrautarkeppna aukast

## Íslandsmeistaramótið Herbalife hálfur Járnmaður er haldið í sjöunda sinn þann 14. júlí við Ásvallalaug í Hafnarfirði

Borið hefur á auknum áhuga á þríþrautarkeppnum undanfarin ár á Íslandi en þann 14. júlí fer fram Íslandsmeistaramót í þríþraut. Keppnin, Herbalife hálfur Járnmaður er einn stærsti íþróttaviðburður sinnar tegundar í Hafnarfirði og er þetta í sjöunda sinn sem keppnin er haldin. „Þetta er frábær skemmtun fyrir alla að horfa á og margt af okkar besta íþróttafólki mætir til leiks en þar munu meðal annars Ólympíufararnir Kári Steinn og Jón Margeir taka þátt í liðakeppninni og líka Marta Ernstsdóttir, sem er einn frægasti langhlaupari landsins," segir Svana Huld Linnet, formaður 3SH. Keppt verður í þríþraut í vegalengdinni hálfur Járnmaður sem er 1.900 metra sund, 90 km hjólreiðar og svo er hlaupið 21,1 km, sem er hálfmaraþon. Skráðir keppendur eru 66 talsins en skráning er opin öllum. Í liðakeppninni taka 24 þátt. Keppnin hefst kl. níu í Hafnarfirði, nánar tiltekið í Ásvallalaug og hjólað verður meðfram Krísuvíkurvegi og svo er hlaupið um vellina. Að baki keppninni stendur þríþrautarfélagið 3SH sem er hluti af Sundfélagi Hafnarfjarðar og er Herbalife-styrktaraðili ásamt öðrum velunnurum. - mmm



SVANA HULD LINNET





SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| WORLD WAR Z 3D LÚXUS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEAT | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 11 | 16 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

Miðasala á: midi.is og Miði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 10.50 | 16 |
| THE PURGE | KL. 10.35 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 | 7 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.10 (TILBOÐ) | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.40 | 16 |
| EPIC 2D / EPIC 3D | KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z | 2 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE HEAT | 2 - 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | 8 - 10.20 | 16 |
| THE ICEMAN | 5 | 16 |
| THE PURGE | 6 | 16 |
| EPIC 2D | 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WORLD WAR Z VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LONE RANGER | KL. 2 - 5 - 6 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 2 - 11 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 9 | L |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL.TAL 2D | KL. 4 TILBOÐ 400 KR. | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL 2D | KL. 2 TILBOÐ 400 KR. | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 2 - 5 | 12 |
| THE HEAT | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| EPIC ÍSL.TAL 2D | KL. 2 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 2:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 2 - 5 - 7 - 10 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 2:30 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 4 - 7 - 10 | 12 |
| PAIN & GAIN | KL. 10 | 16 |
| THE BIG WEDDING | KL. 2 - 5 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 2D | KL. 2 - 5:30 - 9 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 2 - 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 4 - 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL.TAL 2D | KL. 2 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD WAR Z 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 2 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 5 | 12 |










BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

MAIA
REYKJAVÍK

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

## VORUM AÐ BÆTA VIÐ FULLT AF VÖRUM

ALICE + OLIVIA
ANDERSEN & LAUTH
ANERKJENDT
BLOOM
BONSUI
CLARKS
CUSTOMMADE
DEEPA GURNANI
FUZZY
HAPPY SOCKS
HUBERT
JUST CAVALLI
KARL LAGERFELD
LOVE MOSCHINO
McQ BY ALEXANDER McQUEEN
MISSONI
M MISSONI
ORION
RAINS
ROSEMUNDE
SECOND FEMALE
SNEAKY FOX
STYLESNOB
TASCHEN
VAGABOND
V AVE SHOE REPAIR
VOLUSPA
WHEAT

LAUGAVEGI 7 - 101 REYKJAVIK
WWW.FACEBOOK.COM/MAIAREYKJAVIK

## Eggert Gunnþór laus allra mála



**FÓTBOLTI** Kenny Jackett, knattspyrnustjóri enska C-deildarliðsins Wolves, staðfesti við fjölmiðla ytra í gær að félagið væri í viðræðum við Eggert Gunnþór Jónsson um riftun á samningi hans við félagið. „Við viljum þakka Eggerti fyrir hans þjónustu og óskum honum alls hins besta í framtíðinni,“ sagði Jackett.

Eggert kom frá skoska liðinu Hearts í janúar í fyrra en þá lék liðið í ensku úrvalsdeildinni. Stuttu eftir komu hans var Mick McCarthy sagt upp sem stjóra liðsins. Svo fór að Eggert spilaði aðeins sjö leiki með aðalliði Wolves en liðið fallið um tvær deildir á tveimur árum. Fjölmargir leikmenn hafa yfirgefið félagið síðan í vor og enn aðrir eru á sölulista.

Eggerti, sem er 24 ára gamall, er því frjálst að finna sér nýtt félag. Hann á að baki nítján leiki með A-landsliði Íslands og fjölda leikja með yngri landsliðum. - esá

## Aníta dæmd úr leik en fær að hlaupa í úrslitunum

**FRJÁLSAR** „Þetta var erfiður hálftími en það endaði með því að dómarinn dró þessa ákvörðun til baka,“ sagði Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu Hinriksdóttur, eftir viðburðarríkan dag á HM U17 í Úkraínu í gær.

Aníta keppti í undanúrslitum í 800 m hlaupi og kom langfyrst í mark af öllum keppendum á 2:02,44 mínútum sem er tæpum tveimur sekúndum frá Íslandsmeti hennar. Hún blés varla úr nös eftir hlaupið í gær.

Skömmu eftir að keppni lauk í greininni bárust fregnirnar af því að Aníta hafi verið dæmd úr leik fyrir að stíga á línuna en hlauparar verða að halda sig á sinni braut fyrstu 100 metrana. „Svo fór ég fram á að fá að skoða myndbandið og þá kom í ljóst að það var vonlaust að greina hvort hún hefði stigið á línuna,“ sagði Gunnar Páll við Fréttablaðið.

Aníta á besta tíma allra keppenda sem eru komnir í úrslitahlaupið en það fer fram á morgun. Hún verður því að teljast sigurstrangleg en Gunnar Páll fer varlega í allar yfirlýsingar.

„Það er ekkert öruggt en ég myndi segja að hún ætti meira en helmingslíkur á sigri,“ segir hann. - esá, ktd




**SLAPP FYRIR HORN** Aníta fær að keppa í úrslitum þrátt fyrir allt.

## EM KVENNA 2013

### C-RIÐILL

**FRAKKLAND - RÚSSLAND 3-1**
1-0 Marie-Laure Delie (21.), 2-0 Marie-Laure Delie (33.), 3-0 Eugénie Le Sommer (67.), 3-1 Elena Morozova (84.).

**ENGLAND - SPÁNN 2-3**
0-1 Verónica Boquete (4.), 1-1 Eniola Aluko (8.), 1-2 Jennifer Hermoso (85.), 2-2 Laura Bassett (89.), 2-3 Alexia Putellas (93.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 1 | 1 | 0 | 0 | 3-1 | 3 |
| Spánn | 1 | 1 | 0 | 0 | 3-2 | 3 |
| England | 1 | 0 | 0 | 1 | 2-3 | 0 |
| Rússland | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-3 | 0 |

### LEIKIR DAGSINS

**A-RIÐILL:**
**ÍTALÍA - DANMÖRK KL. 16.00**
**FINNLAND - SVÍÞJÓÐ KL. 18.30**

## 1. DEILDIN 2013

**VÖLSUNGUR - VÍKINGUR 1-3**
0-1 Sigurður Egill Lárusson (17.), 1-1 Halldór Orri Hjaltason (53.), 1-2 Dofri Snorrason (55.), 1-3 Sigurður Egill Lárusson (89.).

**TINDASTÓLL - HAUKAR 2-1**
1-0 Steven Beattie (11.), 1-1 Hilmar Geir Eiðsson (39.), 2-1 Elvar Páll Sigurðsson (76.).

**ÞRÓTTUR - KA 0-1**
0-1 Ivan Dregicevic (21.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 10 | 7 | 1 | 2 | 25-11 | 22 |
| Víkingur | 10 | 5 | 4 | 1 | 20-12 | 19 |
| Haukar | 10 | 5 | 3 | 2 | 18-14 | 18 |
| Fjölnir | 10 | 4 | 3 | 3 | 12-14 | 15 |
| BÍ/Bolungarv. | 9 | 5 | 0 | 4 | 17-20 | 15 |
| Selfoss | 10 | 4 | 2 | 4 | 18-16 | 14 |
| KA | 10 | 4 | 2 | 4 | 12-14 | 14 |
| Leiknir | 9 | 3 | 4 | 2 | 14-12 | 13 |
| Tindastóll | 10 | 2 | 5 | 3 | 11-14 | 11 |
| KF | 10 | 2 | 4 | 4 | 12-13 | 10 |
| Þróttur | 10 | 2 | 2 | 6 | 9-14 | 8 |
| Völsungur | 10 | 0 | 2 | 8 | 7-21 | 2 |

## Kylfingarnir í sterkri stöðu

**GOLF** **Íslenska karlalandsliðið í golfi situr í öðru sæti að loknum tveimur hringjum af þremur á Challenge Trophy-mótinu sem er undankeppni fyrir Evrópumót karlalandsliða. Okkar menn spiluðu næstbest allra í gær.**

**Þrjú efstu liðin vinna sér inn þátttökurétt á Evrópumótinu og voru okkar menn þriðju eftir fyrsta dag. Þeir spiluðu enn betur í gær og enginn betur en Andri Þór Björnsson úr GR sem var í banastuði. Hann spilaði á 68 höggum eða fjórum undir pari eftir fimm fugla og einn skolla. Hann er í öðru sæti yfir alla kylfingana sextíu.**

**Belgía er í fyrsta sæti með nokkuð hraustlegt tíu högga forskot á Íslendinga. Í þriðja sæti er Slóvakía sex höggum á eftir Íslandi, en lokahringurinn fer fram á morgun.** - ktd

# Átján ára aldursmunur

Katrín Jónsdóttir og Glódís Perla Viggósdóttir spiluðu saman í hjarta íslensku varnarinnar síðasta hálftímann í sögulegu jafntefli Íslands og Noregs í fyrrakvöld. Þær eiga margt sameiginlegt þegar betur er að gáð.

EM KVENNA 2013
Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is
Skrifar frá Svíþjóð



**FÓTBOLTI** Þegar Glódís Perla Viggósdóttir fæddist í lok júní 1995 var Katrín Jónsdóttir komin í stórt hlutverk í efstu deild, búin að spila fimm A-landsleiki og hafði verið útnefnd efnilegasta knattspyrnukona landsins. Nú, átján árum síðar, spila þær stöllur hlið við hlið í miðri vörn íslenska landsliðsins.

Glódís leysti Sif Atladóttur af síðasta hálftímann á móti Noregi, en íslenska liðið náði frábærum endaspretti í leiknum og tókst að tryggja sér sögulegt stig.

„Ég var óvenjufljót að sofna miðað við það að vera að spila svona seint og þá spennu sem var tengd því að spila,“ segir Katrín en ekki alveg sömu sögu var að segja af Glódísi.

### Lengi að sofna

„Ég var reyndar svoítið lengi að sofna, sem er kannski bara eðlilegt. Það var ekki auðvelt að koma inn á. Ég hugsaði bara um að þetta væri tækifærið mitt,“ segir Glódís Perla. Hún var næstum því búin að skora sjálfsmark í lokin en slapp. Glódís fer að hlæja vandræðalega þegar það er rifjað upp en fyrirliðinn kemur henni strax til bjargar. „Það var aldrei nein hætta,“ segir Katrín. Fyrirliðinn er ánægð með nýja miðvörðinn.

„Við erum búnar að spila svolítið saman í ár og hún hefur líka spilað með Sif. Hún er búin að standa sig rosalega vel, sem er alveg frábært,“ segir Katrín en er næsta Kata komin? „Ég segi bara að það sé næsta Glódís komin,“ segir Katrín létt.

Þær Katrín og Glódís eiga svo sannarlega margt sameiginlegt. Báðar byrjuðu þær að sparka bolta í Kópavoginum (Katrín með Breiðabliki og Glódís Perla með HK), skiptu síðan yfir í Stjörnuna (Katrín lék með Stjörnunni sumarið sem Glódís fæddist) og voru kosnar efnilegustu leikmenn deildarinnar árið sem þær fengu bílprófið (Katrín 1994 og Glódís Perla 2012). Þær spiluðu sinn fyrsta landsleik þegar þær voru á sautjánda aldursári og báðar léku þær fyrsta landsleikinn sinn á móti Skotum. Þær eiga það einnig sameiginlegt að hafa spilað á bæði miðju og í framlínu þótt Glódís Perla hafi miklu miklu fyrr fært sig aftar á völlinn.

### Les leikinn mjög vel

„Við eigum það líka sameiginlegt að okkur finnst bjúgu rosalega góð,“ segir Katrín og Glódís Perla tekur undir það skellihlæjandi. En hvað segir Katrín um Glódísi?

„Hún er gríðarlega efnileg og er í raun bara orðin mjög góð. Hún hefur margt sem þarf til að vera góður varnarmaður. Hún er sterk í návígi, góð í skallaboltum og les leikinn vel, sem er afar mikilvægt sem miðvörður,“ segir Katrín um Glódísi. En hvað hefur Glódís lært mest af Katrínu þann tíma sem þær hafa verið saman í landsliðinu?

„Ég held að ég sé búin að læra allt sem ég get af Kötu, bæði hvað varðar fótboltann og hvernig karakter hún geymir. Það væri alls ekki leiðinlegt að eiga svona feril,“ segir Glódís. „Hún þorir ekkert að segja neitt annað,“ heyrist í Katrínu, en Glódís ætti að eiga í henni fullkomna fyrirmynd. „Ég held að stefnan sé bara að vera jafnlengi í þessu,“ segir Glódís brosandi.



**ÖFLUGT MIÐVARÐAPAR** Katrín og Glódís Perla á æfingu íslenska landsliðsins í Växjö í gær. Þær spiluðu saman síðusta hálftímann gegn Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Katrín ætlar að kveðja í haust og verður ekki aftur snúið úr þessu. „Auðvitað væri ég alveg til í að spila þangað til ég verð fimmtug en maður verður að fara að hlusta á líkamann sinn,“ segir Katrín, sem nýtur síðustu leikjanna til fullnustu.

En er Glódís orðin leið á umræðunni um hversu ung hún er? „Mér finnst ég ekki vera svo ung lengur. Við getum sagt að ég sé búin að vinna mér inn einhverja reynslu og það mun nýtast mér. Það losaði aðeins um stressið að fá að koma inn á gegn Noregi,“ segir Glódís, klár í næsta leik og jafnvel í næstu átján ár í íslenska landsliðinu. Það verður samt verðugt og vandasamt verkefni að skila jafnmiklu til íslenska kvennalandsliðsins og hin eina og sanna Katrín Jónsdóttir.

# Margir leikmenn eiga inni laun hjá okkur

Leikmenn karlaliðs HK á næstu leiktíð spila án þess að þiggja laun. Margir lykilmenn hafa yfirgefið félagið.

**HANDBOLTI** „Leikmannamarkaðurinn er frekar þunnur og ekki margir sem eru tilbúnir að koma og spila frítt,“ segir Alexander Arnarson, varaformaður handknattleiksdeildar HK. Fjölmargir sterkir leikmenn hafa yfirgefið liðið að undanförnu, en aðeins rúmt ár er síðan HK fagnaði Íslandsmeistaratitlinum.

Tandri Már Konráðsson er farinn í atvinnumennsku líkt og Bjarki Már Gunnarsson. Þá leikur hornamaðurinn Bjarki Már Elísson með FH á næstu leiktíð og Arnór Freyr Stefánsson er farinn í ÍR, svo helstu nöfnin séu nefnd.

„Arnór fór aftur heim í ÍR, sem var viðbúið, og Bjarki Már Elísson er auðvitað frábær leikmaður og kannski ekki alveg tilbúinn í þetta. Átti auðvitað inni laun hjá okkur þannig að maður skilur þreytu í leikmönnum.“

Alexander segir veturinn hafa verið erfiðan fjárhagslega. Enn sé verið að glíma við gamla drauga frá þeim tíma þegar hrunið skall á. Þá voru sjö erlendir leikmenn á mála hjá félaginu sem þurfti að greiða laun.

„Þá vorum við með erlenda leikmenn sem voru með 3.000 evrur á mánuði,“ segir Alexander. Í kjölfar hrunsins hafi sú upphæð svo til tvöfaldast í íslenskum krónum. Fór úr um 250 þúsund krónum í nærri hálfa milljón.

„Þetta hefur haft áhrif á reksturinn og við höfum reynt að finna leiðir. Þar af leiðandi ákváðum við að leggja meiri metnað í umgjörð og þjálfun,“ segir Alexander. Þeir séu samt bjartsýnir og hópurinn sé ágætur þótt hann sé vissulega ekki breiður.



**MEISTARAR 2012** „Við tókum stóra ákvörðun í vor að taka út allar launagreiðslur. Þá lá fyrir að leikmenn yrðu annaðhvort áfram og spiluðu launalaust eða myndu leita á önnur mið,” segir Alexander. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum með ágætan hóp og vonandi getum við byggt á þessum hópi og eflt hann til muna. Við erum ennþá stærsta handknattleiksdeildin á landinu þó svo að nokkrir leikmenn yfirgefi okkur.“

Hann segir þá leikmenn sem voru á launaskrá í vetur eiga laun inni en upphæðirnar séu misháar. Erfitt sé að sjá á eftir strákunum.

„Þetta eru strákar sem urðu Íslandsmeistarar fyrir árið 2012 og félagið á þeim mikið að þakka. Við vonum bara að þeir geri góða hluti hvar sem þeir eru.“ - ktd

Óska eftir að kaupa
enskt english course tungumálnámskeið.
Vantar 2 námskeið.
Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið
Upplýsingar í 865-7013



**HEFUR PRÓFAÐ ÝMISLEGT** Dóra María hefur spilað úti um allan völl undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

# Á bara miðvörð og markvörð eftir

Dóra María Lárusdóttir er fjölhæfur leikmaður.

**FÓTBOLTI** Dóra María Lárusdóttir spilaði sinn 91. landsleik í jafnteflinu á móti Noregi í fyrsta leik Íslands á EM og var ein af þeim sem voru búnar að bíða hvað lengst eftir þessum tímamótum. „Það var mikilvægt að ná loksins stigi á stórmóti. Mér skilst að ég sé að nálgast hundrað leiki, þannig að það var mjög kærkomið að ná þessu stigi," sagði Dóra María. En hvað finnst henni um að vera að spila úti um allan völl með landsliðinu?

„Ég bíð bara eftir kallinu í miðvörðinn eða markið. Það er það eina sem ég á eftir að spila með landsliðinu, held ég. Ég er ánægð með að fá að spila og mér finnst hafa gengið ágætlega í bakverðinum. Ég er ekki búin að spila hann mikið en þetta eru samt orðnir einhverjir fjórir til fimm leikir. Auðvitað er óskastaðan framar á vellinum en ég sætti mig alveg við þetta," segir Dóra María.

Íslenska liðið tók öll völd á vellinum í seinni hálfleiknum og þá kom sér vel að hafa Dóru Maríu í hægri bakverðinum. „Það gaf mér færi á að fara framar nokkrum sinnum en ég hefði kannski viljað gera meira af því," sagði Dóra.

Það var afar áberandi í Noregsleiknum að Dóra María var ekki mikið að hreinsa boltann fram þrátt fyrir pressu frá norsku sóknarmönnunum. „Mér líður vel með boltann og vil reyna að finna samherjana. Það er ekki nema undir mikilli pressu að ég hendi í eina sprengju," segir Dóra María í léttum tón.

„Ég hef ekki mikla tilfinningu fyrir því hvar hann ætlar að nota mig en hann mun örugglega rótera liðinu eitthvað enda erum við með marga fríska fætur á bekknum. Ég á von á því að það verði jafnvel einhverjar breytingar. Við erum með tvö jöfn lið, byrjunarlið og svo þær sem bíða á bekknum. Við höfum að vera að spila innbyrðis á æfingum og það eru jafnir leikir," segir Dóra María. **- óój**

## Þær þýsku vonandi niðurbrotnar

Íslenska landsliðið mætir Evrópumeisturum Þýskalands í öðrum leik sínum á EM annað kvöld. Þýska liðið er með eitt stig eins og Ísland en þegar liðin mættust á EM fyrir fjórum árum var þýska liðið með sex stigum meira.

„Ég held að þetta jafntefli hjá Þjóðverjum og Hollendingum breyti engu fyrir okkar skipulag. Ég veit svo sem ekki hvort það eru góð eða slæm úrslit. Það hefði samt ekki verið slæmt ef eitt lið sæti eftir með núll stig," segir Dóra María Lárusdóttir.

„Ég veit ekki hvort þær hollensku voru svona sterkar en ég sá síðasta hálftímann og fannst þýsku stelpurnar ekki sérlega sannfærandi og hreinlega ólíkar sjálfum sér. Þær héldu boltanum ekki eins vel og voru ekki eins markvissar í því sem þær voru að gera," segir Dóra, en hvaða áhrif hafa úrslitin? „Það er hættan að þær þýsku komi tvíefldar til baka en vonandi verða þær bara niðurbrotnar," sagði Dóra.

# Þóra æfði ein í gær

Þóra Björg Helgadóttir er enn að ná sér eftir tognun.

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir tók ekki þátt í upphitun íslenska kvennaliðsins á æfingu þess í Vaxjö í gærkvöldi. Þóra er enn að ná sér eftir tognun aftan í læri. Þóra og Halldór Björnsson, markmannsþjálfari íslenska liðsins, fóru saman út á enda svæðisins og tóku saman góða markmannsæfingu.

Guðbjörg Gunnarsdóttir var í marki íslenska liðsins á móti Noregi og stóð sig vel. Markmannsstaðan er því í góðum höndum á meðan Þóra er að vinna sig til baka úr meiðslunum og ekki öruggt að Þóra fái tækifærið alveg strax.

Þóra tók samt vel á því á „einkaæfingunni" og er greinilega á réttri leið þó svo að hún hafi ekki náð prófinu fyrir leikinn á móti Noregi. **- esá**



**ÞÓRA BJÖRK** Tognaði aftan í læri fyrr í sumar og hefur verið í kapphlaupi við tímann.




# DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR



## Ryan Gosling

„Stundum finnst mér það besta við að vera fullorðinn það að geta keypt mér nammi hvenær sem ég vil.“

*Ryan Gosling leikur í kvikmyndinni Notebook sem sýnd er á dagskrá Stöðvar 2 bíó kl 11.00 og 16.30 í dag.*

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 22.05

### Crossing Lines

Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál. Hópurinn vinnur undir merkjum Alþjóða glæpadómstólsins og hefur það að markmiði að hafa upp á flóknum svikamyllum og útsmognum glæpamönnum þvert á evrópsk landamæri. Þessum öfluga hópi er ekkert óviðkomandi og enginn er óhultur. Með aðalhlutverk fara Donald Sutherland, William Fichtner (Prison Break) og Tom Wlaschiha (Game of Thrones).



### X-ið kl. 12.00

### Haukur

Haukur lífgar upp á sunnudaginn með þætti sínum frá klukkan 12.00 til 16.00.








### STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Villingarnir**
**07.45 Hello Kitty**
**07.55 UKI**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.35 Grallararnir**
**10.00 Tasmanía**
**10.25 Hundagengið**
**11.15 Xiaolin Showdown**
**11.40 Batman. The Brave and the bold**
**12.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.40 Besta svarið** *(5:8)*
**14.20 Grillað með Jóa Fel** *(1:6)*
**14.50 The Kennedys** *(8:8)*
**15.35 Mr Selfridge** *(8:10)*
**16.20 Suits** *(14:16)*
**17.05 Mannshvörf á Íslandi** *(1:8)*
**17.35 60 mínútur**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Frasier** *(6:24)*
**19.25 Pönk í Reykjavík** *(4:4)* Skemmtilegir og fróðlegir þættir um Jón Gnarr sem eru gerðir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.
**19.50 Harry's Law** *(8:22)* Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn (*Kathy Bates*) sem hætti hjá þekktri lögfræðistofu og stofnaði sína eigin.
**20.35 Rizzoli & Isles** *(6:15)* Þriðja þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur.
**21.20 The Killing** *(6:12)* Þriðja þáttaröðin af þessum æsispennandi sakamálaþáttum, sem byggja á dönsku verðlaunaþáttunum Forbrydelsen.
**22.05 Crossing Lines** *(1:10)* Glæný sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál.
**22.55 60 mínútur**
**23.40 Nashville** *(3:21)*
**00.25 Suits** *(14:16)*
**01.05 Boss** *(4:10)*
**02.05 Kingdom of Plants - specal**
**02.55 Rita** *(2:8)*
**03.35 Volcano**
**05.15 Pönk í Reykjavík** *(4:4)*
**05.40 Fréttir**

### POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(16:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(9:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(20:22)*
**20.15 The O.C.** *(14:27)*
**21.00 The Cleveland Show** *(12:22)*
**21.20 The Secret Circle** *(15:22)*
**22.05 The Secret Circle** *(16:22)*
**22.45 The O.C.** *(14:27)*
**23.30 The Cleveland Show** *(12:22)*
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Golf fyrir alla **15.00** Eldhús meistaranna **15.30** Sædís í Gleym mér ei **16.00** Hrafnaþing **17.00** Með **17.30** Móti **18.00** Árni Páll **18.30** Tölvur, tækni og kennsla **19.00** Veiðin og Bender **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

### SPORT *besta sætið*

**10.30 Sumarmótin 2013**
**11.15 Stjarnan - FH**
**13.05 2013 Augusta Masters**
**18.50 Herminator Invitational**
**20.00 Borgunarmörkin 2013**
**20.45 Fram - KR** BEINT
**23.00 Enski deildabikarinn. Reading - Arsenal**
**01.30 Fram - KR**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**15.05 Thai XI - Man. Utd.**
**16.45 Preston - Liverpool**
**18.25 Arsenal - Tottenham - 29.10.08**
**18.55 Manstu**
**19.40 Premier League World 2012:13**
**20.10 Inter - Tottenham - 20.10.10**
**20.40 Season Highlights 2001/2002**
**21.35L Bogi Ágústsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**22.05 Leikmaðurinn. Gylfi Sigurðsson**
**22.35 Fulham - Tottenham**

### krakkar

**07.00** Latibær *(4:18)* **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Dóra könnuður **09.40** Dóra könnuður **10.05** Doddi litli og Eyrnastór **10.15** Ævintýraferðin **10.25** Hello Kitty **10.35** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **10.55** Kalli kanína og félagar **11.00** Kalli kanína og félagar **11.10** Latibær *(4:18)* **11.35** Ævintýri Tinna **12.00** Svampur Sveinsson **12.20** Svampur Sveinsson **12.40** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.05** Áfram Diego, áfram! **13.25** Dóra könnuður **13.50** Dóra könnuður **14.15** Doddi litli og Eyrnastór **14.25** Lína langsokkur **14.50** Ævintýraferðin **15.00** Hello Kitty **15.10** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **15.30** Kalli kanína og félagar **15.35** Kalli kanína og félagar **15.45** Latibær *(4:18)* **16.10** Ævintýri Tinna **16.30** Svampur Sveinsson **16.55** Svampur Sveinsson **17.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.35** Áfram Diego, áfram! **18.00** Dóra könnuður **18.25** Dóra könnuður **18.50** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Ævintýraferðin **19.10** Hello Kitty **19.20** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **19.45** Kalli kanína og félagar **19.50** Kalli kanína og félagar

### GULL

**20.00 Viltu vinna milljón?**
**20.50 Pushing Daisies** *(10:13)*
**21.35 Men in Trees** *(1:19)* .
**22.20 Ørnen** *(24:24)*
**23.20 Lois and Clark** *(3:22)*
**00.10 Viltu vinna milljón?**
**01.00 Pushing Daisies** *(10:13)*
**01.40 Men in Trees** *(1:19)*
**02.25 Ørnen** *(24:24)*
**03.25 Lois and Clark** *(3:22)*
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### BÍÓ

**11.00 The Notebook**
**13.00 Nanny McPhee**
**14.35 The Descendants**
**16.30 The Notebook**
**18.30 Nanny McPhee**
**20.10 The Descendants**
**22.05 Any Given**
**00.35 The Double**
**02.15 Two Lovers**
**04.05 Any Given Sunday**

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Kioka**
**08.08 Með afa í vasanum** *(4:14)*
**08.18 Stella og Steinn** *(15:52)*
**08.30 Franklín og vinir hans** *(8:52)*
**08.57 Babar** *(10:26)*
**09.19 Kúlugúbbar** *(39:40)*
**09.51 Undraveröld Gúnda** *(6:18)*
**10.14 Chaplin** *(4:52)*
**10.20 Fum og fát** *(9:20)*
**10.25 Latibær**
**10.50 Hrúturinn Hreinn**
**11.00 Áhöfnin á Húna** *(6:9)*
**11.50 Útlendingur heima - uppgjör við eldgosið**
**13.00 Íslandsmótið í hestaíþróttum Bein útsending.**
**14.55 Tony Robinson í Ástralíu** *(4:6)*
**15.50 EM kvenna í fótbolta** *(Noregur-Holland)* **BEINT**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 EM kvenna í fótbolta** *(Ísland-Þýskaland)* **BEINT**
**20.20 EM-stofa**
**20.45 Paradís** *(2:8) (The Paradise)* Breskur myndaflokkur.
**21.40 Íslenskt bíósumar - Blóðbönd**
**23.10 Brúin** *(4:10)*
**00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**13.00 Íslandsmótið í hestaíþróttum 2013** Bein útsending frá Íslandsmótinu í hestaíþróttum sem fram fer í Borganesi.
**15.50 EM kvenna í knattpyrnu** *(Noregur-Holland)*
**17.50 Bronsið í Austurríki**
**18.20 EM kvenna í knattspyrnu** *(Ísland-Þýskaland)* **BEINT**
**20.20 EM-stofa** Umfjöllun um leik Íslands og Þýskalands á EM í knattspyrnu.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13:45 Dr. Phil**
**15:15 Last Comic Standing** *(3:10)*
**16.00 Parenthood** *(14:18)*
**16.50 How to be a Gentleman** *(9:9)*
**17.15 Royal Pains** *(10:16)*
**18.00 Common Law** *(9:12)*
**18.45 Blue Bloods** *(20:23)*
**19.35 Judging Amy** *(21:24)*
**20.20 Top Gear Australia** *(4:6)*
**21.10 Law & Order** *(12:18)*
**22.00 Leverage** *(7:16)*
**22.45 Lost Girl** *(16:22)*
**23.30 Nurse Jackie** *(3:10)*
**00.00 House of Lies** *(3:12)*
**00.30 The Mob Doctor** *(9:13)*
**01.15 Flashpoint** *(4:18)*
**02.05 Excused**
**02.30 Leverage** *(7:16)*
**03.15 Lost Girl** *(16:22)*
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.05** John Deere Classic **2013** *(3:4)* **10.35** The Open Championship Official Film **1993 11**.30 John Deere Classic **2013** *(3:4)* **16.00** The Open Championship Official Film **1995 17**.00 John Deere Classic **2013** *(4:4)* **22.00** The Open Championship Official Film **1987 23**.00 The Open Championship Official Film **1993 23**.55 ESPN America

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


CRIME SCENE DO NOT
CRIME SCENE DO NO
CROSSING LINES
Hópur þrautreyndra rannsóknarlögreglumanna ferðast um Evrópu og rannsakar dularfull sakamál
FYRSTI ÞÁTTUR
SUNNUDAGSKVÖLD KL. 22:05
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
2 HD

# DAGSKRÁ

## LAUGARDAGUR

### Stöð 2 kl. 21.35

### One For the Money



Katherine Heigl leikur aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni One For the Money sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Hún fjallar um unga, nýfráskilda konu sem missir vinnuna og þarf að finna sér rétta hillu í lífinu. Hún fær vinnu hjá frænda sínum sem eltist við fólk sem hefur komist í kast við lögin og ekki mætt í réttarsal. Fyrsta verkefnið er að finna gamlan kærasta sem er ekkert lamb að leika sér við.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### ÁSTA SVEINSDÓTTIR EINN EIGANDI ROADHOUSE OG SUZUSHI.



**EF ÉG ER HEIMA** á kvöldin er sjónvarpið yfirleitt í gangi. Ég er oft með tölvuna eða símann í fanginu að græja og gera. En ef sjónvarpsefnið er þess virði að horfa á eins og þessir þættir sem ég taldi hér upp þá reyni ég að gefa þeim alla athygli. Ég horfi mest á matreiðsluþætti og heimildarþætti/myndir.



1 **Game of Thrones** Það tók mig og manninn minn sex tilraunir að komast inn í fyrsta þáttinn á mjög löngu tímabili. Við sofnuðum alltaf um miðjan þátt. Loksins þegar við komumst inn í þetta varð ekki aftur snúið.



2 **Diners, Drive-ins and Dives** Ótrúlega skemmtilegir þættir með nett hallærislegum kynni um ameríska matreiðslu. Þessir þættir voru kveikjan að Roadhouse-ævintýrinu.



3 **Peep Show** Margverðlaunaður sitcom-þáttur með David Mitchell og Robert Webb í aðalhlutverki. Ég engist sundur og saman af vandræðalegheitum og hlátri.

### Bylgjan kl. 16.00

### Veistu hver ég var



Siggi Hlö stjórnar einum vinsælasta útvarpsþætti landsins. Aðalsmerki þáttarins er tónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Eitís.






## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Brunabílarnir**
**07.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Algjör Sveppi**
**09.45** **Scooby-Doo!**
**10.10** **Loonatics Unleashed**
**10.35** **Ozzy & Drix**
**11.00** **Mad**
**11.10** **Big Time Rush**
**11.35** **Young Justice**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**12.20** **Bold and the Beautiful**
**12.40** **Bold and the Beautiful**
**13.00** **Bold and the Beautiful**
**13.20** **Bold and the Beautiful**
**13.40** **Pönk í Reykjavík** *(3:4)*
**14.10** **Tossarnir**
**14.55** **The Big Bang Theory** *(6:24)*
**15.45** **How I Met Your Mother** *(1:24)*
**16.10** **ET Weekend**
**16.55** **Íslenski listinn**
**17.25** **Sjáðu**
**17.55** **Latibær**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag - helgarúrval**
**19.10** **Lottó**
**19.20** **The Neighbors** *(9:22)*
**19.40** **Wipeout**
**20.25** **Big Time Movie** Fjörug og skemmtileg bíómynd um unga hljómsveitarstráka sem ætla að leggja land undir fót og slá í gegn í London.
**21.35** **One For the Money** Katherine Heigl í rómantískri gamanmynd um fráskilda konu sem heldur út í lífið eftir að hafa misst vinnuna.
**23.10** **The Transporter** Spennandi hasarmynd um fyrrverandi sérsveitarmanninn Frank Martin. Hann tekur þó enn að sér stöku verkefni og hefur þá meginreglu að spyrja engra spurninga.
**00.40** **W Delta Z**
**02.20** **First Snow**
**04.00** **ET Weekend**
**04.45** **How I Met Your Mother** *(1:24)*
**05.10** **The Neighbors** *(9:22)*
**05.30** **Fréttir**

## POPP TÍVÍ

**19.00** **Friends** *(15:24)*
**19.25** **Two and a Half Men** *(8:24)*
**19.45** **Simpson-fjölskyldan** *(19:22)*
**20.10** **The O.C.** *(13:27)*
**20.55** **Hart of Dixie** *(11:22)*
**21.40** **Hart of Dixie** *(12:22)*
**22.25** **The Vampire Diaries** *(13:22)*
**23.10** **The Vampire Diaries** *(14:22)*
**23.55** **The O.C.** *(13:27)*
**00.40** **Hart of Dixie** *(11:22)*
**01.25** **Hart of Dixie** *(12:22)*
**02.10** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**17.00** Motoring. **17:30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring. **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Með **21.30** Móti **22.00** Árni Páll **22.30** Tölvur, tækni og kennsla **23.00** Veiðin og Bender **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## SPORT *besta sætið*

**09.30** **Stjarnan - FH**
**11.20** **2013 Augusta Masters**
**14.55** **Víkingur R - Breiðablik**
**16.45** **Borgunarmörkin 2013**
**17.30** **Sumarmótin 2013**
**18.15** **Leikmaðurinn: Sigurður Jónsson**
**19.00** **Spænski boltinn: Rayo - Barcelona**
**20.40** **Spænski boltinn: Real Madrid - Zaragoza**
**22.20** **Box: Dawson - Stevenson**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.55** **Thai XI - Man. Utd.**
**15.00** **Aston Villa - Tottenham**
**16.40** **Preston - Liverpool**
**18.20** **Thai XI - Man. Utd.**
**20.00** **Leikmaðurinn: Gylfi Sigurðsson** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um enska stórliðin.
**20.30** **Bogi Ágústsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn enska stórliðanna.
**21.00** **Manstu**
**21.45** **Preston - Liverpool**
**23.25** **Thai XI - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00** Latibær **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Dóra könnuður **09.40** Dóra könnuður **10.05** Doddi litli og Eyrnastór **10.15** Ævintýraferðin **10.25** Hello Kitty **10.35** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **11.00** Kalli kanína og félagar **11.05** Kalli kanína og félagar **11.15** Latibær **11.40** Ævintýri Tinna **12.05** Svampur Sveinsson **12.30** Svampur Sveinsson **12.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.10** Áfram Diego, áfram! **13.30** Dóra könnuður **13.55** Dóra könnuður **14.20** Doddi litli og Eyrnastór **14.30** Lína langsokkur **14.55** Ævintýraferðin **15.05** Hello Kitty **15.15** Kalli kanína og félagar **15.20** Kalli kanína og félagar **15.30** Latibær **15.55** Ævintýri Tinna **16.15** Svampur Sveinsson **16.40** Svampur Sveinsson **17.00** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **17.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Áfram Diego, áfram! **18.05** Dóra könnuður **18.30** Dóra könnuður **18.55** Doddi litli og Eyrnastór **19.05** Ævintýraferðin **19.15** Hello Kitty **19.25** Kalli kanína og félagar **19.30** Kalli kanína og félagar **19.40** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga

## GULL

**20.00** **Evrópski draumurinn** *(6:6)*
**20.35** **Réttur** *(3:6)*
**21.20** **X-Factor** *(16:20)*
**22.30** **Fringe** *(4:20)*
**23.20** **Evrópski draumurinn** *(6:6)*
**23.55** **Réttur** *(3:6)*
**00.40** **X-Factor** *(16:20)*
**01.50** **Fringe** *(4:20)*
**02.40** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**10.30** **Benny and Joon**
**12.05** **The River Wild**
**13.55** **Spy Next Door**
**15.30** **Stand By Me**
**17.00** **Benny and Joon**
**18.40** **The River Wild**
**20.30** **Stand By Me**
**22.00** **Erin Brockovich**
**00.10** **Spy Next Door**
**01.45** **Cinema Verite**
**03.15** **The Goods. Live Hard, Sell Hard**
**04.45** **Erin Brockovich**

## RÚV

**08.00** **Morgunstundin okkar**
**08.01** **Tillý og vinir** *(29:52)*
**08.12** **Háværa ljónið Urri** *(4:52)*
**08.23** **Sebbi** *(16:52)*
**08.34** **Úmísúmí** *(17:20)*
**08.57** **Litli Prinsinn** *(10:27)*
**09.20** **Grettir** *(38:52)*
**09.31** **Nína Pataló** *(31:39)*
**09.38** **Kung Fu Panda - Goðsagnir frábærleikans** *(13:26)*
**10.01** **Skúli skelfir** *(15:26)*
**10.15** **Grettir** *(3:52)*
**10.30** **360 gráður** *(7:30)*
**10.55** **Með okkar augum** *(2:6)*
**11.25** **Áhöfnin á Húna** *(5:9)*
**11.50** **Viðtalið - Ban Ki-moon**
**12.20** **Brasilía með Michael Palin – Amazonsvæðið** *(2:4)*
**13.15** **Langflug kríunnar** *(Havternens fantastiske rejse)*
**13.30** **Gulli byggir - Í Undirheimum** *(2:8)*
**14.00** **Skólahreysti** *(6:6)*
**15.50** **EM kvenna í fótbolta** *(Ítalía-Danmörk)* **BEINT**
**17.50** **Á meðan ég man** *(5:8)*
**18.17** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Stelpurnar okkar 2013** *(2:2)*
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Shrek: Sæll alla daga** *(Shrek Forever After)* Bandarísk teiknimynd frá 2010. Myndin er talsett á íslensku en verður sýnd samtímis á rásinni RÚV Íþróttir með ensku tali og íslenskum texta.
**21.15** **Ættarsetrið** *(Brideshead Revisited)* Bresk bíómynd frá 2008
**23.30** **Hamilton njósnari** *(Agent Hamilton: I nationens interesse)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. *(e)*
**01.15** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**15.50** EM kvenna í knattspyrnu *(Ítalía-Danmörk)* **17.50** EM kvenna í knattspyrnu *(Ísland-Noregur)* *(e)* **19.40** Shrek: Sæll alla daga *(Shrek Forever After)* Myndin er með ensku tali og íslenskum texta en er sýnd samtímis á aðalrásinni talsett á íslensku. **21.15** EM kvenna í knattspyrnu *(Ítalía-Danmörk)* *(e)*

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.50** **Dr. Phil**
**14.35** **Dr. Phil**
**15.20** **Judging Amy** *(20:24)*
**16.05** **Psych** *(9:16)*
**16.50** **The Office** *(14:24)*
**17.15** **The Ricky Gervais Show** *(12:13)*
**17.40** **Family Guy** *(12:22)*
**18.05** **Britain's Next Top Model** *(5:13)*
**18.55** **The Biggest Loser** *(3:19)*
**20.25** **Last Comic Standing** *(3:10)*
**21.10** **Beauty and the Beast** *(22:22)*
**21.55** **A View To A Kill** Ein þekktasta Bond kvikmyndin. Njósnari hennar hátignar er sendur til Síberíu til að hafa upp á tölvukubb sem fyrirrennari hans hafði stolið af sovésku leyniþjónustunni.
**00.10** **NYC 22** *(5:13)*
**01.00** **Upstairs Downstairs** *(2:3)*
**01.50** **Excused**
**02.15** **Beauty and the Beast** *(22:22)*
**03.00** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.35** John Deere Classic 2013 *(2:4)* **09.35** The Open Championship Official Film 1977 **10.30** Inside the PGA Tour *(28:47)* **10.55** John Deere Classic 2013 *(2:4)* **13.55** Ryder Cup Official Film 2004 **15.10** The Open Championship Official Film 1978 **16.05** The Open Championship Official Film 1979 **17.00** John Deere Classic *(2013)* *(3:4)* **22.00** The Open Championship Official Film 1988 **23.00** The Open Championship Official Film 1992 **23.55** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


66°
NORÐUR
Sumarlægðirnar
eru engin afsökun.
Kári er vatnsheldur og fisléttur jakki með hettu, sérhannaður fyrir alla hreyfingu. Hann er límdur á öllum saumum, andar og honum má pakka í brjóstvasann. Endurskinsrendur auka öryggið í skammdeginu.
Kári er til í takmörkuðu magni og kostar 19.900,-
magazine.66north.is

## BRYNJAR MÁR Á VON Á STÚLKU

**Brynjar Már Valdimarsson** tónlistarmaður á von á sínu fyrsta barni með Önnu Christine Aclipen en þau giftu sig fyrir stuttu. Brynjar birti sónarmynd á Facebook-síðu sinni og gaf upp kyn barnsins sem mun vera stúlka. Það vakti athygli að hjónakornin eru þegar búin að nefna barnið sem nú er 17 vikna, en hún heitir Bryanna Heaven Aclipen. Fyrra nafnið er samsett úr nöfnum þeirra hjóna.

- mmm





„Sem leikari, er það ekkert mál að finna 400 manns sem finnst þú vera heimskur, feitur og ljótur.“

LEIKKONAN **AMY POEHLER** ÞYKIR EIN SKEMMTILEGASTA LEIKKONAN Í HOLLYWOOD UM ÞESSAR MUNDIR. HÚN GERÐI GARÐINN FRÆGAN Í SATURDAY NIGHT LIVE EN LEIKUR NÚ AÐALHLUTVERKIÐ Í HINUM BRÁÐSKEMMTILEGU ÞÁTTUM PARKS AND RECREATION.

## ÆSISPENNANDI VIÐUREIGN

Í dag takast á grínistinn Rökkvi Vésteinsson og **Geir Ólafsson** söngvari, ekki í söng eða gríni heldur í glímu. Bardaginn fer fram í Mjölni og er talsverður skjálfti í herbúðum kappanna. Rökkvi er hærri og þyngri en Geir sem á móti er harður í horn að taka og snaggaralegur. Veðja má á sigurvegarann hjá veðmálafyrirtækinu Betsson og sé litið til stuðla búast veðmálasérfræðingarnir við æsispennandi viðureign; líkur eru metnar jafnar. Báðir eru þeir með veðstuðulinn 1.90.

-jbg



## LISTAHÁTÍÐIN LUNGA

Listahátíðin LungA fer fram dagana 14.-21. júlí á Seyðisfirði. Um er að ræða hátíð þar sem sköpun, listum og menningu er fagnað með námskeiðum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum, en henni lýkur með sýningum og tónleikum. Ýmsir metnaðarfullir fatahönnuðir halda hönnunarsýningu föstudaginn 18. júlí kl. 22 í Norðursíld, en þar ber að nefna Öglu Stefánsdóttur, Björgu Skarphéðinsdóttur, Elísabetu Karlsdóttur, Lærke Koldskov og Ziska sem **Harpa Einarsdóttir** stendur á bak við.

- mmm






TIL SÖLU

**Til sölu tvær lausar kennslustofur ásamt tengibyggingu.**

Húsin standa við Smáraskóla, Dalsmára 1 Kópavogi.
Kaupandi sér um og kostar flutning á stofunum.
Húsin eru samtals 233m2. (Utanmál á stofunum er ca. 17,6x 6,25m).
Nánari upplýsingar veitir eignadeild Kópavogsbæjar sími 5701500

Kauptilboðum skal skila í þjónustuver Kópavogsbæjar Fannborg 2 eða á netfang eignadeild@kopavogur.is fyrir 31. Júlí 2013.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.


# Þingkona Bjartrar framtíðar gæsuð

Björt Ólafsdóttir hélt hún væri á leið í útvarpsviðtal en endaði í eigin gæsaveislu.

„Þetta byrjaði þannig að ég fékk símtal frá Helga Seljan eitt kvöldið þegar ég var á þinginu þar sem hann bað mig um að koma í Vikulokin. Eftir á að hyggja sé ég alveg skítaglottið á honum í anda,“ segir þingkona Bjartrar framtíðar, Björt Ólafsdóttir, sem var gæsuð af vinkonum sínum um síðustu helgi. Björt mun ganga að eiga unnusta sinn Birgi Viðarson síðar í sumar en þau hafa verið par í tíu ár og eiga saman einn son.

Björt segir að vegna anna á þinginu hafi hún ekki haft ráðrúm til að gruna einhvern um græsku vegna komandi brúðkaups og því gleypt við bláköldum lygum Helga Seljan sem hafði verið fenginn til að hringja í Björt og ginna hana upp í Útvarpshús þar sem vinkonur hennar ætluðu að koma henni á óvart. „Ég reyndar spurði hann hvort hann væri byrjaður að sjá um Vikulokin og hvort þau væru vanalega tekin upp á laugardagsmorgnum. Hann sagðist vera í afleysingum og að það væri búið að breyta upptökutímanum á þættinum. Þannig að ég bara samþykkti að mæta.“

Björt segist hafa verið frekar þreytt og illa fyrirkölluð morguninn sem útvarpsviðtalið átti að eiga sér stað og aldrei þessu vant mætt of seint. „Það var búið að vera brjálað að gera á þinginu fram á nótt og ég var ekkert að nenna að setja mig í þennan pólitíkusa-gír. En ég komst ekki lengra en í anddyrið þar sem vinkonur mínar tóku á móti mér, bíðandi með kampavín.“

Björt varð að eigin sögn mjög hissa yfir móttökunum. „Þetta kom algjörlega á óvart og var mjög skemmtilegt. Við byrjuðum á að drekka kampavín uppi á RÚV og spjalla og hlæja. Síðan tók eiginlega við eitt dekrið á eftir öðru ásamt öðrum skemmtilegum uppákomum. Vinkonur mínar sögðu mér að vinnuheitið á gæsaplaninu hafi verið „drepum hana með dekri“, og það stóð fyllilega undir nafni,“ segir Björt hlæjandi.

Dagskráin endaði síðan í matarboði heima hjá einni vinkonu Bjartar þar sem Heiðar snyrtir kom og lagði þeim lífreglurnar í hinum ýmsu málum. „Það var mikið hlegið, faðmast og kysst. Það var svo dýrmætt að eiga þennan dag saman og það hefði ekki þurft að hafa neina sérstaka dagskrá. Bara að fá að eyða deginum með mínum yndislegu vinkonum er nóg fyrir mig.“

hannarut@365.is



**SÆL GÆS** Björt Ólafsdóttir gengur í það heilaga síðar í sumar og var af því tilefni gæsuð af vinkonum sínum síðastliðna helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

➜ Björt Ólafsdóttir er fædd árið 1983 og er 1. þingmaður Reykjavík norður. Hún er með BA í sálfræði frá HÍ og M.Sc. í mannauðsstjórnun frá háskólanum í Lund í Svíþjóð..


BIRTING LÝSINGAR

**Útgefandi: KLS, fagfjárfestasjóður, kennitala 700113-9810, Borgartúni 19, 105 Reykjavík**

KLS, fagfjárfestasjóður, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 12. júlí 2013 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af KLS sem er fagfjárfestasjóður rekinn af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 5.700.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er KLS 13 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000022788. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um KLS og skuldabréfaflokkinn KLS 13 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

Reykjavík, 12. júlí 2013

Stjórn Stefnis hf.

STEFNIR Arion banki


# Tónlist og innsýn í líf sjómannsins

Bubbi Morthens snýr aftur á skjáinn í haust með þáttinn Beint frá messa

„Þetta eru fyrst og fremst skemmtiþættir en um leið viljum við sýna að á bak við hvern einasta fisk sem er veiddur er hold og blóð,“ segir Bubbi Morthens, sem vinnur nú að gerð nýrrar sjónvarpsþáttaraðar sem hefur fengið nafnið Beint frá messa. Að sögn Bubba eru þættirnir byggðir upp á svipaðan hátt og þættirnir Beint frá býli, sem sýndir voru á Stöð 2 síðastliðinn vetur.

Beint frá messa gengur út á að taka hljómsveitir og tónlistarmenn út úr sínu eðlilega umhverfi, en flutningurinn fer fram í messa, sem er annað orð yfir borðsal í togara. „Við vorum á Reyðarfirði í gær, þar sem Stuðmenn spiluðu fyrir fjölskyldu og áhöfn á einum af okkar stóru togurum, Aðalsteini Jónssyni. Þetta var alveg æðislegt,“ segir Bubbi og bætir við að mikil þörf sé á að sýna þjóðinni aðra hlið á sjómennskunni en komi iðulega fram í fjölmiðlum. „Það eina sem við heyrum er áróður um að kvótagreifar séu glæpamenn og moki milljörðum í vasann en á endanum snýst þetta allt um fólkið í landinu.“

Þættirnir, sem verða fimm talsins, verða á dagskrá Stöðvar 2 í haust.

- hó



**Í STUÐI** Stuðmenn eru ein þeirra hljómsveita sem koma fram í þáttaröð Bubba Morthens.


habitat
30% AF ÖLLUM LJÓSUM OG SKERMUM
40% AF ALLRI SUMARVÖRU
40% AF ÖLLUM HANDKLÆÐUM
BLANCHE sólstóll
47.400 kr.
BLANCHE hliðarborð
11.700 kr.
CONCRETE blómapottar
lítill- 4.680 kr.
stór - 5.880 kr.
BLANCHE línan:
borð- 87.000 kr.
klappstóll - 11.700 kr.
BALE
hringborð -29.400 kr.
kollar - 17.400 kr.
(2 stk. saman)
40% AF CONCRETE BLÓMAPOTTUM
ÚTSALA!
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
BONAFICIO
járn og rattan
stóll 18.900 kr.
skemill 9.900 kr.
50% AF BONAFICIO STÓLNUM
20% AF ETHNICRAFT SÓFUM
ETHNICRAFT sofar:
3ja sæta 158.400 kr.
2ja sæta 127.400 kr.
stóll 78.400 kr.
litir: grænn og ljós
SECO stóll
járn og rattan
57.000 kr.
35% AF HOPPER TUNGUSÓFI
HOPPER-tungusófi
191.750 kr.
30% AF OAK LIGNA HÚSGÖGNUM FRÁ ETHNICRAFT
OAK LIGNA
skenkur
181.300 kr.
OAK LIGNA sofaborð (130x80cm) - 150.500 kr.
TEKK COMPANY
Gerum hús að heimili
TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mán. til lau. kl. 11-18 og sun. kl. 13-18.
Vefverslun á www.tekk.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## NÆRMYND



## Sigurður Ragnar Eyjólfsson

**Þjálfari landsliðs kvenna í knattspyrnu**

**ALDUR** 39 ára
**EIGINKONA** Íris Björk Eysteinsdóttir
**DÓTTIR** Embla

Kvennalandsliðið keppir nú á EM í Svíþjóð undir stjórn Sigurðar Ragnars.

„Siggi er mjög klár og trúr sinni sannfæringu. Sífellt að leita að nýjum aðferðum til að bæta sig sem þjálfari og manneskja. Mjög traustur og góður maður. Hann getur hins vegar verið mjög utan við sig og gleymt sér í eigin tíma og rúmi. Hann vinnur mikið og er mikill fjölskyldumaður og ég veit að hann vildi oft á tíðum eiga meiri tíma til að sinna fjölskyldunni.“



***Dagur Sveinn Dagbjartsson*** *samstarfsmaður*

„Hann er mikill fjölskyldumaður. Það er alltaf gott að leita til hans. Hann er fylginn sér, getur tekið erfiðar ákvarðanir og staðið við þær. Hann hefur gaman af að fíflast, er skemmtilegur og nær ofsalega vel til krakka. Hann hefur gaman af því að spila en er ofboðslega tapsár, ég hef aldrei þekkt neinn sem tekur tapi eins illa.“



***Gyða Eyjólfsdóttir*** *systir*

„Hann er hrikalega stríðinn. Ég gæti sagt margar sögur af því en þær eru tæpast prenthæfar. Á hinn bóginn hef ég aldrei kynnst rólegri manni, það varla rennur í honum blóðið. Þar að auki er hann tillitssamur og mjög fyndinn. Stundum finnst mér reyndar eins og hann búi á annarri plánetu, og fólk heldur stundum að hann viti ekki hvað hann er að gera, en öll hans óreiða er mjög skipulögð þegar betur er að gáð.“



***Gunnar Einarsson,*** *besti vinur*





